

SKJÖLDUR EYFJÖRD
Poppstjörnur
þurfa aukavinnu
Tíska Heimili Heiða
allt í MIDJU BLADSINS



SVERRIR BERGMANN
Sjöttu lög á lager fyrir
væntanlega sólóplötu
Söngvarinn kemur fram í fyrsta skipti í þrjú ár
FÓLK 54



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. maí 2007 – 126. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Hljóp 197 kílómetra

Gunnlaugur A. Júlíusson
hljóp 197 kílómetra
á 24 klukkutímum á
Borgundarhólmi um
síðustu helgi.

TILVERA 18



Atkvæði í afmælisgjöf

Sveinn Rúnar
Hauksson læknir
er sextugur í dag.
Hann vill fá nýja
ríkisstjórn í afmælis-
gjöf.

TÍMAMÓT 42

Er ekki komið nóg?

Porvaldur Gylfason telur tíma
kominn á nýja ríkisstjórn eftir
áttatíu ára setu framsóknar- og
sjálfstæðismanna.

í DAG 34


Frjáls eins og fuglinn

Efnilegasti knattspyrnu-
maður landsins, Kol-
beinn Sigþórsson, er
samningslaus og getur
leikið með hvaða
liði sem er í sumar.
Ekki er víst að hann
leiki með HK.

ÍPRÓTTIR 58



VEÐRIÐ Í DAG



YFIRLEITT ÞURRT Í dag verður
hæg norðlæg eða breytileg átt en
þó 5-10 m/s norðvestan til. Bjart
með köflum norðan til og á Vest-
fjörðum annars skýjað og yfirleitt
þurrt. Hiti 0-9 stig, mildast syðra.

VEÐUR 4

FELUM STÓRIÐJUSTEFNUNA



ÍSLANDSHREYFINGIN
lífandi land

Sprenging í fæðingum í sumar

Búist er við tuttugu prósent fleiri fæðingum á Landspítalanum í sumar en í fyrra. Margrét Hallgrímsson sviðsstjóri nefnir góðæri og erlent vinnuafli sem skýringar á barnasprengrunni sem springur í sumar.

LÝBFRÆÐI Fæðingar á Landspítalanum verða um fimmtungi fleiri í sumar en í fyrrasumar samkvæmt áætlunum spítalans.

Á sögn Margrétar I. Hallgrímsson, sviðsstjóra hjúkrunar á kvennasviði Landspítalans, sýna tölur um konur sem fóru í sónar eftir níttján vikna meðgöngu að fæðingar verði alls 976 í júní, júlí og ágúst. Í fyrra sýndu sömu gögn að fæðingar yrðu 807 í þessum mánuðum. Þær urðu síðan í raun nokkuð fleiri, eða 843.

„Það hefur alltaf sýnt sig að góðærið kallar á fleiri fæðingar. En við eigum síðan eftir að greina hvort þetta er aukning á erlendu vinnuafli sem kemur hingað og sest hér að og eignast börn. Við erum þegar farin að sjá það,“

segir Margrét spurð um skýringar á þessari miklu fjölgun fæðinga sem væntanleg er.

Að sögn Margrétar er von á 319 fæðingum í júní, 317 fæðingum í júlí og 340 fæðingum í ágúst. Samtals eru þetta 976 fæðingar og að meðaltali 325 fæðingar á hvern sumarmánaðanna. Sams konar spá fyrir sumarið í fyrra hljóðaði upp á 269 fæðingar á hvern mánuð að meðaltali.

Margrét bendir á að það sem af er þessu ári hafi fæðingar í allt aðeins verið um tuttugu fleiri á Landspítalanum en á sama tíma í fyrra. Þannig voru fæðingar fyrstu fjóra mánuði ársins aðeins 235 að meðaltali á hvern mánuð, eða 100 færri á mánuði en von er á í sumar.

„Þetta hefur verið mjög viðráðanlegt það

sem af er árinu en það verður mjög mikið að gera í sumar,“ segir Margrét en ítrekar að þrátt fyrir fyrirsjáanlegt annríki sé ekkert að óttast.

Anna Stefánsdóttir hjúkrunarforstjóri segir að sjúkrahúsið muni bregðast við vandanum sem fylgir aukningunni.

„Allir sem vettlingi geta valdið, allar ljósmæður, sem hægt verður að ná í og aðrir munu leggja hönd á plóg. Þá munu stjórnendur og sviðsstjórar starfa við meiri klíniska vinnu heldur en ella. Þannig munu hjúkrunar-menntaðir stjórnendur klæða sig í búninginn og taka til hendinni við hjúkrunarstörf í sumar,“ segir hjúkrunarforstjórinn.

- gar / - jss



LISTAHÁTÍÐ HEFST Rísi gengur laus í Reykjavík og skilur eftir sig slóð eyðileggingar í bílafloða borgarbúa. Þessi bíll er einn þeirra sem risinn kemur höndunum yfir áður en dóttir hans, risessan, nær að lokka hann á braut. Listahátíðin í Reykjavík er sett í dag.

Undankeppni Eurovision fer fram í Finlandia-höllinni í Helsinki í kvöld:

Helmingslíkur segir Eiríkur Hauksson

SÖNGVAKEPPNI „Líkurnar á því að við komumst áfram úr undankeppninni eru fifty-fifty,“ segir Eiríkur Hauksson um möguleika Íslands á að komast upp úr undankeppni Eurovision í kvöld. „Ég vil nú bara vera hógvær í tengslum við þetta, þó maður voni auðvitað það besta,“ sagði Eiríkur eftir aðalæfingu undankeppninnar sem haldin var í gær og tókst vel. Í veðbönkum er ekki gert ráð fyrir góðu gengi íslenska lagsins en á vefsíðunni eurovision-torrents.com kveður við annan tón. Þar er Íslandi spáð einu af tíu efstu sætunum. Á síðunni geta



gestir hlýtt á framlag þátttökulandanna og gefið lögnum einkunn. Spádómshæfileikar notanda síðunnar koma svo í ljós í kvöld þegar undankeppnin fer fram.

Hún hefst klukkan sjö í kvöld og er í beinni útsendingu Ríkissjónvarpsins. Eiríkur er fimmti á svið af 28 keppendum. Tíu lög komast áfram í úrslitakeppnina á laugardag.

- kdk / sjá síður 54 og 66

EIRÍKUR HAUKSSON
Söng með tilþrifum á aðalæfingu í gær.
NORDICPHOTOS/AFP

Menningarveisla í Reykjavík: Listahátíðin hefst í dag

MENNING Listahátíð í Reykjavík verður sett í dag. Um leið og hátíðin verður sett í Listasafni Íslands opnar þar sýningin COBRA Reykjavík þar sem sýnd verða verk listamanna sem tilheyrðu hinum alþjóðlega COBRA-hópi.

Bein útsending verður frá setningarathöfninni í Sjónvarpinu klukkan 17.45.

Klukkan átta í kvöld verður frumsýning um borð í varðskpinu Óðni á verkinu Gyðjan í vélinni. Er það Vatnadamsmeyjafélagið Hrafnhildur sem leiðir sýninguna. Í fyrramálið hefst sýning franska götuleikhússins Royal de Luxe um risann sem vaknar til lífsins í miðbæ Reykjavíkur og risessuna, dóttur hans, sem reynir að róa hann niður.

Þórunn Sigurðardóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar, segir hana verða stórstjórnuhátíð með verkum í hæsta gæðaflokki. „Listirnar gera meira en að lifga upp á hvunndaginn. Þær skapa raunveruleg lífsgæði, auka skilning og mannúð,“ segir Þórunn í ávarpi til listahátíðargesta.

Listahátíð í Reykjavík stendur til 26. maí. - gar / sjá síðu 46



Opið til 21 í kvöld

Kringlan

BEITUM SKYNSAMLEGU AÐHALDI
Í INNFLUTNINGI Á VINNUAFLI
VERJUM LAUNAKJÖRIN

www.xf.is

XF
Frjálslyndi flokkurinn

SPURNING DAGSINS



Ögmundur, þurfa þingmenn ekki líka nýtt launaþak?

„Eigum við ekki frekar að hafa það líffeyrisþak.“

Unnið er að endurbótum á þaki Alþingishússins og verður meðal annars skipt um þakskífur. Ögmundur Jónasson er alþingismaður.

Björgólfur um miðbæjarbruna: Verndun hindri ekki framþróun

MIÐBORGIN „Vart var sólarhringur liðinn þegar stjórnálmenn allra flokka, sem ekki áttu húseignirnar, höfðu opinberlega lýst því yfir að þeir teldu mikilvægt að viðhalda götumynd og endurbyggja húsinn á sama stað í upprunalegri mynd,“ sagði Björgólfur Guðmundsson í Landsbankanum á þingi um uppbyggingu eftir brunann í Austurstræti. „Í sjálfu sér er þetta falleg hugsun og viðbrögðin skiljanleg,“ bætti Björgólfur við. Hann kvað verndun menningarverðmæta mikilvæga en að þau viðhorf mættu „ekki hindra eðlilega framþróun borga“. Vilhjálmur Vilhjálmsson borgarstjóri sagðist ekki hafa breytt um skoðun varðandi endurgerð götumyndarinnar.



BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON

Dregur til tífunda í Bretlandi: Blair segir líklega af sér í dag

BRETLAND Búið er við að Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, muni á hádegi í dag segja af sér sem formaður Verkamannaflokksins. Líklega gegnir hann áfram embætti forsætisráðherra þangað til í lok júní eða byrjun júlí.

Skrifstofa Blairs staðfesti í gær að hann muni greina frá áformum sínum í dag. Gordon Brown fjármálaráðherra þykir líklegastur arftaki hans.

Á morgun heldur Blair til Frakklands til að óska Nicolas Sarkozy til hamingju með sigurinn í forsetakjöri um síðustu helgi.

Tíundu bekkingar þreyttu síðasta samræmda prófið í gær:

Skemmta sér eftir prófin

MENNTAMÁL Samræmdu prófunum í 10. bekk lauk í gær. Tæplega 4.500 nemendur eru skráðir í 10. bekk og flestir þeirra þreyttu einhver samræmd próf. Fjölmennasta prófið var í íslensku en rúmlega 4.200 nemendur voru skráðir í það.

Það eru mikil tímamót að ljúka grunnskólagöngu og því venja að unglingar geri sér dagamun við lok samræmdu prófanna. Undanfarin ár hefur dregið verulega úr unglíngadrykkju á þessum tímamótum og nú er í flestum skólum boðið upp á skipulagðar skemmtanir á borð við óvissuferðir.

Marta Kristín Hreiðarsdóttir, félagsfræðingur og talsmaður SAMAN-hópsins, sem hefur barist ötullega að forvörnum, segir að það sé mikilvægt að boðið sé upp á jákvæðar og heilbrigðar skemmtanir fyrir unglíngana á þessum tímamótum.

„Skilaboð okkar beinast að mestu til foreldra og eru þess efnis að eyða tíma með börnunum sínum,



Á LEIÐ Í FERDALAG Þessi hressu ungmenni úr Árbæjarskóla voru á leið í skólaferðalag á Snæfellsnes. Skapast hefur löng hefð fyrir slíkum ferðum í skólanum.

virða útivistartíma og leyfa ekki eftirlitslaus partí,“ segir Marta.

- þo

Kannanir sjónvarpsstöðvanna:

Mikill munur á Framsóknarfylgi

KÖNNUN Mikill munur er á fylgi Framsóknarflokksins í tveimur skoðanakönnunum sem birtar voru í gær. Í könnun Capacent Gallup mælist flokkurinn með 14,6 prósent, og eykur fylgi sitt um tæp fimm prósentustig frá því í könnun Capacent daginn áður. Í könnun Félagsvísindastofnunar mælist flokkurinn hins vegar einungis með 8,6 prósentu fylgi.

Sjálfstæðisflokkur fær 38 prósent, Samfylkingin 29 og Vinstri græn 16,2 hjá Félagsvísindastofnun en hjá Capacent fær Sjálfstæðisflokkur 36 prósent, Samfylkingin 25 og Vinstri græn 14,5 prósent.

- sh

Rúmenarnir gátu ekki framfleytt sér

Til að dveljast á Íslandi hefðu Rúmenarnir, sem var hjálpað úr landi, þurft 4.000 krónur fyrir hvern dag. Frávísunarheimildum mun oft vera beitt. Lögreglan hefði skoðað að beita þessum heimildum hefði fólkið ekki farið sjálfviljigt.

LÖGREGLUMÁL Lágmarksframfærslueyrir útlendinga á Schengen-svæðinu er talinn tvö þúsund krónur á dag, hafi þeir frítt húskaskjól. Að öðrum kosti er lágmarkið fjögur þúsund krónur. Þessi skilyrði eiga einnig við um EES-borgara, segir Hildur Dungal, forstjóri Útlendingastofnunar.

Frávísunarheimildir er að finna í 18. grein útlendingalaga. Samkvæmt þeim má stöðva för útlendinga til landsins, til dæmis á Keflavíkurflugvelli, geti aðkomufólk ekki sýnt fram á lágmarksframfærslugetu og fjárráð til að fara heim aftur. Hildur telur að heimildinni sé beitt „töluvert oft“.

Minna eftirlit er á flugvælinum þegar fólk kemur frá Schengen-svæðinu, eins og í tilfelli Rúmenanna. Því hefur lögregla svigrúm til að beita heimildunum í sjö daga eftir komu fólks inn í landið. Útlendingastofnun getur síðan ákvarðað að vísa fólki úr landi, samkvæmt sömu heimildum, innan nú mánaða frá komu.

Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri hafnar gagnrýni Norðmanna á það hvernig var að máli Rúmenanna staðið. Í fréttum RÚV kom fram að Norðmenn teldu íslensk lögregluþyriföld ekki geta sent Rúmenana til Noregs, nær hefði verið að senda þá til Rúmeníu. „Við erum ekki að senda einn eða neinn. Við erum bara að hjálpa þeim að komast til baka, af því að þau óskuðu eftir því,“ segir hann.

Lögreglan hafi því ekki gert neitt sem Útlendingastofnun Norðmanna geti kvartað undan. „Það er enginn formlegur gjörn-



VASI GHEORGHE Þessi rúmenski harmonikuleikari skemmti viðskiptavinum Kjörgarðs við Laugaveg í vetur. Myndin tengist annars ekki fréttinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

ingur af hendi lögreglu né Útlendingastofnunar,“ segir Hörður.

Lögreglan hefði afskipti af Rúmenunum vegna þess að þeir voru „í reidileysi“ og ekki með atvinnuleyfi.

„Vendipunkturinn var um helgina þegar þetta lá allt sofandi niðri í bæ. Það kom í ljós að þau voru hér til að vinna en ekki með atvinnuleyfi og höfðu ekki sótt um það. Þau

áttu ekki pening til að framfleyta sér. Þegar þeim var gert ljóst að þau gætu ekki verið hér á götunum og til væri heimild til að vísa þeim úr landi, óskuðu þau eftir aðstoð okkar til að komast úr landi.“

Hefðu Rúmenarnir hins vegar kosið að dveljast hér áfram, „þá hefði komið til skoðunar að beita einhverjum heimildum,“ segir Hörður.

klemens@frettabladid.is

Lucia að störfum fyrir Framsókn á Laugavegi í gær:

Gaf vegfarendum græna frostpinna

STJÓRNMÁL „Hún er búin að fá of mikla neikvæða umfjöllun,“ sagði Fanný Guðbjörg Jónsdóttir, kosningastjóri ungra framsóknarmanna, um Lucíu Celeste Molina Sierra.

Lucía, sem er tengdadóttir Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra, dreifði grænum frostpinnum til vegfarenda í boði Framsóknarflokksins á Laugaveginum. Þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði neitaði hún að vera á mynd og hljóp hún inn á kosningaskrifstofu



LUCIA CELESTE Vildi ekki láta mynda sig að störfum fyrir Framsóknarflokkinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ungliða flokksins sem þar stendur. „Það er búið að vera mikið álag á henni undanfarið. Lucía er vinkona okkar og hún er hér einfaldlega til að hjálpa vinum sínum. Þetta er engin frétt,“ sagði Fanný kosningastjóri eftir að hafa rætt málið við Lucíu sem hélt sig inni á skrifstofunni og aftók að láta mynda sig og veita viðtal um sjálfboðastarf sitt fyrir Framsóknarflokkinn. Stuttu seinna var hún farin af kosningaskrifstofunni.

- gar



LITLA-HRAUN Kosningaþátttaka meðal fanga var um 65 prósent.

Kosning utan kjörfundar: 42 af 65 kusu á Litla-Hrauni

KOSNINGAR Fjórútiú og tveir fangar á Litla-Hrauni nýttu kosningarétt sinn í utankjörfundaratkvæðagreiðslu á þriðjudag.

Fulltrúar sýslumanns efndu til kjörfundar og var kjörklefa komið upp í skólastofu í fangelsinu.

77 afplána refsíðóm á Litla-Hrauni, þar af 12 útlendingar. Af þeim 65 sem höfðu kosningarétt nýttu hann 42. Það er um 65 prósentu þátttaka.

Að sögn fangavárðar fór lítið fyrir pólitískri umræðu í fangelsinu í aðdraganda kosninganna.

- bps

Stórtónleikar blásnir af: Hætt við Live Earth á Íslandi

TÓNLEIKAR Aðstandendur Live Earth-tónleikanna, hafa dregið til baka tilboð um að tónleikar verði haldnir í Reykjavík vegna þess að ríkisstjórn Íslands sýndi viðburðinum ekki nægan áhuga, auk þess sem staðan á tæknilegum undirbúningi þótti ekki viðunandi.

Kári Sturluson, sem annaðist skipulag hér á landi, segir skipuleggjendur hafa runnið út á tíma. Hann vill ekki kenna áhugaleysi ríkisins alfarið um niðurstöðuna. „En það er ljóst að ef fulltrúar ríkisstjórnarinnar hefðu sýnt þessu verkefni raunverulegan áhuga frá upphafi þá hefði staðan getað verið allt öðruvísi.“

- sh

Frumvarp frá Vinstri grænum: Hemja ráðherra fyrir kosningar

STJÓRNMÁL Þingflokkur Vinstri græna vill láta leiða í lög að

ráðherrar geti ekki ráðstafað fé úr ríkissjóði í þrjá mánuði fyrir kosningar.

„Frá og með því að 90 dagar eru til reglu-legra alþingiskosninga eða

jafn langur eða skemmri tími er Sjálfstæðisflokkurinn til kosninga sem boðað hefur verið til aukalega er ráðherrum óheimil að gera samninga eða binda með neinum öðrum hætti ríkissjóð þannig að í því felist skuldbinding, vilýrði eða fyrirheit um ný útgjöld,“ segir í frumvarpi þingflokksins.

- gar

BÍLL DAGSINS

SUBARU LEGACY CROSS WAGON

Nýskr. 01.07 - Sjálfskiptur - Ekinn 1 þús. km. - Allt að 100% lán.



Verð 2.670.000.-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Á laugardaginn er kosið um
hverjum er best treystandi
fyrir stjórn landsins

Nýir tímar - á traustum grunni



GJALDMIÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	64,1	64,4
	Sterlingspund	127,65	128,27
	Evra	86,73	87,21
	Dönsk króna	11,636	11,704
	Norsk króna	10,663	10,725
	Sænsk króna	9,426	9,482
	Japanskt jen	0,5338	0,5370
SDR		97,38	97,96

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
117,7108
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bush kveðst beita neitunarvaldi sínu enn á ný:

Cheney brá sér til Íraks í gær

ÍRAK, AP Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna, brá sér til Íraks í gær og spjallaði þar við David Petraus, yfirmann bandaríska herafllans þar í landi. Cheney ætlað næstu vikuna að ferðast um Mið-Austurlönd, og fer meðal annars í Sameinuðu arabísku furstadæmanna, Sáði-Arabíu, Egyptalands og Jórdaníu.



DAVID PETREUS OG DICK CHENEY Yfirmaður bandaríska herafllans tók á móti varaforseta Bandaríkjanna í Bagdad í gær.

Einnig átti hann fundi með Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks og Jalal Talabani forseta, tveimur varaforsetum og öðrum ráðamönnum.

Cheney sagði við fréttamenn að Írak væri „ennþá hættulegur staður“, enda hafði þá skömmu áður

heyrst í gríðarmikilli sprengingu skammt frá bandaríska sendiráðinu í Bagdad, þar sem Cheney dvaldist mestan hluta tímans í gær.

Í febrúar, þegar Cheney var í stuttri heimsókn í Afganistan, sprakk þar sprengja sjálfsvígisárarmanns og fórust þar 23 manns.

George W. Bush Bandaríkjaforseti hyggst beita neitunarvaldi sínu á ný ef Bandaríkjaþing, þar sem demókratar eru í meirihluta, samþykkir lög um viðbótarfjárveitingu til Íraksstríðsins sem einungis tryggir bandaríska hernum fjármagn til júliloka. Demókratar hafa í hyggju að samþykkja frumvarp sem heimilar þinginu að stöðva frekari greiðslur eftir júlilok ef hernaðaraðgerðirnar hafa þá ekki skilað þeim árangri að ástandið hafi batnað.

Slysið í Kópavogslaug:

Rannsókn á lokastigi

SLYS Drengnum sem fannst meðvitundarlaus á botni sundlaugarinnar í Kópavogi 26. apríl síðastliðinn er enn haldið sofandi í öndunarlög. Rannsókn lögregluinnar á slysinu er á lokastigi.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson, aðstoðaryfirliðregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, segir að enn sé unnið að því að varpa ljósi á atburðarásina en ekki er enn ljóst hvernig atvikið átti sér stað. Þá hafa öryggismál á svæðinu verið athuguð. Pilturinn, sem er 15 ára, var í skólasundi með skólasysturum sínum. Margt bendir til þess að hann hafi verið einn í lauginni þegar slysið varð.



KONUNGLEGAR MÓTTÖKUR Danadrottning og Sviakonungur á hafnarbakkanum í Kaupmannahöfn í gær.

Sænska konungsfjölskyldan: Í heimsókn í Danmörku

DANMÖRK, AP Karl XVI Gústaf Sviakonungur kom í gær í fyrstu opinberu heimsókn sína til Danmerkur síðan árið 1975.

Í fylgd með konungi eru Silvía drottning og Viktoría krónprinsessa. Margrét Þórhildur Danadrottning, aðrir meðlimir dönsku konungsfjölskyldunnar og fulltrúar dönsku ríkisstjórnarinnar tóku á móti þeim á hafnarbakkanum á Löngulínu.

Þótt Sviakonungur hafi oft komið til Danmerkur á síðustu 30 árum hefur það ávallt verið í óopinberum erindagjörðum. Á dagskrá hinnar þriggja daga löngu opinberu heimsóknar eru heimsóknir í fyrirtæki, í Kristjánsborgarhöll og á ballettsýningu.

Lagði sjálfur til lagabreytingar

Páll Winkel, eini umsækjandinn um stöðu aðstoðarríkislögrelustjóra, lagði til að staða aðstoðarríkislögrelustjóra væri í boði fyrir lögrelumenn. Allsherjarnefnd tók undir tillögurnar og breytti lögnum í takt við þær.

DÓMSMÁL Páll Winkel, eini umsækjandinn um stöðu aðstoðarríkislögrelustjóra, lagði til í álitinu til allsherjarnefndar að lögrelulögum yrði breytt á þann veg að lögrelumenn hefðu einnig kost á umræddri stöðu líkt og lögfræðingar.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær fór starfslýsing dómsmálaráðuneytisins í bága við skilyrði í lögrelulögum. Í lögrelulögum kemur fram að embætti aðstoðarríkislögrelustjóra eigi að vera lögrelumönnum opið til umsóknar, líkt og lögfræðingum.

Í álitinu Páls, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er „lagt til að ekki aðeins þeir aðilar sem lokið hafi embættisprófi í lögfræði eigi möguleika á að hljóta slíkar stöður heldur jafnframt lögrelumenn sem lokið hafa námi frá Lögregluskóla ríkisins svo og stjórnunarnámi eða öðru sambærilegu námi“.

Jafnframt segir í álitinu að Landssamband lögrelumanna telji þessa breytingu „afar jákvæða þróun“ enda hafi menntun lögrelumanna aukist mikið. Álitinu

skilaði Páll til allsherjarnefndar fyrir hönd Landssambands lögrelumanna en hann starfaði áður sem framkvæmdastjóri sambandsins.

Í nefndarálitinu allsherjarnefndar er sérstaklega tekið fram að það sé „eindregin afstaða nefndarinnar að mikilvægt sé að vel menntaðir og reyndir lögrelumenn geti sóst eftir æðstu stjórnunarstöðum innan lögrelunnar“.

Haft var eftir Sigurði Líndal, fyrrverandi lagaprófessor, í Fréttablaðinu í gær að í starfsauglýsingu hafi verið átt að taka fram öll skilyrði sem fram koma í lögnum, þar með talið að starfið standi lögrelumönnum með reynslu af stjórnun opið til umsóknar. Einungis var tekið fram í starfsauglýsingu að umsækjendur þyrftu að hafa „embættispróf í lögfræði, reynslu af störfum innan réttar- og refsivörslukerfisins og þekkingu á starfsmannamálum lögrelunnar“.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra lét hafa eftir sér í Fréttablaðinu í gær að það blasti við að sá sem myndi gegna starfinu þyrfti að hafa lögfræðipróf.



DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ Björn Bjarnason hefur gefið út að starfið verði ekki auglýst að nýju.

Starfsauglýsingin birtist upphaflega í vefútgáfu Lögbirtingablaðsins en í pappírsgúfannu sama dag og umsóknarfresturinn rann út. Til þess að fá aðgang að vefútgáfunni þarf að kaupa áskrift að henni.

Starfið sem auglýst var er annað tveggja starfa aðstoðarríkislögrelustjóra en Sigríður Björk Guðjónsdóttir gegnir hinu.

magnush@frettabladid.is



BJÖRN BJARNASON Ráðuneyti Björns auglýsti ólöglega eftir umsókn um stöðu aðstoðarríkislögrelustjóra.

FRÉTTABLAÐIÐ/CVA



ÁLIT PÁLS Páll Winkel beitti sér fyrir því, sem framkvæmdastjóri Landssambands lögrelumanna, að lögrelumönnum yrði gefinn kostur á því að sækja um stöðu aðstoðarríkislögrelustjóra.

LEIÐRÉTTINGAR

Ranglega var farið með eftirnafn mótorhjólakappans Aarons Colton í Sporti í fyrradag. Þá var mynd sem fylgdi viðtalinu tekin af Bruce Colton.

Þrjú farsímafyrirtæki hafa orðið sér úti um rekstrarleyfi fyrir þriðju kynslóð farsíma en ekki tvö eins og greint var frá í blaðinu í fyrradag. Þau eru Síminn, Vodafone og Nova.

Í leiðara Fréttablaðsins í gær var missagt að Steinar Adolffsson væri formaður Landssambands lögrelumanna. Hið rétta er að Steinar er framkvæmdastjóri sambandsins.

Landssamband lögrelumanna: Harmar umræðu um fjölskyldutengsl

Landssamband lögrelumanna sendi í gær frá sér tilkynningu þar sem sambandið „harmar“ umfjöllun sem átt hefur sér stað og lýtur að fjölskyldutengslum Páls Winkel við Guðnýju Jónsdóttur, ritara í dómsmálaráðuneytinu, en hún er móðir Páls.

Í tilkynningunni segir jafnframt að lögrelumenn þekki vel til starfa Páls og af góðu einu. „Viljum við koma því á framfæri að hann nýtur fulls stuðnings LL sem og lögrelumanna og teljum við hann mjög hæfan í þetta embætti,“ segir orðrétt.

Þá er jafnframt staðfest í tilkynningunni að með nýlegum breytingum á lögum eigi lögrelumenn nú möguleika á því að sækjast eftir öllum stjórnunarstörfum innan lögrelunnar, nema embætti lögrelustjóra og ríkislögrelustjóra.

Áhersla er jafnframt lögð á það í tilkynningunni að samstarf dómsmálaráðuneytisins við Landssambandið hafi verið afar gott og farsælt. „Björn Bjarnason hefur sýnt starfsumhverfi lögrelumanna mikinn áhuga og lagt sig allan fram við að styðja lögrelumenn til dæða,“ segir í tilkynningunni.

- mh

Kristín Gísladóttir sjúkrapjálfari aðstoðar við val á rétttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN
Marco

Opið virka daga: 10-18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

3-10 m/s hvassast á annesjum vestan og austan til.

» laugardagur

5-13 m/s, hvassast norðvestan og vestan til.

Stað	13°C skúrir	London	17°C alskýjað	Alicante	27°C heiðskírt
Kaupmannahöfn	13°C skúrir	Paris	19°C skúrir	Mallorca	24°C heiðskírt
Billund	12°C léttskýjað	Frankfurt	15°C rigning	Basel	20°C skúrir
Oslo	15°C hálfskýjað	Friedrichshafen	15°C hálfskýjað	Eindhoven	16°C skúrir
Stokkhólmur	9°C hálfskýjað	Berlin	16°C skúrir	Las Palmas	28°C heiðskírt
Gautaborg	11°C skúrir				

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

SKATTLEYSISMÖRKIN Í 150.000 NAUÐSYNLEGAR KJARABÆTUR



Guðjón A. Kristjánsson
Norðvesturkjördæmi



Kolbrún Stefánsdóttir
Suðvesturkjördæmi



Jón Magnússon
Reykjavík Suður



Sigurjón Þórðarson
Norðausturkjördæmi



Magnús Þór Hafsteinsson
Reykjavík Norður



Grétar Mar Jónsson
Suðurkjördæmi

150.000 kr. → 112.000 kr.

Skattleysismörk allra verði að verðgildi þau sömu og voru við gildistöku staðgreiðslukerfisins 1988 eða um 112.000 kr. á mánuði.

Tekinn verður upp sérstakur persónuafsláttur svo skattleysismörk verði 150.000 kr. á mánuði fyrir þá sem hafa árstekjur allt að 1.800.000 kr.

Sérstaki persónuafslátturinn lækki síðan hlutfallslega með vaxandi tekjum og falli niður við 3.000.000 kr. árstekjur.

Við viljum búa í sanngjarnara samfélagi

- Lækkum skuldir heimilanna, burt með verðtrygginguna.
- Aldraðir og öryrkjar geti haft 1.000.000 kr. tekjur án bótaskerðingar og tekjutenging við maka verði afnumin.
- Lífeyrisgreiðslur beri 10% skatt líkt og fjármagnstekjur.

Kjóstu F!
forysta fyrir íslenska þjóð



Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is Skeifan 7 | Reykjavík | sími 553 6061

KJÖRKASSINN



Hefði verið rétt að auglýsa stöðu forstöðumanns nýs fagskóla á Miðnesheiði, sem Hjálmar Árnason hlaut?

Já	82%
Nei	18%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætti að auglýsa aftur eftir umsækjendum í stöðu aðstoðar-ríkislögglustjóra?

Segðu skoðun þína á visir.is.



Frjálslyndir á Akureyri eru óhressir með truflanir á útsendingum Útvarps Sögu:

Gruna andstæðinga um græsku

KOSNINGAR „Þetta er undarlegt svona rétt fyrir kosningar,“ segir Valgeir Sigurðsson, starfsmaður kosningaskrifstofu Frjálslynda flokksins á Akureyri, óhress með slitróttar útsendingar Útvarps Sögu í bænum.

Valgeir segir flokk sinn auglýsa mikið á stöðinni; rof útsendinga sé bagalegt og hann dregur sínar ályktanir. „Mig grunar að einhver öfl sem vilja ekki að boðskapur okkar heyrst eigi þarna í hlut. Annað eins hefur skeð í þjóðfélaginu. Spillingin er nú meiri en þetta.“

Arnþrúður Karlsdóttir, útvarpsstjóri Sögu, kannast við vandamálið



FORYSTAN Auglýsingar frjálslyndra heyrast ekki á Sögu á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

en hefur ekki trú á samsæriskenningu Valgeirs. Dagskrá Sögu er send til Akureyrar um ADSL-kerfi Símans en eftir uppfærslu þess um páskana hafa útsendingar gengið

brösuglega. „Það er annaðhvort eitthvað að hjá Símanum eða okkur,“ segir Arnþrúður og ætlar að senda mann norður hið fyrsta til að kíkja á græjurnar. „Ég veit að menn eru margir með hjartalokurnar á límingunum svona rétt fyrir kosningar en allir flokkar auglýsa hjá okkur og þetta kemur því jafnt við alla.“

Linda Waage, upplýsingafulltrúi Símans, segir bilanatilkyningu vegna slitróttar útsendinga ekki hafa borist fyrirtækinu. „Hér sjást engar kerfisbilanir og það er enginn að fíkta í þessu bara af því að þetta eru þeir,“ segir Linda og vísar þar með grunsemdum Valgeirs á bug. - bps

Leitin að Maddie í Potrúgal:

Aðstoðar ferðamanna óskað

PORTÚGAL Lögreglan í Portúgal biður ferðamenn sem voru í landinu 3. maí og kunna að búa yfir upplýsingum um hvarf bresku stúlkunnar Maddiear að hafa samband.



MADDIE

Madeleine McCann er þriggja ára gömul og var rænt á íbúðahótel í Praia de Luz í Algarve í Portúgal.

Peir sem telja sig geta gefið upplýsingar eru beðnir um að hafa samband við lögregluna í Portúgal í síma 00 351 282 405 400. - sgd

VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD



METNAÐARFULLT, FRAMSÆKIÐ OG HAGNÝTT NÁM

6 námsleiðir

- BA í hagfræði
- BS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum
- BS í hagfræði
- BS í reikningshaldi
- BS í fjármálum
- BS í stjórnun og forystu

Umsóknarfestur er til 5. júní.

Árleg skráningargjöld eru 45.000 kr.


Styrktu stöðu þína og sæktu um. Rafræn skráning og upplýsingar um námið eru á vef viðskipta- og hagfræðideildar, www.viðskipti.hi.is.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

STÝRIVEXTIR Á YFIRSTANDANDI KJÖRTÍMABILI



ER ÞETTA EFNAHAGSLEGUR STÖÐUGLEIKI???



ALLT ANNAÐ LÍF!
– með vinstri grænum

SKILABÖÐ DAGSINS FRÁ FORMÖNNUM FLOKKANNA

Ómar Ragnarsson (I)

Orkan í eigu þjóðarinnar

Mestu verðmæti Íslands eru mannaúdurinn og einstæð náttúra. Íslandshreyfingin berst fyrir gerbreyttri stjórnarstefnu sem byggir á þessu tvennu og nýtir það til að skapa auðlegð og velferð í stað þess að fórná náttúrunni fyrir stundargróða í þágu mengandi stóriðju.

Íslandshreyfingin getur fellt stóriðjustefnuna og á þingi mun hún beita sér fyrir því að gert verði hlé á stóriðjuframkvæmdum. Betra er að fá til landsins fyrirtæki sem nota minni orku, menga ekki, skapa fleiri og betri störf og borga hærra orkuverð vegna grænnar ímyndar landsins.

Íslandshreyfingin mun berjast fyrir því að orkan, sem hækkar hratt í verði, verði tryggilega í eigu þjóðarinnar.

Steingrímur J. Sigfússon (V)

Almenningi blöskrar

Ábending okkar Vinstri grænna í gær um að óeðlilegt væri að ráðherrar hömuðust við að lofa fjárútlát úr ríkissjóði á meðan kosningabaráttan er í háamæli hefur vakið verðskuldaða athygli.

Almenningi blöskrar að skattfé þess sé notað til þess að ráðherrar geti klippt borða eða undirritað samninga fyrir framan myndavélarnar svo nærri þingkosningum. Í þeim kosningaslag sem nú stendur yfir hefur raunar steinninn tekið úr hvað þetta varðar og þá sérstaklega á lokametrinum þegar kannanir hafa ítrekað sýnt að ríkisstjórnin er fallin. Áhersla okkar í þessum efnunum sem og öðrum er á heiðarleika og ábyrgð.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (S)

Stöndum vörð um velferðina

Nú eru bara tveir dagar til kosninga og við erum mjög þakklát fyrir þann mikla meðbyr sem við finnum þessa dagana. Samfylkingin stendur vörð um velferðina og hag heimilanna í landinu en ríkisstjórnarflokkarnir virðast hafa fyllst hreinni örvæntingu með því að gefa út ábyrgðarlous loforð um milljarða króna útgjöld næstu árin þótt umboð þeirra frá kjösendum sé að renna út á laugardaginn. Á síðustu tíu dögum hafa borist tilkynningar um 25 slíka samninga og reikningurinn verður sendur íslenskum skattgreiðendum. Það er sannarlega kominn tími til að breyta!



Til þess að mynduð verði ríkisstjórn að loknum kosningum með aðild Sjálfstæðisflokksins, er nauðsynlegt að flokkurinn hljóti góða kosningu á laugardaginn. Kosningarnar í ár eru sérstakar að því leyti að um nokkurt skeið hefur legið fyrir yfirlýsing stjórnarandstöðuflokkanna um að þeir stefni að því að mynda ríkisstjórn eftir kosningar. Fari svo að Sjálfstæðisflokkurinn verði ekki í næstu ríkisstjórn eru líkur á að um verði að ræða þriggja eða fjögurra flokka vinstrihreyfinguna. Reynsla íslensku þjóðarinnar af slíkum stjórnunum er ekki góð. Við höfum náð frábærum árangri undanfarin ár og til þess að framlengja hagsældarskeiðið er nauðsynlegt að Sjálfstæðisflokkurinn fái góða kosningu á laugardaginn.

Geir H. Haarde (D)

Góð kosning Sjálfstæðisflokks nauðsynleg

Til þess að mynduð verði ríkisstjórn að loknum kosningum með aðild Sjálfstæðisflokksins, er nauðsynlegt að flokkurinn hljóti góða kosningu á laugardaginn.



Kosningarnar í ár eru sérstakar að því leyti að um nokkurt skeið hefur legið fyrir yfirlýsing stjórnarandstöðuflokkanna um að þeir stefni að því að mynda ríkisstjórn eftir kosningar. Fari svo að Sjálfstæðisflokkurinn verði ekki í næstu ríkisstjórn eru líkur á að um verði að ræða þriggja eða fjögurra flokka vinstrihreyfinguna. Reynsla íslensku þjóðarinnar af slíkum stjórnunum er ekki góð. Við höfum náð frábærum árangri undanfarin ár og til þess að framlengja hagsældarskeiðið er nauðsynlegt að Sjálfstæðisflokkurinn fái góða kosningu á laugardaginn.

Jón Sigurðsson (B)

Stuðningur skiptir sköpum

Það er ánægjulegt að sjá að fylgi Framsóknarflokksins lyftist verulega í könnun Capacent í gær. Það er í samræmi við þann meðbyr sem við finnum fyrir meðal almennings og þá stemningu sem er í okkar röðum. Vissulega eru kannanir misvísandi og við sáum líka slæma könnun í gærkvöldi. Kannanir eru þó þrátt fyrir allt þess eðlis að við getum ekki leyft okkur að láta þær hafa of mikil áhrif á okkar störf. Það er kosningin á laugardag sem skiptir máli og við þurfum að hafa fyrir því að sækja stuðning landsmanna á kjördag. Stuðningur við Framsóknarflokkinn á laugardaginn skiptir sköpum um það hvort Framsóknarflokkurinn muni eiga aðild að næstu ríkisstjórn.



Guðjón Arnar Kristjánsson (F)

Málefni innflytjenda þarf að ræða

Íslenska þjóðin þarf að ræða málefni innflytjenda. Vissulega er um vandasamt mál að ræða en það breytir ekki þeirri staðreynd að 300 þúsund manna þjóð getur ekki tekið á móti of miklum fjölda á stuttum tíma. Frjálslyndi flokkurinn hefur bent á að á vinnumarkaði starfar erlent verkafólk á lægri launum en Íslendingar í sömu starfsgrein. Frjálslyndi flokkurinn vill verja launakjörin. Ekki má komast upp með, í skjóli reglna um frjálst flæði vinnafylls, að ráða erlenda starfsmenn til sín á lægri launum. Okkur ber að taka með sömasamlegum hætti á móti þeim sem hingað vilja koma og setjast að.



Guðjón Arnar Kristjánsson (F)

Rússlandsforseti gagnrýnir flutning minnismerkis um rússnenska hermenn:

Pútín sendir Eistum tóninn

RÚSSLAND, AP Vladímír Pútín Rússlandsforseti fór í gær hörðum orðum um fólk sem „vanvirðir minnismerki um stríðshetjur, og móðgar með því sína eigin þjóð og sáir fræjum óvildar og vantrausts milli landa og þjóða“.

Hann nefndi ekkert land á nafn en átti augljóslega við Eistland sem fyrir skemmstu flutti minnismerki sovéska hermennsins í Tallinn frá torgi í miðbænum inn í kirkjugarð þar sem minnismerkið er ekki jafn áberandi.

Pútín sagði þetta í ræðu við hátíðahöld í Moskva í gær þegar Rússar minntust þess að sigur vannst á þýskum nasistum í seinni heimsstyrjöldinni árið 1945. Rússar líta á þennan sigur sem eitt merkasta afrek sovéska hersins.

Að venju var haldið upp á daginn með mikilli hersýningu á Rauða torginu þar sem þúsundir hermanna gengu fylktu liði yfir torgið. Hersýningin hefur verið nánast óbreytt frá tímum Sovétríkjanna.



PÚTÍN Á RAUÐA TORGINU Forseti Rússlands leggur blómsveig á leiði óþekktar hermennsins við Kremlarmúra í Moskva. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í Eistlandi komu nokkur hundruð íbúa af rússneskum uppruna saman við styttna af hermenninum á nýja staðnum í Tallinn og lögðu þar blóm.

Á torginu, þar sem styttna stóð áður, kom einnig saman hópur þrátt fyrir að mannsöfnuðir séu þar bannaðir. Allt fór þó friðsamlega fram. - sgd

Ókeyppis
tannvernd
fyrir börnin

Góð hugmynd
um betri framtíð

xS

Samfylkingin

15-20% afsláttur

Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á stórhöfuðborgar-svæðinu og á Akureyri



15%
AFSLÁTTUR

Grandhall Premium 327

- Hitamælir í loki
- Slá fyrir viskustykki
- Hitaplata úr pottjárni
- Elektrónísk kveikja
- Mót fyrir gaskút í skáp, heldur gaskútum stöðugum
- Stál með háglansandi grafitáferð
- 5 aðskildir brennarar úr ryðfrú stáli
- Hliðarbrennari úr steypu brassi, 4,5kWh (15.000BTU)
- Heildargeta 22kWh (75.000 BTU)
- Eldunargrindur úr massífu ryðfrú stáli
- Eldtemjarar úr pottjárni
- Breidd: 169 cm, dýpt: 66 cm, hæð: 122 cm

TILBOÐ
84.915 kr
Verð áður 99.900,-

VISA Lán
-HAGSTEDAR AFBORGANIR



15%
AFSLÁTTUR

Grandhall Freedom 326S

- 5 aðskildir brennarar úr ryðfrú stáli 17,8 kwh (61.000BTU)
- Bakbrennari með sér stillingu 4,2 kwh (14.000BTU)
- Heildargeta 22kwh (75.000BTU)
- Hitaplata úr pottjárni
- Hitamælir
- Eldtemjarar
- Elektrónísk kveikja
- Tvöfaldur skápur með mót fyrir gaskút
- Hægt að taka hliðarborð af
- Breidd: 163 sm, dýpt: 66 sm, hæð: 122 sm

TILBOÐ
127.415 kr
Verð áður 149.900,-

VISA Lán
-HAGSTEDAR AFBORGANIR



20%
AFSLÁTTUR

Grandhall Professional 584

- 5 aðskildir brennarar úr ryðfrú stáli 17,5 kwh (59.000BTU)
- Bakbrennari með sér stillingu 3,5 kwh (13.000BTU)
- Hliðarbrennari úr steypu brassi 4,5 kwh (15.000BTU)
- Heildargeta: 25,5kWh (87.000 BTU)
- Eldunargrindur úr massífu ryðfrú stáli
- Hitaplata úr pottjárni
- Eldtemjari úr ryðfrú stáli
- Hitamælir
- Elektrónísk kveikja
- Tvöfaldur skápur með hurðum
- Mót fyrir gaskút í skáp (heldur gaskút stöðugum)
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla
- Breidd: 207 cm, dýpt: 66 cm, hæð: 122 cm

TILBOÐ
159.920 kr
Verð áður 199.900,-

VISA Lán
-HAGSTEDAR AFBORGANIR



KAUPAUKI

Verandarhitari að verðmæti 14.999kr. fylgir í KAUPAUKA með öllum Grandhall grillum

Verandarhitari 8300

- Geta: 1,4-4,2kw (14.000BTU)
- 3 hitastillingar
- Elektrónísk kveikja
- Hjól til að auðvelda tilfærslu ODS (Oxygen deletion system)*
- Hæð: 75,5 cm, breidd 43 cm



17%
AFSLÁTTUR

Sterling 1104

- 8.7kW / 30,000 BTU I-brennari úr ryðfrú stáli
- 2710cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu
- 1677cm² - án hliðarborðs/hellu
- Porselín húðaðar járngrindur til eldunar
- Porselín húðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- 1Liner Flow™ gasventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Innbyggður hitamælir
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- 18 cm / 7" hjól

TILBOÐ
18.999 kr
Verð áður 22.999,-



15%
AFSLÁTTUR

BBQ Master 2301

- Brennari: 4 brennarar úr ryðfrú stáli með sér stillingum hver
- Heildargeta: 15kwh/52.000BTU (3,5kwh/12.000BTU hliðarhella)
- Eldtemjari úr ryðfrú stáli
- Hliðarbrennari út steypu brassi
- Grindur: Eldunargrindur úr gegnheilu pottjárni
- Grillfiötur: 68 x 42 cm, hitaplata 30 x 42 cm
- Efrí grind: 68 x 14 cm
- Tvöfalt lok úr ryðfrú stáli, innbyggður hitamælir
- Rotisserie grillteinn
- Elektrónísk kveikja
- Útdraganlegt hliðarborð
- Skápur með hurðum
- Breidd: 152 cm. Dýpt: 60 cm
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

TILBOÐ
50.992 kr
Verð áður 59.990,-

VISA Lán
-HAGSTEDAR AFBORGANIR

Gildir til 13. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versta

UMHVERFISVÆN EFNI FYRIR SUMARBÚSTAÐI

Í bústaðnum skiptir miklu máli hverskonar vörur eru notaðar við þriffin. Röng efnanotkun getur auðveldlega heft niðurbrot í rotþrómg og valdið stíflum. Umhverfisvæn hreinsiefni eru því bæði betri og öruggari kostur.

Økoren WC-hreinsir

Seigtíjótandi WC-hreinsir sem fjarlægir fljótt og vel kalk, ryð og óhrainindi ásamt því að koma í veg fyrir ólykt.



Økoren oppvottalögur

Økoren oppvottalögur er hlutlaust hreinsiefni til handuppvotta og hreinsunar á öllum þvotteldum flötum.

Spartan umhverfisvænn badherbergishreinsir

Umhverfisvænn badherbergishreinsir vottadur af Green Seal í Bandaríkjunum. Er með náttúrulegum sýrum, sítrónusýru (8%) og þrífur vel sápuskánir, þurrkbletti og ryðsmít af flísum, salernisskálum og vöskum.



Økoren Universal alhliða hreinsiefni

Ahliða basískt hreinsiefni til daglegra nota á öllum þvotteldum flötum. Einnig kjörið til þrifa á sápubornum og bónuðum gólfum.



BESTA

- hrein fagmennska

Grundargötu 61 • Grundarfirði
Sími: 430 0000

Brekustíg 39 • Njarðvík
Sími: 420 0000

Miðási 7 • Egilsstöðum
Sími: 470 0000

Ármúla 23 • Reykjavík
Sími: 510 0000

Ekki er gert ráð fyrir afturköllun framboðs til Alþingis í kosningalögnum:

Gert á grundvelli stjórnsýslulaga

STJÓRN MÁL Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis féllst á afturköllun framboðs Baráttusamtaka eldri borgara og öryrkja á grundvelli stjórnsýslulaga. Í lögum um kosningar til Alþingis er ekki gert ráð fyrir að framboð séu afturkölluð.

Eftir því sem næst verður komist hefur það ekki gerst fyrr að óskað sé eftir að framboðslisti sé afturkallaður og með þeim hætti hætt við framboð. Baráttusamtök in skiluðu aðeins inn lögmætum lista í Norðausturkjördæmi en hugðust bjóða fram víðar. Þegar útséð var um að það væri mögulegt, óskaði oddviti listans í Norðausturkjördæmi eftir að framboðið yrði dregið til baka.

Jón Kr. Sólmes, formaður yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis, segir ekkert í lögum taka til þessa tilviks, því sé stuðst við meginreglur laga. „Í stjórnsýslulögum er að finna heimild stjórnvalds til að afturkalla ákvörðun sína að eigin frumkvæði. Má hún þá ekki vera til tjóns fyrir aðila og verður að vera ógildanleg. Þessi afturköllun er ekki til tjóns fyrir aðila og afturköllunin er gerð í lögmætu umboði frambjóðanda flokksins í kjördæminu og á þeirri forsendu tel ég að þetta gangi upp,“ segir Jón.

Með þessum hætti úrskurðaði yfirkjörstjórn í málinu og staðfesti landskjörstjórn þann úrskurð.



FRAMBOÐ BODAD Forystumenn Baráttusamtakanna hugðu á framboði í öllum kjördæmum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Nýr stjórnmálaflokkur stofnaður í Danmörku við klofning Radikale Venstre:

Khader fer fyrir Nýju bandalagi

DANMÖRK Hópur óánægðra þingmanna danska miðflokksins Radikale Venstre hefur undir forystu Nasers Khader stofnað nýjan flokk sem hlotið hefur nafnið Nýtt bandalag (Ny Alliance).

Nýi flokkurinn mun sækjast eftir „samstarfi á breiðum grundvelli“ við aðra flokka fyrir næstu þingkosningar sem væntanlega fara fram árið 2009, að því er Khader sagði er hann lýsti yfir úrgöngu sinni úr Radikale Venstre.

Khader, sem er fæddur í Sírylandi og er ótvírætt þekktasti „hófsami“ múslimi Danmerkur, sagði að meðal markmiða Nýs bandalags yrði að freista þess að lágmarka áhrif Danska þjóðarflokksins, sem er þekktur fyrir hörkustefnu sína gagnvart innflytjendum og múslimum sér í lagi.

Að sögn Thomas Larsen, stjórnmálaskýranda Berlinske Tidende, gæti nýi flokkurinn sótt fylgi bæði til hægri og vinstri og átt framtíð fyrir sér í dönskum stjórnmálum. En stjórnmálafræðingurinn Sören Risbjerg Thomsen tjáði fréttavef Polikiken að þótt Nýtt bandalag kynni að fá tímabundna fylgisuppsveiflu í skoðanakönnunum sæi hann litla möguleika á að flokkurinn næði yfir fylgisþröskuld-



KHADER OG FOGH Naser Khader, t.v., ásamt danska forsætisráðheranum og Venstre-leiðtoganum Anders Fogh Rasmussen á fundi í Kristjánsborgarhöll. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

inn til að fá menn kjörna á þing. Það sé „ekki pláss fyrir enn einn borgaralegan flokk á miðjunni“, að dómi Thomsens.

Jónsi Birgitta Hafsteinn* Eiríkur Hauks Silvía Nótt

*fyrir okkur hin



12. maí getur markað upphaf nýrra sigra í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna

Samfylkingin býður upp á skýrar lausnir í jafnréttismálum og hefur að auki fólkið sem náði sögulegum árangri í jafnréttismálum við stjórn Reykjavíkurborgar á síðasta áratug. Í kosningunum á laugardag getum við hafið nýja sókn í jafnréttismálum á landsvísu.

Fyrsta skrefið verður að fela forsætisráðuneytinu ábyrgð á málaflokknum með það að markmiði að öll ráðuneyti fylgi skýrri jafnréttisstefnu í allri sinni stefnumótun.

Samfylkingin hefur þann skýra pólitíska vilja og reynslu sem þarf til að ná árangri í jafnréttismálum.

Samfylkingin mun vinna ötullega að auknu jafnrétti með því að:

1. Ráðast gegn kynbundnum launamun og minnka hann um helming hjá ríkinu á næsta kjörtímabili. Markmiðið verður að útrýma honum að fullu.
2. Endurmeta störf á vegum ríkisins til að bæta launakjör hefðbundinna kvennastétta.
3. Afnema launaleynd og veita Jafnréttisstofu aukna heimild til rannsókna sé grunur um að jafnréttislög séu brotin.
4. Gera kaup á vændi refsivert, styðja fórnarlömb vændis og vinna gegn mansali og klámvæðingu.
5. Vinna markvisst gegn kynbundnu ofbeldi, beina viðurlögum að brotamanni og tryggja að þau verði í samræmi við alvarleika brots.
6. Jafna hlutfall kvenna og karla í nefndum og stjórnunarstöðum hjá hinu opinbera.
7. Vinna að auknum hlut kvenna í stjórnnum og ráðum á almennum vinnumarkaði.
8. Hafa jafnt hlutfall kvenna og karla í ráðherraliði flokksins.
9. Tryggja að fólk af erlendum uppruna missi ekki dvalarleyfi sitt við skilnað sem rekja má til heimilisofbeldis.
10. Bæta stöðu ungra einstæðra foreldra m.a. með náms- og framfærslustyrkjum.

Kjósum betri framtíð!



Kynntu þér stefnuna í heild á www.xs.is



BREYTTU
GLITNIS
PUNKTUNUM
Í DRAUMA
FERÐALAG

Styður bannfæringu vegna fóstureyðinga

Benedikt sextándi páfi hélt í gær til Brasilíu. Hann sendi skýr skilaboð til álfunnar um að kaþólska kirkjan ætlaði ekki að slaka á í afstöðu til fóstureyðinga.

BRASILÍA, AP Benedikt sextándi páfi sagðist í gær styðja það að þeir stjórnámamenn, sem greiddu atkvæði með því að lögleiða fóstureyðingar í Mexíkóborg í síðasta mánuði, yrðu bannfærðir. Þar með sendir hann skýr skilaboð til Suður-Ameríkúríkja um að kaþólska kirkjan ætli ekkert að slaka á í þessum málum.

Samkvæmt kenningum kaþólsku kirkjunnar eru allar konur, sem gangast undir fóstureyðingu, sjálfkrafa bannfærðar og þar með gerðar útlægar úr kaþólsku kirkjunni. Leiðtogar kaþólsku kirkjunnar í Mexíkó hafa sagt að þar í landi ætti einnig að bannfæra lækna og hjúkrunarkonur sem framkvæma fóstureyðingar sem og þá þingmenn sem samþykktu nýverið lögleiðingu fóstureyðinga í Mexíkóborg.

Páfinn hélt í gær til Brasilíu, en þangað kom hann síðast árið 1990 þegar hann var enn kardináli og gekk undir nafninu Joseph Ratzinger. Í Brasilíu ætlar hann meðal annars að taka þátt í nokkrum útimessum og taka fyrsta innfædda Brasilíumanninn í tölu dýrlinga kaþólsku kirkjunnar. Á blaðamannafundi um borð í flugvél Páfagarðs á leiðinni til Brasilíu í gær sagði Benedikt að stærsta áhyggjuefni kaþólsku kirkjunnar í Suður-Ameríku væri stöðugur flótti kaþólskra íbúa landanna yfir í mótmælendakirkjur síðustu árin. Á fundi með biskupum álfunnar, sem haldinn verður í Sao Paulo, ætlar páfi að kynna aðgerðaáætlun til að snúa þessari þróun við.

Fóstureyðingar eru mikið hitamál í Brasilíu. Þær eru bannaðar þar, nema ef þungun stafar af nauðgun eða líf móður sé í hættu. Samkvæmt skoðanakönnunum er mikill meirihluti Brasilíumanna andvígur því að rýmka þessi ákvæði, og á þriðjudag mótmæltu fimm þúsund manns fóstureyðingum á útifundi í Brasilíu, höfuðborg landsins.

Sumir stjórnámamannanna, sem páfi hótar bannfæringu, sögðust láta sér það í léttu rúmi liggja. „Ég er kaþólsk og verð það þótt kirkjan bannfæri mig,“ sagði Letitia Quezada, borgarráðsmaður í Mexíkóborg. „Samviska mín er hrein.“

gudsteinn@frettabladid.is



Á LEIÐ TIL BRASILÍU Benedikt sextándi sagðist í gær „elska Rómönsku Ameríku“.



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI SKÓLAÁRIÐ 2007 - 2008

Námskrár, kynningarefni og umsóknareyðublöð eru á www.unak.is

FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGAEILD

- Fjölmíðlafræði
- Sálfræði
- Samfélags- og hagþróunarfræði
- Nútímafræði
- Lögfræði
- Þjóðfélagsfræði

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDAEILD

- Viðskiptafræði
- Líftækni
- Sjávarútvegs- og fiskeldisfræði
- Tölvunarfræði
- Umhverfis- og orkufræði

HEILBRIGÐISDEILD

- Hjúkrunarfræði
- Iðjuþjálfunarfræði

KENNADEILD

- Grunnskólakennarafræði
- Leikskólakennarafræði

Í boði er bæði staðar- og fjarnám. Kynntu þér málið!

UMSÓKNARFRESTUR
ER TIL 5. JÚNÍ 2007

GLITNIR

Dómsmál á Írlandi: Fær að fara í fóstureyðingu

ÍRLAND, AP Írskur dómari úrskurðaði í gær að barnshafandi sautján ára stúlka sem komin er fjóra og hálfan mánuð á leið megi ferðast til Englands til að fara í fóstureyðingu.

Í ljós kom að stúlkan átti von á barni stuttu eftir að henni var komið í umsjá heilbrigðisyfirvalda í janúar eftir að hún tók of stóran skammt af lyfjum. Síðar greindu læknar vansköpun í fósturinu og ljóst þykir að það muni deyja stuttu eftir fæðingu.

Mál stúlkunnar hefur vakið á ný umræður um hvort heimila skuli fóstureyðingar á Írlandi. - sdg



FYRSTA TÆKIÐ Samgönguráðherra afhendir Björgólfi Jóhannssyni, formanni LIÚ, fyrsta tækið. Á myndinni er einnig Einar G. Haraldsson, framkvæmdastjóri hjá Viking björgunarbúnaði.

Öryggi sjómanna aukið:

Öndunartæki í íslensk fiskiskip

ÖRYGGI Fyrirhugað er að hafa neyðaröndunartæki um borð í íslenskum fiskiskipum. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, í samráði við LIÚ og fyrirtækið Viking björgunarbúnað ehf., kynnti tækið í gær.

Tækið er ætlað til þess að skipverjar geti forðað sér örugglega út úr vistarverum eða öðrum rýmum ef þau fyllast af reyk og er gert ráð fyrir að þau verði staðsett í svefnklefum. Áætlaður endingartími tækisins er fimmtán ár. LIÚ hefur haft frumkvæði að því að félagsmenn kaupir tækin í skip sín, og hafa að þessu sinni verið keypt 1700 tæki.

- sh

DÓMSMÁL

Stal bíl og ók fullur

Maður hefur verið dæmdur í 210 þúsund króna sekt og sviptur ökurétti í tvö ár fyrir að stela bíl og aka drukkinn. Hann ók út af Ólafsfjarðarvegi og sat fastur í bílnum þegar lögregla kom að.

GÓÐGERÐAMÁL

Stómasamtökin fengu styrk

Stjórn Landsbankans hefur tilkynnt um styrki til sjöttu og fimm félaga úr Menningarsjóði Landsbankans. Upphæðin nemur einni milljón króna handa hverju félagi eða málefni. Stómasamtök Íslands voru meðal þeirra félaga sem fengu styrk.

GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR

2. SÆTI Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI



VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

ÞÚ ÁTT LEIK Á LAUGARDAGINN

ALLT ANNAÐ LÍF! – með vinstri grænum

FRAMTÍÐARLANDIÐ LAGÐI FRAM EFTIRFARANDI SÁTTMÁLA Í MARS

Við höfum ljark til að byggja upp fjölbreytt og lifandi samfélag á Íslandi þar sem hugvit og sköpunargleði einstaklinga fær að njóta sín þeim sjálfum og öðrum til heilla.

Við sjnum komandi kynslóðum *vörðuga* með því að láta lögfesta áætlanir um náttúruvernd áður en nokkuð frekar er aðhafst í orkuvinnslu.

Við öxlum áhyrgd á tímum viðsjárverðra loftslagsbreytinga í heiminum með því að fylgja alþjóðlegum skuldbindingum um losun gróðurhúsalofttegunda.

VERÐUR ÞITT ATKVÆÐI **GRÆNT** EÐA **GRÁTT?**



Vinstri-grænir, Samfylkingin og Íslandshreyfingin skrifuðu undir sáttmálann sem þýðir að náttúran fær að njóta vafans næstu fjögur ár.



Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn höfnuðu sáttmálanum og hafa lýst yfir áframhaldandi stóriðjustefnu.

KÓPAVOGSDAGAR

5.-11. maí 2007

Meðal dagskráratriða í dag, 10. maí:

- Hörðuvallaskóli** kl. 8.30. Ruslaskrímlið og Hörðuvallanaglarinnir. Kynning á þemaverkefni og íþróttasýning.
- Bókasafn Kópavogs** kl. 9.30. Leikbrúðuland sýnir Númi á ferð og flugi. Sýning fyrir öll börn.
- Leikskólinn Rjúpnahæð** kl. 15.30. Opið hús og kynning.
- Digranesskóli** kl. 16.00. Sólkerfisganga fyrir almenning.

Myndlistarsýningar • danssýning • opin hús.

Kynnið ykkur dagskrána nánar á kopavogur.is



VOR Í ÍSLENSKRI VERKEFNASTJÓRNUN

Opin ráðstefna MPM námsins Hótel Loftleiðum, Þingsal 1-4, 11. maí, frá kl. 13.00-17.30

Útskriftarnemendur í MPM náminu kynna fjölbreytt og hnitmiðuð lokaverkefni tengd verkefnastjórnun

Dæmi um viðfangsefni eru:

- Þjálfun og þekkingaruppbygging
- Verkefnastofur og skipuheildir
- Greiningartæki
- Siðfræðileg álitaefni
- Gæðastjórnun

Ráðstefnan fer fram í þremur straumum og á hverjum tíma verða þrjú verkefni til kynningar.

Sjá dagskrá á mpm.is.

Allir velkomnir

www.mpm.is



Verðandi forseti Frakklands Nicolas Sarkozy strax gagnrýndur:

Lúxussigling er sögð „ósiðleg“

FRANKLAND, AP Nicolas Sarkozy, verðandi forseti Frakklands, sætti í gær orrahríð gagnrýni, viku áður en hann tekur við embætti. Verkalýðsleiðtogi hótaði harðri andspyrnu við áformaðar umbætur hans og pólitískir andstæðingar kölluðu lúxussnekkjusiglingu þá sem hann fór í strax í kjölfar kosninganna „ósiðlega“.

Sarkozy, sem dreif eiginkonu sína og son með í siglingu um eyjar í grennd við Mólta daginn eftir úrslitaumferð forsetakosninganna á sunnudaginn, var væntanlegur aftur í land á miðvikudagskvöld. Óvíst var þó hvenær hann myndi snúa aftur til Parísar.



Á SNEKKJUNNI „Paparazzi“-mynd af Sarkozy og fjölskyldu hans um borð í snekkjunni.

Elisabeth Guigou, sem sat um skeið fyrir Sósíalístaflökkin sem dómsmálaráðherra í ríkisstjórn-

inni, kallaði siglingu hins verðandi forseta á 60 metra lúxussnekkju sem hann fékk að láni frá milljarðamæringi „hneykslanlega“ og „ósiðlega“.

„Öll þessi fjárútlát þegar hann þykist vera... forseti allra Frakka,“ sagði hún í sjónvarpsviðtali. Slíkt „óhóf“ verkaði illa á þann hluta þjóðarinnar, sem berðist við að láta enda ná saman.

Jean-Francois Cope, talsmaður ríkisstjórnarinnar, bað stjórnarandstæðinga að hætta „persónulegum árásum“ á Sarkozy. Hann tók fram að ríkið hefði ekki borið neinn kostnað af snekkjuferð hans.

Hundruð ofbeldisbrota gegn lögreglu

Meirihluti lögreglumanna hefur orðið fyrir hótunum og ofbeldi í starfi, að því er nýjar rannsóknir leiða í ljós. Á sjö ára tímabili voru nær 700 ofbeldisbrot tilkynnt. Hótanir ná jafnvel til maka lögreglumanna og barna þeirra.

LÖGREGLUMÁL Samtals 685 ofbeldisbrot gegn lögreglumönnum voru tilkynnt á árabílinu 1998-2005. Þá urðu um 60 prósent lögreglumanna fyrir ofbeldi í vinnu sinni á fimm ára tímabili, frá 2000-2005. Fimm þeirra urðu fyrir ofbeldi sem leiddi til líkamlegrar fötlunar, örorku eða útlímamissis.

Þetta er meðal niðurstaðna úr tveimur rannsóknum á ofbeldi gegn lögreglumönnum sem embætti ríkislögreglustjóra hefur látið gera.

Þá leiða niðurstöður í ljós, að hótanir í garð lögreglumanna vegna starfs þeirra eru mjög algengar. Um 70 prósent þeirra sögðust hafa orðið fyrir slíku í vinnu og 26 prósent utan vinnu. Þeim sem helst var hótað voru karlar, yngri en 35 ára, sem gegndu stöðu almenns lögreglumanns og unnu hjá minni lögregluembættum.

OFBELDI EÐA HÓTUN á árunum 2000-2005

Hótun í vinnu	70%
Hótun utan vinnu	26%
Smávægileg eymsli	
Ofbeldi í vinnu	40%
Ofbeldi utan vinnu	3%
Stórvægileg eymsli	
Ofbeldi í vinnu	15%
Ofbeldi utan vinnu	2%
Alvarlegir áverkar	
Ofbeldi í vinnu	4%
Ofbeldi utan vinnu	1%
Líkamleg fötlun	
Ofbeldi í vinnu	1%



RANNSÓKNARNIÐURSTÖÐUR KYNNNTAR Niðurstöður rannsókna á ofbeldi gegn lögreglumönnum voru kynntar í gær. F.v. Ólafur Örn Bragason, Guðbjörg S. Bergsdóttir, Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri, Rannveig Þórisdóttir, Jón Öttar Ólafsson og Guðmundur Guðjónsson yfirlögregluþjónn.

Hótanir í garð fjölskyldna lögreglumanna eru einnig tíðar. Spurningu þar að lútandi svöruðu 54 lögreglumenn játandi. Þeir greindu allir frá því að barni þeirra hefði verið hótað, auk fleiri fjölskyldumeðlima. Í rúmlega 20 prósentum tilvika var hótunin kærð eða tilkynnt til lögreglu.

Þau 60 prósent, eða 238 lögreglumenn, sem kváðust hafa orðið fyrir ofbeldi í vinnunni kváðu gerendurnar ýmist hafa sparkað, slegið eða kýlt.

Þá kemur í ljós að aukning hefur orðið á notkun vopna gegn lögreglumönnum, úr fjórum prósentum tilvika í fjórtán á tímabilinu. Einkum var um að ræða eggvopn, barefli, ökutæki eða annað. Í einu tilviki var um skotvopn að ræða. Það var árið 2001, en þá var lögreglumanni ógnað með skammbyssu. Um fjórðungur tilkynnta

brota gegn lögreglu var framinn á lögreglustöð eða í lögreglubílum.

Á tímabilinu 2000-2005 voru 479 einstaklingar kærðir 516 sinnum fyrir ofbeldi gegn lögreglumanni. Um fimmtungur þeirra mála fór í ákærumeðferð. Af þeim enduðu um 57 prósent fyrir dómi.

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri segir að þegar hafi verið gripið til aðgerða til að styðja lögreglumenn sem hafi verið beittir ofbeldi í starfi.

Hann bendir meðal annars á að dómsmálaráðherra hafi í því skyni veitt fjármagn til að auka félagslegan stuðning við þá í starfi, refsiramma brota gegn valdstjórninni hafi verið hækkaður úr sex ára fangelsi í átta og nýlegar breytingar á skipan lögreglumála auki öryggi lögreglumanna í starfi.

jss@frettabladid.is

 Samfylkingin

Nýtt jafnvægi í efnahagsmálum



Sköpum jafnræði milli atvinnugreina

Lúðvík Bergvinsson, 2. sæti í suðurkjördæmi

Krístrún Heimisdóttir, 5. sæti í Reykjavíkurborgardæmi suður

xS



10.-26. maí 
 Listahátíð
 í Reykjavík 2007

**KAUPPING LEGGUR
 LISTAHÁTÍÐ LIÐ**

 **KAUPPING**
 Hugsum lengra



Opið 9-21



Nýtt
Úr Kjötborði
Nóatúns

GRÍSAKÓTELETTUR
ÚRBEINAÐAR ORIENTAL
1.998 kr. kg



Úr Kjötborði
Nóatúns

LAMBAGRILLSTEIK
Í TÓMAT OG BASIL
2.798 kr. kg

Pú sparar
200 kr. kg



Úr Kjötborði
Nóatúns

UNGHNAUTAFILLET Í RAUÐVÍNS-
OG PIPARMARINERINU
2.898 kr. kg

Pú sparar
200 kr. kg

Laxaveisla í Nóatúni!



Úr Fiskborði
Nóatúns

LAXAFLÖK
KRYDDUÐ
998 kr. kg

Pú sparar
600 kr. kg



Úr Fiskborði
Nóatúns

LAXASNEIÐAR
698 kr. kg

Pú sparar
430 kr. kg



Úr Fiskborði
Nóatúns

LAXAFLÖK
BEINHREINSUÐ
998 kr. kg

Pú sparar
500 kr. kg



GÓÐA BRATWURST
GRILLPYLSUR
699 kr. kg



SPRITE
OG SPRITE ZERO
99 kr. 2l



LAY'S
SNAKK
199 kr. pk.



RITZ
SALTKEK
69 kr. pk.

NÓATÚN

Bestir í kjöti

**Grillbæklingur
Nóatúns
er kominn
í verslanir!**



Kjúklingur á hálfvirði!

Móa ferskur
kjúklingur

2 fyrir 1



ÍTALSKAR NAUTAHAKKS-
BOLLUR, TÓMAT

998 kr. kg

pú sparar
596 kr. kg



UNGNAUASTRIMLAR
Í TEX MEX

1.498 kr. kg

pú sparar
600 kr. kg



Úr
Kjötborði
Nóatúns

NÓATÚNS PURRKRYDDAÐAR
FRAMPARTSSNEIÐAR

1.116 kr. kg

pú sparar
478 kr. kg

NÝTT



**Nóatúns
grillsósur!**



CHRISTGAU
KAFFIBAUNIR
299 kr. pk.



2 fyrir 1

Verði ykkur að góðu!



SÓMABAKKAR

PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*



*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.

SÓMI

Nánari upplýsingar á somi.is

Bæjarráð tekur vel í landvinninga Rannveigar Rist við hús hennar í Garðabæ:

Álversforstjóri má stækka lóð

SKIPULAGSMÁL Rannveig Rist, forstjóri Alcan í Straumsvík, og eiginmaður hennar, Jón Heiðar Ríkharðsson, mega stækka lóðina umhverfis einbýlishús sitt í Garðabæ. Þetta ákvað bæjarráðið í gær.

Í bréfi hjónanna til Garðabæjar kemur fram að þau vilji breyta lóðamörkum við hús sitt á Háhæð 2 til að einfalda frágang og viðhald. Þau vilji að lóðarskiki á horni Hæðarbrautar og Háhæðar sem nú er í landi bæjarins verði hluti af þeirra lóð sem þannig myndi ná út að gangstéttarbrún. Á horninu er tengikassi fyrir síma og brunahani út við gangstéttina.



RANNEIG RIST



HÁHÆÐ 2 Eigendur hornhússins mega stækka lóðina til að einfalda frágang og viðhald.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við höfum hugsað okkur að ganga frá þessu horni í samræmi við aðra hönnun og frágang lóðarinnar og taka að okkur viðhald þess, en þessi frágangur er mjög afgerandi fyrir aðkomuna að húsinu og skiptir okkur því miklu máli að vinna þetta í einni heild,“

segja hjónin í bréfinu til bæjarins og taka fram að þau vænti þess að erindið verði afgreitt með jákvæðum hætti.

Bæjarráðið samþykkti ósk Rannveigar og Jóns Heiðars fyrir sitt leyti og vísaði málinu til skipulagsnefndar bæjarins.

- gar

VINNUMARKAÐUR

Embættisveitingar

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur skipað dr. Helga Torfason í embætti safnstjóra Náttúruminjasafns Íslands til fimm ára, frá 8. maí 2007. Alls bárust sjö umsóknir um embættið.

Mentamálaráðherra hefur og skipað Katrínu Hall í embætti listdansstjóra Íslenska dansflokksins til fimm ára frá 1. ágúst 2007. Fimm umsóknir bárust um embættið.



ÞYRLUR Forstjóri Landhelgisgæslunnar þvertur fyrir að gæslan sé á leið í samkeppni við einkaaðila með útleigu á þyrlum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Flugrekstrarsvið Landhelgisgæslunnar að ríkisfyrirtæki:

Auðveldar þyrluútleigu

LANDHELGISGÆSLAN Í samningi um árangursstjórnun hjá Landhelgisgæslu Íslands (LHG) sem skrifað var undir nýverið er kveðið á um að unnið skuli að því að flugrekstrarsvið gæslunnar verði gert að sérstöku ríkisfyrirtæki. Það myndi til dæmis auðvelda gæslunni að leigja út þyrlur til sérstakra verkefna.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Georg Kr. Lárusson, forstjóri LHG, skrifuðu á dögum undir samninginn í Þjóðmenningarhúsinu. Þar er kveðið á um að unnið verði að tíu ára áætlun um starfsemi LHG.

Georg segir að verði flugrekstrarsviðið gert að sérstöku ríkisfyrirtæki myndi það gera rekstur þess gegnsærri og skilvirkari.

„Við gætum séð nákvæmlega hvað hlutirnir kosta, og hvað við erum að nota peningana í. Við myndum jafnframt eiga meiri möguleika á því að vinna með öðrum og fyrir aðra með sérstöku fyrirtæki um þennan rekstur,“ segir Georg.

„Við viljum ekki fara í samkeppni við einn né neinn, en við viljum geta gert það sem þarf að gera með þyrlum og flugvél sem aðrir geta ekki gert hér á landi, og við viljum geta fengið greitt fyrir það,“ segir Georg.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra þvertur fyrir að með því að aðskilja flugrekstrarsviðið sé verið að undirbúa einkavæðingu þess. „Ég hef ekki nokkurn áhuga á því og tel að það sé mjög óskynsamlegt,“ segir Björn

- bj

Ömissandi með Eurovision

VOGABÆR

Vertu viss um góða bragðið - njóttu Eurovision með Vogaidýfum

Ömmukæfa

– sigild og bragðgóð á brauðið

SS hefur nú tekið ómakið af ömmum landsins og gert frábæra kindakæfu að hætti ömmu. Prófaðu þessa hefðbundnu og góðu kæfu og rifjaðu upp góðar stundir þegar fólk hafði meiri tíma.

SS fremsta fyrir bragðið

20% afsláttur

1358 kr. kg

Krónu Gríshnakki úrb. þurrkryddaður

25% afsláttur

1265 kr. kg

Krónu kryddaðar grísa kótelettur

NÝTT Í KRÓNUNNI

2428 kr. kg

Kjúklingabringur fylltar með rjómaosti og papadew

20% afsláttur

663 kr. kg

Lúxus Frankfurterpýlsur

NÝTT Í KRÓNUNNI

Þín lágvöruverðsverslun

34% afsláttur

399 kr. kg

Móa kjúklingalæri

900 g

998 kr. pk.

Danpo kjúklingabringur

20% afsláttur

2626 kr. kg

Lambafille með fiturönd

- 2x borgarar
- 2x hamborgarabrauð
- 2x ostsneiðar
- 2x BBQ sósur
- Beikon

449 kr. pk.

Lúxus hamborgarar 2stk

350 grömm

279 kr./pk.

Maarud flögur 3 tegundir

4x2 ltr.

499 kr./pk.

Kök eða Kók light kippa

99 kr./stk.

Krónubrauð stórt og gróft

„ORÐRÉTT“

Prátefli við Bobby Fischer?

„Ég hef ekki verið með nein brögð í taflri heldur hef unnið þetta á einlægum og heiðarlegum nótum.“

FRÍDRÍK GUÐMUNDSSON KVÍK-MYNDAGERÐARMÁÐUR STENDUR Í STAPPI VIÐ SKÁSNILLINGINN BOBBY FISCHER SEM SAKAR HANN UM AÐ HAFI HAFT BRÖGÐ Í TAFLI VIÐ GERÐ HEIMILDARMYNDAR UM FISCHER OG SÆMA ROKK.

Fréttablaðið 9. maí

Nefndarmenn fá meiri tíma með börnunum

„Sjálfsagt má deila um hvort fundirnir séu nógu margir eða ekki, en aðalatriðið er að það er alltaf verið að vinna að því að gera Ísland fjölskylduvænna samfélag.“

BJÖRN INGI HRAFNSSON, FORMÁÐUR FJÖLSKYLDUNEFNDAR RÍKISSTJÓRNARINNAR, SVARAR GAGNRYNI UM AÐ 13 MÁNUÐIR ERU FRÁ SÍÐASTA FUNDI NEFNDARINNAR.

Fréttablaðið 9. maí

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SVAVAR ÖRN SVAVARSSON HÁRGREIÐSLUMÁÐUR

Alvöru og töff karlmenn í Helsinki

„Dagsdaglega er ég að vinna á hárgreiðslustofunni minni Senter en núna er ég hins vegar í Helsinki á Eurovision. Ég er bókstaflega á hlaupum hérna um tónleikahöllina og er í þessum orðum töluðum að stíga inn í lyftu til að komast baksviðs en fyrsta rennslið hjá okkar manni er eftir nokkrar mínútur,“ segir Svavar Örn Svavarsson hárgreiðslumaður. Hann hefur fylgt íslensku keppendum margoft á keppnina og segir Eirík Hauksson vera að slá í gegn í Helsinki: „Hann er náttúrulega alveg ótrúlegt sjarmatröll. Hann heillar alla upp úr skónum með því að



vera einlægur og afslappaður og ég held að það sé ein af ástæðunum fyrir því hversu vel honum gengur.“

Svavar segir að það sé alltaf sami flingurinn að fara á keppnina en minna fari fyrir búningamálum Íslendinga í ár en oft áður:

„Eiríkur ætla að ákveða búninginn rétt áður en hann fer á svið. Búningurinn er ekki leyndarmál en hann verður í svörtu leðurdræssi og er mjög rólegur með þetta allt saman. Hann hefur þó úr einhverjum möguleikum að moða,“ segir Svavar og bætir við að íslensku strákarnir séu allir mjög vinsælir í Helsinki. Ástæðan sé kannski sú að fólki finnst hressandi að sjá alvöru karlmenn innan um alla hina keppendurna: „Núna voru til dæmis einhverjir karlar í búningum að labba fram hjá mér og ég fékk næstum ofbirtu í augun. Í ár erum við Íslendingar mjög original og ekta. Ekkert vesen heldur bara töff.“

KOSNINGARÉTTUR:

SKILYRÐI UM EIGNIR

■ Í fyrstu alþingiskosningunum á Íslandi árið 1844 höfðu aðeins karlmenn sem voru orðnir 25 ára og uppfylltu skilyrði um eignir kosningarétt. Það voru um 5 prósent landsmanna. Konur, vinnumenn og fátækir bændur höfðu ekki kosningarétt og þannig var það allt til ársins 1915 þegar skilyrði um eignir voru felld niður. Konur og eignalausir vinnumenn fengu þó ekki kosningarétt fyrr en við 40 ára aldurinn. Árið 1934 var kosningaréttur lækkaður í 21 ár. Árið 1968 lækkaði hann í 20 ár og að lokum í 18 ár árið 1984.



tilveran

nær og fjær

SJÓNARHÓLL

SÍGAUNAR BÉÐNIR UM AÐ FARA



KK
Tónlistarmaður

Viðkvæmt mál og erfitt

„Sem betur fer er ég bara götu-spilari og þarf ekki að taka svona ákvarðanir,“ segir tónlistarmaðurinn KK um þá ákvörðun lögreglu að biðja sígaunahópinn að fara úr landi. Hann treystir þó lögreglunni og er ánægður með að hún hafi slík úrræði. „Ég er voða ánægður með hvað þeir geta farið frjálst með þetta stundum. Til dæmis þegar þeir stoppuðu Hell's Angels í tollinum. Ef það væri alltaf farið eftir stífum bókstafsreglum, þá værum við með Hell's Angels hér á landi. Íslensk yfirvöld eru oft með góða tilfinningu fyrir þessum hlutum. Þau vinna við þetta og ég held að þau hafi kynnt út úr landinu og fylgjast betur með þeim. Menn sem eru jafnvel hættulegir og eru að brjóta lög og komast upp með það. Þeir fara um á dýrum bílum og jafnvel í flugvélum. Kannski ætti að fylgjast betur með þeim heldur en einhverjum fátækum betlurum?“

Eins og að hlaupa upp á Snæfellsnes á 24 tímum

Gunnlaugur A. Júlíusson, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, varð þriðji í hlaupi í Borgundarhólmi í Danmörku um síðustu helgi þegar hann hljóp 197 kílómetra á 24 klukkutímum.

„Þetta fór langt fram úr öllu sem ég átti von á,“ segir Gunnlaugur sem fyrir hlaupið stefndi að því að ljúka 160 kílómetrum en hefði getað lokið 200 kílómetrum hefði GPS-mælirinn ekki orðið fyrir truflun á leiðinni.

„Ég hefði getað farið 200 kílómetra ef ég hefði getað stillt mig af og skrúfað mig upp þegar fjórir tímar voru eftir því að ég var ekki svo þreyttur þegar ég kom í mark. En þetta er alltaf vegasalt. Maður tekur áhættu og þetta var fyrsta hlaupið af þessum toga sem ég tek þátt í þannig að ég var að fara út í óvissuna,“ segir hann.

Árangur Gunnlaugs jafngildir því að hlaupa frá Reykjavík að Hellnum á Snæfellsnesi og rúmlega það í gegnum Hvalfjarðargöngin á einum sólarhring. Það er afrek enda bendir hann á að það hafi „punkterað“ hjá mörgum í hlaupinu. „Þetta er hárfín lína, að fara ekki of hratt eða hægt og borða og drekka rétt.“

Þrjátíu og fjórir hlauparar tóku þátt, þrjátíu og einn lauk hlaupinu. Sigurvegarinn hljóp 226 kílómetra og sá sem varð í öðru sæti hljóp 206 kílómetra á þeim sólarhring sem hlaupið stóð.

Hlaupnir voru 1,8 kílómetra hringir og hringirnir



HLAUPALENGD GUNNLAUGS

taldir. Gunnlaugur segir slík hlaup erfiðari andlega. „Hausinn spilar rullu í þessu líka,“ segir hann og bætir hlæjandi við að talað sé um 200 kílómetra sem „magísku mörkin. Þá er maður kominn í stórmeistaraflokkinn.“

Reykjavíkurborg og Vodafone:

Hringdu og gefðu tré

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri og Árni Pétur Jónsson, forstjóri Vodafone, skrifuðu í gær undir samning um fjarskiptaþjónustu fyrir borgina til næstu þriggja ára. Samhliða því var opnað grænt símanúmer borgarinnar og Vodafone, en í það geta borgarbúar hringt til að gefa tré sem gróðursett verður í landi borgarinnar í sumar. Með því að hringja í símanúmerið 900 9555 gjaldfærast 500 kr. á símareikning. Skógræktarfélag Reykjavíkur sér um að planta trjánum. - þo



ÁGÚSTA OG ÍRIS Opnuðu nýja verslun á Djúpavogi á föstudag.

Ástin togaði austur:

Ný tískuvörubúð á Djúpavogi

Ný tískuvörverslun og gallerí hefur verið opnuð á Djúpavogi. Eigendur eru Ágústa Margrét Arnardóttir frá Höfn í Hornafirði og Íris Dögg Hákonardóttir úr Reykjavík. Fram kemur á vef Djúpavogshrepps að það hafi verið ástin sem dró þær báðar á Djúpavog. Ágústa Margrét er tösku- og fylgihlutahönnuður sem starfar undir nafninu GUSTA DESIGN. Íris Dögg Hákonardóttir keypti verslunina ONI á Laugaveginum árið 2006 en lokaði síðan versluninni og hóf að selja vörurnar á Netinu. Nú er ONI opnuð aftur í nýjum landshluta. - gar



Agro Gris
gólf- og veggflísar
40,5x40,5 cm Kr. 1.695,- pr.m²



Marbella Beige
veggflísar
20x25 cm Kr. 995,- pr.m²



Regina Beige
gólf- og veggflísar
33,3x33,3 cm Kr. 1.250,- pr.m²



Silver Metal effect
gólf- og veggflísar
30x60 cm Kr. 4.995,- pr.m²



Orlando
gólf- og veggflísar
40x40 cm Kr. 1.895,- pr.m²

Mikið úrval af flísum í Múrbúðinni

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM



Opið mán. - fös. kl. 8-18
laugardaga 9-17

MÚRBÚÐIN

Byggingavörverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



Vatnadamsmeyjafélagið Hrafnhildur mun sýna *Gyðjan í vélinni* í varðskipinu Óðni á Listahátíð 10. maí.

SAMANNÁUÐUM VIÐ ÁRANGRI

Samskip er einn af aðalsamstarfsaðilum Listahátíðar í Reykjavík 2007

www.samskip.is

samskip

SVONA SAFNAR ÞÚ GLITNISPUNKTUM

- Kreditkortanotkun
- Viðskiptavinir í Vildarþjónustu*
- Bílalán hjá Glitni Fjármögnun
- Viðbótarlífeyrissparnaður
- Eignastýring
- Einkabankaþjónusta
- Tryggingar hjá Sjóvá og margt fleira

SVONA NOTAR ÞÚ GLITNISPUNKTANA

- Útborgun í peningum
- Ferðalög
- Innborgun á sparnað
- Góðgerðamál og margt fleira

NÝJUNG Í BANKAVIÐSKIPTUM

Vildarklúbbur Glitnis er nýtt tryggðarkerfi fyrir viðskiptavinum í Vildarþjónustu Glitnis.* Meðlimir safna verðmætum Glitnispunktum fyrir það eitt að vera í viðskiptum við Glitni og samstarfsaðila.

Vildarklúbbur Glitnis margborgar sig ... punktur!

* Viðskiptavinir í Vild, Gullvild, Platínum og Námsvild.

GÓÐIR GLITNIS PUNKTAR

SKRÁÐU ÞIG
NÚNA!


Þeir sem skrá sig fyrir
17. júní fá 10.000
Glitnispunkta strax!

GLITNIR

Kynntu þér málið á www.glitnir.is, í næsta útbúi eða hjá Þjónustuveri í síma 440 4000.

Svona erum við

> Fjöldi gjaldþrota félaga á Íslandi 2000-2005



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: SÍGAUNAR

Ofsóttir öldum saman

Lögreglan hefur sent nokkra hópa sígauna úr landi þar sem kvartanir hafa borist um ónæði af þeirra völdum. Þetta fólk hefur leikið tónlist á götum úti og þegið frjáls framlög fyrir. Grunur leikur á að einhverjir kunni að hafa stolið úr verslunum en ekkert hefur sannast í þeim efnum svo vitað sé.

Hverjir eru sígaunar?

Sígaunar eru stærsti minnihlutahópurinn í Evrópu og er talið að allt frá tveimur og upp í átta milljónir búi á meginlandinu. Sígaunarnir búa flestir í Austur-Evrópu og lífa flökkulífi. Þeir kalla sig Rom eða Romani. Það er komið úr sanskrít og merkir maður eða eiginmaður. Þeir hafa ríka menningu og spila til dæmis og syngja af hjartans lyst.



Hvaðan eru sígaunar?

Þeir eiga rætur að rekja til Indlands en fluttust búferlum á miðöldum og settust flestir að í suðausturhluta Evrópu. Þeir hafa víða farið, til Persíu í kringum aldamótin 1000 og til Grikklands á fjórtánda öld. Þeir fluttust þaðan til Balkanlandanna og alla leið til Englands. Þeir hafa unnið við járnsmíðar og sem skemmtikraftar. Enginn veit hvers vegna sígaunar fluttu búferlum frá Indlandi.

Hvernig er komið fram við sígauna?

Þeir voru ofsóttir í Englandi á 16. öld og í Rúmeníu voru þeir hnepttir í þrældóm af landeigendum og seldir á uppboðum fram á miðja nítjándu öld. Í hælforinni voru 400 þúsund sígaunar teknir af lífi. Enn þann dag í dag er komið illa fram við sígauna úti um alla Evrópu.

SPURT & SVARAÐ

STARFSLÝSINGAR

Starfslýsingin þarf að standast lög



MARGRÉT VALA KRISTJÁNSDÓTTIR
Kennari í stjórnslúru við Háskólann í Reykjavík.

Dómsmálaráðuneytið auglýsti nýverið laust til umsóknar starf aðstoðarríkislögreglustjóra og tók sérstaklega fram að aðeins þeir sem hefðu embættispróf í lögfræði, og aðra tilgreinda

reynslu, kæmu til greina. Þetta fer gegn nýlega breyttum lögreglulögum þar sem sérstaklega segir að lögreglumenn geti gegnt stöðu aðstoðarríkislögreglustjóra.

Hvernig þarf lýsing í starfslýsingu á vegum hins opinbera að vera svo að hún standist lög og sé með öllu rétt?

„Í fyrsta lagi þarf hið opinbera að auglýsa störf. Starfslýsingarnar þurfa að vera réttar og í samræmi við skilyrði í lögum. Lýsingin þarf auk þess að vera rétt hvað öll hæfiskilyrði varðar og er þá horft til þess hvaða menntun og reynsla er skilyrði þess að umsækjendur komi til greina sem starfsmenn í viðkomandi starf.“

Kosningalögin komu ekki að hinnum ofan – ekki frekar en sjálfur kosningarétturinn. Hvort tveggja eru mannanna verk og bera þess glögg merki.

„Þá er kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum fer kjósandi með hann inn í kjörklefann, þar sem kjósandinn má einn vera, og að borði því er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en tvö venjuleg dökk ritblý er kjörstjórn lætur í té og sér um að jafnan séu nægilega vel ydd.“ Svo segir í 81. grein laga um kosningar til Alþingis. Ekki er skilgreint hvað telst „nægilega vel ydd“, en að líkindum er það kjörstjórnar að meta það.

Á kjörskrá eru 221.368 kjósendur en sú tala kann að breytast eftir að tekið er tillit til látinna, nýrra ríkisfangshafa og annarra leiðréttinga. Þannig fjölgaði um fimmtán á kjörskrá eftir leiðréttingu í kjölfar síðustu kosninga.

Í kosningum undangenginna 40 ára hefur kjörsoðin verið á bilinu 84-91 prósent en síðast nýttu 87,7 prósent kosningarétt sinn. Til samamburðar má nefna að 84 prósent franskra kjósenda nýttu atkvæðisréttinn í forsetakosningunum þar í landi á dögum og þótti mikið.

Kosið er á samtals 151 stað á



UTAN KJÖRFUNDAR Þúsundir kjósa utan kjörfundar í hverjum kosningum enda margir fjarri heimahögnum á kjördegi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



FRÉTTASKÝRING

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

landinu öllu en kjördeildir eru talsvert fleiri. Flestir eru kjörstaðirnir í Norðvesturkjördæmi, 47, en fæstir í Reykjavíkurborgkjördæmunum, sjö í hvoru kjördæmi.

Þeir skipta hundruðum sem vinna við kosningarnar með einum eða öðrum hætti. Kjósendur verða helst varir við almenna starfsmenn í kjördeildum sem taka niður nafn og kennitölu kjósenda eða vísa þeim til kjörklefa. En samkvæmt laganna hljóðan starfa landskjörstjórn, yfirkjörstjórnir, undirkjörstjórnir og jafnvel umdæmiskjörstjórnir og sérstakar kjörstjórnir. Undan setu í kjörstjórn verður ekki vikist enda segir í 18. grein kosningalaganna: Það er borgaraleg skylda að taka sæti í kjörstjórn.

Kosningalögin eru í 130 greinum í 28 köflum og prentast á 29 A

4 blöð. Síðast var lögum breytt 1999 en grundvallarbreytingar voru einnig gerðar 1982 og 1959.

Ítarlega er fjallað um refsiskvæði sem liggja við margvíslegum brotum á lögum en brot geta varðað allt frá sektum og upp í fjögurra ára fangelsi. Ekki hefur komið til teitingar slíkra refsinga í kjölfar umliðinna kosninga og má af því draga þá ályktun að Íslendingar hagi sér almennt vel á kjörstað og virði lög og reglur um framkvæmd kosninga.

Í lögum er einnig fjallað um óleyfilegan kosningaráróður og kosningaspjöll.

Kjörstaðir opna flestir klukkan níu á laugardag og stendur kjörfundur víðast hvar til tíu um kvöldið. Í fámennum kjördeildum getur kjörfundur staðið skemur.

Talning atkvæða hefst áður en kjörfundi lýkur og er fyrstu talna að vænta úr flestum kjördæmum fljótlegra eftir að kjörfundi lýkur. Ekki er síðustu og endanlegra talna að vænta fyrr en undir sunnudagsmorgun.

LANDSKJÖRSTJÓRN

Hervör Lilja Þorvaldsdóttir

Bryndís Hlökkversdóttir

Gestur Jónsson

Gísli Baldur Garðarsson

Ástráður Haraldsson

ODDVIÐAR YFIRKJÖRSTJÓRN

Norðvesturkjördæmi

Jón Kr. Sólmes

Suðurlkjördæmi

Karl Gauti Hjaltason

Suðvesturkjördæmi

Bjarni S. Ásgeirsson

Reykjavík norður

Þórunn Guðmundsdóttir

Reykjavík suður

Sveinn Sveinsson

Norðvesturkjördæmi

Ríkharður Másson

ÓLEYFILEGUR ÁRÓÐUR

Það er óleyfilegt:

■ að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi merki stjórnmálasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, það er, í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágranni.

■ að hafa merki stjórnmálasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma.

REFSIÁKVÆÐI KOSNINGALAGANNA

Það varðar sektum:

- Ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn.
- Ef kjósandi sýnir af ásettu ráði hvernig hann kys.
- Ef maður njósnar um hvernig kjósandi kys eða hefur kosið.

Það varðar sektum nema þvingi refsing liggja við eftir öðrum lögum:

- Ef kjörstjórnarmaður, sem aðstoð veitir, segir frá því hvernig kjósandi hefur greitt atkvæði.
- Ef sá sem tekur að sér flutning kjörgagna tefur fyrir að þau komist til skila.
- Ef maður torveldar öðrum sókn á kjörfund.
- Ef maður ber á/heitir fé eða fríðindum til að hafa áhrif á

hvort eða hvernig maður greiðir atkvæði. Eða sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni.


■ Ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

Það varðar fangelsi allt að fjórum árum:

- Ef maður beitir þvingunarráðstöfunum, ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns.
- Ef maður vísvitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, býr til kjörseðla er líkjast mjög þeim sem notaðir eru eða ruglar úrslit talningar.

NÝJUNG
Í BANKA
VIÐSKIPTUM

GLITNIR



Netreikningur Sparisjóðsins

Nýr hávaxtareikningur í Heimabankanum – stighækkandi vextir eftir innstæðu
 Netreikningur Sparisjóðsins er óverðtryggður og óbundinn hávaxtareikningur. Þú stofnar Netreikning Sparisjóðsins á www.spar.is. Reikningurinn ber stighækkandi vexti, því hærri innstæða þeim mun hærri vextir skv. vaxtatöflunni* hér að ofan. Þú hefur aðgang að Netreikningnum allan sólarhringinn í gegnum Heimabanka Sparisjóðsins. Vextir eru færðir inn í árslok.

*vextirnir eru miðaðir við vaxtatöflu 21. 4. 2007

	Fjárhæð	Vextir
1. þrep	0 – 1.999.999	12,50%
2. þrep	2.000.000 – 9.999.999	12,85%
3. þrep	10.000.000 – 29.999.999	13,30%
4. þrep	30.000.000 – 59.999.999	13,70%
5. þrep	60.000.000+	14,60%

Enginn binditími

Binditími er enginn og þú getur tekið út hvenær sem þér hentar.

Enginn kostnaður og engin úttektarpóknun

Netreikningur er alltaf laus til útborgunar án úttektarpóknunar í Heimabanka Sparisjóðsins.

Engin lágmarksinnborgun

Ekki þarf að leggja inn tiltekna lágmarksfjárhæð til að fá háa vexti.



SPARISJÓÐURINN
 – fyrir þig og þína

KOSNINGAR 2007 MÁLEFNI

Málefni eða ímyndarstríð

Sitt sýnist hverjum um það hversu málefnaleg kosningabaráttan hefur verið. Fréttablaðið tók tali fólk úr ýmsum áttum og spurði hvaða málefni það hefði mest orðið vart við í umræðunni, en ekki síður hvaða málefni það hefði saknað.

DÓMSTÓLL GÖTUNNAR



Hafdis Inga Karlsdóttir

1. Umhverfismál og virkjanir. 2. Mér finnst eins og það sé rætt um öll málefni en lítið um hvert um sig.



Erlendur Ingvason

1. Ég hef ekkert fylgst með kosningabaráttunni. Ég kys ekki einu sinni. 2. Málefni öryrkja og aldraðra.



Brynja Huld Óskarsdóttir

1. Samgöngur. 2. Menntamál.



Vaka Rúnarsdóttir

1. Umhverfis- og efnahagsmál. 2. Mér finnst eins og allir flokkar reyni að finna eitthvað við allra hæfi, þótt það sé kannski grunnt á því mörgu.



Björn Gunnarsson

1. Mér finnst hún hafa snúist fyrst og fremst um yfirboð. 2. Málefni eldri borgara.

Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri saknar meiri umræðu um menningarmál:

Menningarmálin á oddinn

„Mér finnst ánægjulegt hvað velferðarmálin hafa verið mikið í umræðunni,“ segir Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri. Hún segir kosningaumræðuna hafa verið lífliga en saknar þess að sviðsljós-ið hafi ekki verið í meira mæli á mennta- og menningarmálum. „Ég sakna meiri umræðu um menningar- og menntamál. Ég hefði viljað sjá meira hugrekki hjá stjórnmalaflokkunum hvað varðar að setja skapandi atvinnuvegi í forgrunn.“

Tinna fagnar því að flokkarnir standi vörð um Þjóðleikhúsið. „Það er því betur viðtæk sátt um að halda úti metnaðarfullu Þjóðleikhúsi. Stjórnmalaflokkarnir

vilja það allir, og þar er Sjálfstæðisflokkurinn ekkert undanskilinn. Það skiptir miklu máli fyrir samfélagið að við höldum úti menningarstofnunum í hverri grein lista því án þeirra er hætt á því að grasrótin hverfi líka.“

Tinna segist skynja að ríkur vilji sé hjá öllum flokkum að byggja upp sterkt og traust velferðarkerfi. „Mér finnst þjóðin vera að vakna upp við það að við getum ekki aðeins hugsað um einstaklinginn og einkavæðingu heldur þarf líka að hugsa um að byggja upp manneskjulegt samfélag fyrir alla þegna. Á það jafnt við um hægri og vinstri flokka.“



TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR

Sigursteinn Másson, formaður ÖBÍ:

Leiðinleg en málefnaleg

Kosningabaráttan hefur verið bæði leiðinleg og klisjukenn, og ferskar hugmyndir hefur skort, að mati Sigursteins Mássonar, formanns Öryrkjabandalags Íslands. „Mér hefur fundist baráttan hafa verið í hefðbundnum skotgrafarhernaði þó svo að þetta hafi sennilega verið málefnalegri kosningabaráttan en ég hef orðið vitni að áður.“

Sigursteinn segir að velferðarmálin í víðu samhengi hafi verið áberandi; umhverfismálin, stóriðjumálin, og að einhverju leyti efnahagsmálin. Þar hafi baráttan þó líðið fyrir að umræðan hafi ekki verið nægilega markviss.

„Mér finnst vanta svolítið skýra hugmyndafræði hjá stjórnmalaflokkunum um það hvert beri að stefna með velferðarþjónustuna. Hvernig eigi að auka gæði heilbrigðisþjónustunnar, hvernig eigi að veita öryrkjum, fötludum og öldruðum tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu og fleira í þeim dúr,“ segir Sigursteinn.

Hann segist fyrst og fremst sakna umræðu um heilbrigðismálin út frá hugmyndafræði eða stefnumörkun. Einblínt hafi verið um of á biðlista og manneklum, sem auðvitað séu stórt mál, en séu afsprengi þess að hér hafi skort stefnu og hugmyndafræði í þessum málaflokki.

SIGURSTEINN MÁSSON
FORMAÐUR ÖRYRKJABANDALAG

Gunnar Páll Pálsson, formaður VR:

Skrykkjótt og daufleg barátta

Kosningabaráttan hefur verið þökkalega málefnaleg, en á sama tíma fremur skrykkjótt og daufleg fyrir vikið, segir Gunnar Páll Pálsson, formaður VR. Í alþjóðlegri samfélagi verði þó stefnumál flokkanna líkari en oft áður.

„Það voru nokkur mál sett á dagskrá, en hafa sum hver fallið út aftur. Það var mikið rætt um velferð og fátæktarmál í upphafi baráttunnar, en þau mál hafa ekki orðið ofan á, sérstaklega eftir að það kom út skýrsla frá Hagstofunni með samanburði við önnur lönd,“ segir Gunnar Páll.

„Frjálslyndir settu málefni útlendinga á dagskrá, og fengu mikla umræðu í skamman tíma, án þess að það hafi náð að verða að meginmáli kosningabaráttunnar. Svo stefndu umhverfismálin í að verða aðalmálið, en eftir kosninguna í Hafnarfirði hafa þau horfið af borðinu. Mér finnst að það sem eftir standi á lokametrunum séu atvinnu- og efnahagsmál,“ segir Gunnar Páll.

Hann segist ekki sakna neins ákveðins málefns úr umræðunni, tæpt hafi verið á helstu málunum.

Gunnar Páll segir umræður í fjölmiðlum ef til vill hafa orðið ómarkvissari en ella fyrir þessar kosningar þar sem sjötta framboðið hafi komið fram. Erfitt væri að láta raddir allra hljóma jafnt, til dæmis í sjónvarpsal, án þess að umræðan verði yfirborðskennd.



GUNNAR PÁLL PÁLSSON

Freyja Haraldsdóttir fyrirlesari:

Ekki sömu gömlu tuggurnar

Þeim sem blöskrar ómálefnaleg umræða í kosningabaráttunni ættu að taka sig til og kynna sér á eigin forsendum stefnu flokkanna, til dæmis með því að kanna vefsíður þeirra, segir Freyja Haraldsdóttir fyrirlesari. Hún segir að kosningabaráttan í ár hafi verið fjölbreytt og skemmtileg, ekki sömu gömlu tuggurnar eins og stundum áður.

„Mér hefur fundist náttúruverndarmálin mest áberandi og þær umræður sem urðu í kringum þau. Málefni fjölskyldunnar hafa mér einnig þótt áberandi, sem og innflytjendamálin,“ segir Freyja.

Hún segist ekki mikið hafa fylgst með sjónvarpsþáttum þar sem fjallað er um komandi kosningar, en segist líta á það sem skyldu sína í lýðræðisþjóðfélagi að kynna sér stefnu flokkanna upp á eigin spýtur.

„Það sem ég hef kynnt mér er mjög málefnalegt, en það sem ég sé útundan mér í sjónvarpi endar oft í því að verða lítið málefnalegt. Fólk missir sig of mikið út í einhverjar þrætur í staðinn fyrir að ræða það sem flokkarnir standa fyrir,“ segir Freyja.

Hún segist sakna umræðna um málefni fatlaðs fólks, og það sem sé rætt um þann málaflokk sé yfirleitt gert á röngum forsendum. Ræða þurfi grundvallaratriði eins og aukna þjónustu við fólk með fötlun og hærri



FREYJA HARALDSDÓTTIR

laun fyrir þá sem veita þjónustuna. Það sé grundvöllur þess að fatlað fólk geti stundað nám og komist út á vinnumarkaðinn. Einnig hafi skort á umræðu um skólumál; jafnrétti til náms, skóla án aðgreiningar og einstaklingsmiðað nám fyrir alla.

DÓMSTÓLL GÖTUNNAR



Ásdís Gottskáldsdóttir

1. Stimpilgjöld og misskipting. 2. Stuðningur við meðferðarheimili.



Páll Magnússon

1. Mér finnst hún hafa snúist mest um skoðanakannanir. 2. Öll alvörumál hafa orðið út undan.



Guðmundur Halldórsson

1. Umhverfismálin og ekki síst efnahagsmálin, málefni eldri borgara til dæmis. 2. Það er fyrst og fremst svokallaður velferðarhalli. Mismunur í þjóðfélaginu er orðin mikil og áberandi.



Diego Björn Valencia

1. Ég hef ekki tekið eftir því að einhver mál hafi verið meira áberandi en önnur. 2. Að leyfa sölu áfengis í kjörbúðum.



Hrafnhildur Jóhannesdóttir

1. Virkjanamálin. 2. Það hefði mátt ræða meira um málefni kennara.

Börn

Herrar

Dömur

Heimilið

Snyrtivörur



Kíkt'í

undirfatadeildina og fáðu það flottasta á betra verði.

Komdu og sjáðu öll nýju tilboðin – þú vilt ekki missa af þessu!


Ókeypis brjóstahaldaramæling!

Hjá okkur er ráðgjöf við val á brjóstahöldurum hluti af þjónustunni og án allra skuldbindinga.

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

> Verð á klippingu kvenna í febrúar 2003-2007.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR LÖGFRÆÐINGUR

Frjáls framlög í ræktina og augnskuggar

„Verstu kaupin mín hljóta að vera öll þau líkamsræktarkort sem ég hef fjárfest í um árin. Þessi kaup hafa frekar verið eins og frjáls framlög til þeirra líkamræktarstöðva sem ég hef verslað við. Ég veit í raun ekki hvað ég hef eytt miklum peningum í þetta um ævina en nýtingin hjá mér er kannski um þriðjtu prósent, ef svo góð. Ástæðan fyrir þessu klúðri hjá mér er kannski sú að ég kaup þessi kort langt fram í tímann og oftast á einhverju tilboði. Líklega á ég þetta sameiginlegt með þúsundum Íslendinga,“ segir Krist-



rún Heimisdóttir lögfræðingur. „Bestu kaupin fyrir konu í mínu starfi eru augnskuggar frá Mac. Ég er á þeytingi allan daginn en þeir endast mjög lengi og því er þetta praktískt. Ég fékk svo góða þjónustu í búðinni að ég keypti meira en ég ætlaði og þurfti nánast áfallahjálpa á eftir. Þetta voru samt frábær kaup því vörurnar eru vandáðar og góðar. Ég þvæ augnskuggaburstana upp úr sama sjampóinu og ég nota sjálf. Þetta hljóta að teljast góð meðmæli frá fótboltakonu eins og mér sem hugsaði ekki mikið um snyrtivörur áður en hún kynntist Mac.“

HÚSRÁÐ

KENNA BÖRNUNUM GRUNÐVALLARATRÍÐIN

■ Gísli Hrafn Atlason feministi segir heillavænlegasta húsráðið að kenna ungvíðinu grundvallaratriði þrifa og matseldar.

„Langbesta húsráðið er auðvitað að kenna börnunum og hjálpa þeim að þrifa og elda. Það er meiri fyrirhöfn í fyrstu en margborgar sig þegar til lengri tíma er litið,“ segir Gísli Hrafn Atlason, mannfræðingur og feministi. „Þetta þýðir kannski hálf-tíma meiri vinnu í eldamensku en gæti sparað margra ára streð. Þess ber að geta að húsráðið gildir vitskuld fyrir bæði kynin og ekki síst strákana,“ segir hann.



Verðlag

Handklæðaofnar geta kostað sitt

Mikið vatnsmagn þarf til að hita upp handklæðaofn og einnig til að hann þurrki handklæðin almennilega. Sé hann í botni alla daga og skrúfaður hátt upp getur hitareikningur heimilisins margfaldast. Áður en fólk fjárfestir í handklæðaofnum ætti það að fá upplýsingar hjá pipulagningamanni eða fulltrúa frá Orkuveitu Reykjavíkur um tilvonandi eyðslu. Kílóastund í rafmagni er ný sinnum dýrari en í heitu vatni en handklæðaofnar eru ýmist hitaðir með rafmagni eða heitu vatni.



Dýrt/ódyrast

Eurovision-kosning

Neytendasamtökin og ENA á Íslandi gerðu í fyrra verðkönnun á sms-skeytum og símtölum fyrir söngvakeppni sjónvarpsstöðva. Ísland lenti í fjórða sæti yfir lönd með hæsta verðið, bæði í flokki sms-skeyta og símtala, en þau kostuðu 100 krónur stykkið. Aðeins Grikkir, Rúmenar og Spánverjar greiddu herra verð en Íslendingar. Ódyrast var að hringja frá Danmörku en þar kostaði símtalið þrjár krónur og í öðru sæti var Þýskaland með ellefu krónur fyrir símtalið. Sms-skeytin voru ódyrast í Andorra en þar voru greiddar tíu krónur fyrir stykkið en Danir voru í öðru sæti og greiddu tólf krónur fyrir stykkið.



Demants ...

... **kjarnaborar:** 42 - 400 mm

... **slípibollar:** 125 og 180 mm

... **sagarblöð:** 125 - 800 mm

Gæði og gott verð.

PÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Nýjung í ræstingum

– þú nærð herra með UniFlex afþurrkunarsetti

Nú á tilboði!

1.398,-

UniFlex afþurrkunarsett og tvær aukamoppur.

Rekstrarvörur

- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Henrietta Holz Jensen
sólumaður í útibúi RV í Danmörku

Enn of snemmt að setja niður sumarblómin

Sumarið er rétt handan við hornið og margir eru farnir að sinna vorverkunum í garðinum. Jón Ragnar Björgvinsson skrudgarðameistari segir að enn sé of snemmt að setja niður sumarblómin.

„Um leið og sólin fer að skína streymir fólk af stað og vill fá sumarblóm. Ég er hins vegar svo harður að ég vil ómögulega selja þeim þau strax,“ segir Jón sem hefur starfað við garðyrkju um áratuga skeið og veitir ráðgjöf í gróðarstöðinni Stord.

Jón segir að best sé að biða með að setja niður sumarblómin þangað til síðar í mánuðinum. „Upp úr 20. maí er fínt að fara að huga að þessu ef spáin er góð. Það er betra að hafa varann á því það getur alltaf kólnað á þessum árstíma. Í fyrra var til dæmis nætur frost allar nætur frá því um miðjan maí og fram í byrjun júní og flest sumarblóm þola ekki frost,“ segir Jón. Hann bendir á að nú sé hins vegar fínn tími til þess að stinga upp beðin, losa um moldina og kaupa áburð.

„Nú er að verða of seint að klippa runnana og vorlaukarnir ættu að vera komnir í mold. Það þarf að setja vorlaukana niður seinni part vetrar og það eina sem hægt er að eiga við úr þessu eru anímónur,“ segir Jón.

Jón segir að tískan ráði ferðinni þegar kemur að sumarblómum líkt og í öðru. „Það eru alltaf að koma nýjar og nýjar tegundir og þessar gömlu láta undan. Sala á stjúpum minnkar ár frá ári enda kann fólk ekki orðið að rækta þær. Það þarf að klippa þær niður í ágúst og þá standa þær í blóma alveg fram í október. Flestir tíma þessu hins vegar ekki og þá leggjast blómin niður og drepast,“ segir Jón.

Hvað varðar umhirðu sumarblóma segir Jón að mikilvægt sé að vökva moldina vel eftir að sumarblómum hefur verið plantað. Þá sé einnig nauðsynlegt að gefa þeim áburð. „Sumarblómin eru viðkvæm og því velur maður þeim besta staðinn í garðinum helst að sunnan- eða vestanverðu. Hver og einn raðar blómum niður eftir smekk en maður þarf þó að hafa vaxtarými plantnanna í huga. Það er mikilvægt að hugsa fram í tímann og sjá blómið fyrir sér eins og það verður þegar það nær fullum blóma,“ segir Jón.

thorgunnur@frettabladid.is



HUGAÐ AÐ SUMARBLÓMUNUM Jón Ragnar segir að vissara sé að biða fram yfir 20. maí með að planta sumarblómum. Nú er hins vegar góður tími til þess að undirbúa beðin og losa um moldina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

MATUR & NÆRING INGIBJÖRG ELÍN ÁRNADÓTTIR MATVÆLAFRÆÐINGUR

Rekjanleiki matvæla



Við neytendur búum við það að matvæli eru framleidd af öðrum en okkur sjálfum og við treystum því að þeir, sem að matvælaframleiðslu koma, sjái okkur fyrir öruggum og heilnæmum matvælum. En þrátt fyrir góðan vilja geta komið upp tilvik sem gera það að verkum að innkalla þurfi vörur af markaði.

Til að slík innköllun megi ganga sem greiðast þarf að vera hægt að rekja feril matvörunnar, allt frá framleiðslu hráefna, út í gegnum framleiðsluferli vörunnar, dreifingu og smá-sölu. Þetta er kallað rekjanleiki. Um rekjanleika vöru gilda reglur sem fela meðal annars í sér að fyrir hverja einingu, sem framleidd er, þarf framleiðandinn að geta tilgreint hvaða hráefni voru notuð, hvenær þau voru keypt og af hverjum og hvenær varan var framleidd, hvert hún var seld og hvenær. Á sama hátt þarf smásali að hafa handbærar upplýsingar um hvaðan allar vörur voru keyptar og hvenær. Sama

gildir um alla milliliði. Hver og einn þarf að geta rakið feril vörunnar eitt skref til baka, það er að segja hvaðan hann fékk vöruna, og eitt skref áfram eða hvert hún fór frá honum.

Til að þetta sé vörueining merkt með annaðhvort framleiðsludagsetningu eða svokölluðu lotunúmeri sem segir úr hvaða framleiðslulotu varan er. Framleiðslulota þýðir að allar einingar innan lotunnar eru nákvæmlega eins. Verði mistök í framleiðslu þarf eingöngu að taka til baka einingarnar með því tiltekna lotunúmeri. Í sjálfvirkri framleiðslulotu væri til dæmis hægt að gefa framleiðslu hvers dags sama lotunúmer. Íslensk stjórnmöld eru aðilar að samevrópsku vaktkerfi sem fylgist með ef gallar finnast í vörum á alþjóðamarkaði. Ef slík tilvik koma upp eru öll löndin, sem eiga aðild að vaktkerfi

inu, látin vita strax að vörur frá þessum framleiðanda, með þessu lotunúmeri séu gallaðar og eigi að afturkalla af markaði. Þetta getur verið mjög mikilvægt í heimi alþjóðlegra viðskipta með matvæli eins og nú tíðkast. Sem betur fer er ekki algengt að afturkalla



þurfi matvæli af íslenskum markaði en þó kemur það fyrir. Þannig hafa íslensk stjórnmöld fengið tilkynningar, í gegnum vaktkerfið, um kryddblöndur með litarefni ekki standast reglur Evrópusambandsins, hnetur sem greinst hafa með leifar af sveppapeitri og fleira. Rekjanleiki vöru gerir því innköllun matvæla fljótvirkari og markvissari og kemur í veg fyrir óþarfa sóun ef til þess kemur að afturkalla þurfi vöru af markaði.

www.mni.is



EINU SINNI VAR RISI SEM BJÓ Í REYKJAVÍK. RISINN LAGÐIST TIL DVALA AF ÓÞEKKTUM ÁSTÆÐUM OG SVAF VÆRUM SVEFNI UNDIR BORGinni, UNS ALLIR HÖFÐU GLEYMT TILVIST HANS. DAG EINN UPPGÖTVAR FORNLEIFASTOFNUN FRAKKLANDS GOSHVER Í REYKJAVÍK. FORNLEIFAFRÆÐINGAR REKAST Á HINN SOFANDI RISA OG RASKA RÓ HANS SVO HANN VAKNAR UPP. HANN LÆTUR ÖLLUM ILLUM LÁTUM, EYÐILEGGUR NÁLÆGA BÍLA MEÐ TRÖLLVÖXNUM HNÍFAPÖRUM SÍNUM OG YFIRVÖLD SJÁ SIG KNÚIN TIL AÐ SETJA SIG Í SAMBAND VIÐ DÓTTUR HANS, GÓÐHJARTAÐA RISESSU. RISESSAN DVELUR HÉRLENDIS Í TVO DAGA. HÚN ÆTLAR AÐ AÐSTOÐA BORGARBÚA OG TÆLA FÖÐUR SINN AF LANDI BROTT... GLITNIR, Í SAMSTARFI VIÐ FRANSKT VOR Á ÍSLANDI, BÝÐUR RISESSUNA ÚR SMÍÐJU FRANSKA GÖTULEIKHÚSSINS ROYAL DE LUXE, VELKOMNA Á GÖTUR REYKJAVÍKUR, DAGANA 11. OG 12. MAÍ.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 7.728 -0,80% Fjöldi viðskipta: 367
Velta: 5.497 milljónir

MESTA HÆKKUN



Marel

+2,00%

MESTA LÆKKUN



Össur

-2,68%

Mosaic Fashions

-1,44%

Straumur-Burðarás

-1,24%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVISITÖLU: 365 3,56 +0,00% ... Actavis 78,20 -0,89% ... Alfesca 4,80 +0,00% ... Atlantic Petroleum 800,00 +0,00% ... Atorka 7,14 +0,00% ... Bakkavör 68,20 +0,00% ... Eimskipafélagið 34,40 -0,58% ... FL Group 28,80 -0,86% ... Glitnir 27,00 +0,00% ... Kaupþing 1.056 -1,22% ... Landsbankinn 35,15 -0,57% ... Marel 76,50 +2,00% ... Mosaic Fashions 17,10 -1,44% ... Straumur-Burðarás 19,95 -1,24% ... Össur 109,00 -2,68%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Sampo jók hagnað um 820 prósent

Félagið hyggur ekki á frekari kaup í Nordea.


Finnska fjármálfyrirtækið Sampo Group hagnaðist um 3,1 milljarð evra, um 272 milljarða íslenskra króna, fyrir skatta á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þetta er 820 prósentum meiri hagnaður en í fyrra. 90 prósent af hagnaðinum eru til komin vegna sölu á Sampo Bank til Danske Bank. Exista er stærsti hluthafinn í Sampo með 15,5 prósentu hlut.

Til samanburðar nam heildarhagnaður Existu, Glitnis, Kaupþings, Landsbankans og Straums-Burðarás alls um 246 milljónum króna í fyrra.

Exista, sem hagnaðist um 57,2 milljarða á fyrstu þremur mánuðum ársins, tekur hlutdeild í hagnaðinum sem nemur eignarhlut fyrirtækisins í Sampo.

Björn Wahlroos, forstjóri Sampo, telur ósennilegt að fyrirtækið bæti við 3,2 prósentu hlut sinn í Nordea, stærsta fjármálfyrirtæki Norðurlanda. Þá er hann efins um að Sampo falist eftir fimmtungshlut sænska ríkisins í Nordea. „Miðað við núverandi verð ætjum við ekki að kaupa fleiri bréf í Nordea og höfum engin ákveðin áform um að gera svo,“ sagði Björn við Reuters.

HAGNAÐUR SAMPO Í SAMANBURÐI VIÐ EXISTU, GLITNI, KAUPÞING, LÍ OG STRAUM*



* Í MILLJÓRÐUM KRÓNNA

Sérfræðingar gera því skóna að Sampo hafi áhuga á að fjárfesta í dönsku váttryggingafélagunum Codan eða Trygvesta. Uppgjör Sampo Group var lítill gegn væntingum markaðsaðila og lækkaði gengi hlutabréfa um um 1,7 prósent í OMX-kauphöllinni í Helsinki í gær.

MARKAÐSPUNKTAR

Glitnir hefur selt allt hlutfé í Fjárfestingafélaginu Mætti hf. að því er fram kemur í tilkynningu til Kauphallar. Glitnir átti tæpan helming í félaginu á móti Sjóvá-Almennum.

Þá tilkynnti Glitnir um breytingar á yfirstjórn. Sveinung Hartvedt hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri markaðsviðskipta, Morten Bjørnsen, framkvæmdastjóri viðskiptabankastarfssemi á Norðurlöndunum, tekur sæti í framkvæmdastjórn og Frank O. Reite verður framkvæmdastjóri yfir vexti og viðskiptaþróun.

Hollenska drykkjarvöruvörufyrirtækið Refresco, í meirihlutaeigu FL Group, Vífilfells og Kaupþings, hefur eignast franska fyrirtækið Nuits Saint-Georges Production SAS í Frakklandi. Um er að ræða fjórðu fyrirtækja-kaup Refresco á síðastliðnum þremur mánuðum.

Stærri yfirtökur dýrari

Útlit er fyrir að Actavis láti vera að eltast við stærri yfirtökur að því er Róbert Wessman, forstjóri félagsins, sagði á kynningarfundum í gærmorgun. Hann segir félagið halda sömu stefnu og undanfarnar ár með kaupum á smærri fyrirtækjum og innri vexti.

Um miðja síðustu viku dró Actavis sig úr slagnum um samheitalyfjahluta Merck og í fyrra var ákveðið að eltast ekki við Pliva í Króatíu. „Merck hefði hentað okkur mjög vel, en enn og aftur höfum við sagt að við viljum ekki borga meira en við teljum okkur geta skilað til baka til hluthafanna.“ Hann segir verðmiðann á Merck þegar hafa verið orðinn hærri en Actavis vildi borga og fyrriséð að kostnaður myndi enn aukast í lokaumferð tilboðsferlisins. „Kennitölur í yfirtökum hafa hækkað töluvert á einu til tveimur árum,“ segir hann.

Þá kom fram hjá Róberti að



AFKOMAN KYNNT Róbert Wessman forstjóri, Sigurður Óli Ólafsson aðstoðarforstjóri og Mark Keatley, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Actavis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

önnur félög hafi ekki leitast við að taka Actavis yfir, þrátt fyrir tilförlulega hagstæðar kennitölur félagsins. Þetta skýrir hann með því að Actavis hafi leitt samrunaferli í geiranum og verið hvað aðgangsharðast í að taka yfir önnur félög. „Þetta hefur því ekki verið til umræðu í mörg ár.“

- óká

Niðurrífi veggja að ljúka

Talið er líklegt að Marel muni taka þátt í tilboðsferli um CFS, stærsta matvælavélaframleiðanda heims, og þá hefur félagið lagt fram verðhugmyndir til stjórnar Stork.

Stjórnendur Marels Food Systems eru hvergi nærri hættir í leit sinni að heppilegum fyrirtækjum til yfirtöku á og hafa að jafnaði á tvö til fjögur fyrirtæki í skoðun. Allar líkur eru taldar á því að félagið taki þátt í fyrsta hluta söluferlis á hollenska fyrirtækinu Convenience Food Systems (CFS) sem er stærst sinnar tegundar í framleiðslu á hátæknibúnaði fyrir matvælaíðnaðinn en Marel það þriðja stærsta ef horft er til markaðshlutdeildar. CFS, sem velti alls 430 milljónum evra á síðasta ári, hefur verið í eigu fjárfestingasjóðs í þrjú ár.

Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marels, telur að það geti ótvírátt ráðist í stórar yfirtök-

ur og bendir á að í sjóðum félagsins liggja um fimm milljarðar króna. Eiginfjárlutfall félagsins er um fjórtíu prósent en fjárfestingargeta er meiri en svo þar sem veltufjárlutfall er nærri tveimur.

Landsbankinn, Marel og Eyrir Invest eru meðal stærstu hluthafa í Stork NV í Hollandi. Marel hefur borið víurnar í Stork Food Systems, dótturfélag Stork, en þrátt fyrir ítarlegar viðræður hafa þær tilraunir ekki borið árangur sem erfiði. Stjórnendur félagsins hafa til dæmis lagt fram aðlaðandi verðhugmyndir sem hefðu að öllu óbreyttu átt að leiða til samninga viðræðna. Málið strandar á tæknilegum ástæðum.

Sökum kaupna Marels á Scanvægt

og AEW Delford á síðasta ári hefur samþættingarvinna sett mark sitt á rekstur félagsins. Sú vinna hefur hins vegar gengið vel og er stefnt að því að samþætting sölu- og þjónustukerfis verði lokið á öðrum ársfjórðungi. Þannig verða 45 starfsstöðvar í 22 löndum sameinaðar í tuttugu fyrirtæki. Innri vöxtur Marels var um tíu prósent á fyrsta ársfjórðungi.

Hörður Arnarson, forstjóri Marels, segir að þar með sé langt í frá að samlöguninni sé lokið, því nú sé verið að ljúka við að fjarlægja þær hindranir sem voru fyrir samruna fyrirtækja innan samsteyppunnar og nú taki við tólf til átján mánaða uppbyggingarstarf og uppskera samlegðaráhrifa. „Við höfum orðað það þannig að fyrstu tólf mánuðina höfum við meira verið að rífa niður veggja alls staðar í fyrirtækinu og í öllum löndum þar sem við störfum,“ sagði hann á kynningarfundum í gær og spár því að samlegðaráhrif komi fram á seinni hluta ársins.

Stjórnendur félagsins búast við að einskíptiskostnaður verði minni en áður var talið; gjaldfærður einskíptiskostnaður nam 3,2 milljónum evra á fyrstu þremur mánuðum ársins. Reiknað er með að einskíptiskostnaður vegna fyrirtækjakaupa síðasta árs verði að fullu kominn fram á öðrum ársfjórðungi.

eggert@frettabladid.is

ÍBÚAR Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI!



Kjósum okkur
sanngjarnara samfélag

Verið velkomin á kosningaskrifstofur okkar
Hamraborg 14, Kópavogi og Háholt 14, Mosfellsbæ.

Kolbrún, Valdimar, Helgi og Guðrún Maria

Opið allan daginn.

Kjóstu F!
forysta fyrir íslenska þjóð



Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is



REYKJAVÍK Aukin umsvif á fasteignamarkaði hafa hækkað fasteignaverð. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Enn hækkar íbúðaverðið

Aukin umsvif á fasteignamarkaði hafa leitt til þess að útlán Íbúðalánasjóðs, banka og sparisjóða hafa aukist en það hefur valdið hækkunum á fasteignaverði eftir kyrrstöðu í nokkra mánuði. Þetta kemur fram í mánaðarskýrslu Íbúðalánasjóðs fyrir apríl, sem kom út í gær. Þá fjölgaði þinglýstum kaupsamningum á höfuðborgarsvæðinu um 30 prósent á milli ára í mánuðinum.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, segir ástæðurnar liggja í auknum kaupmætti síðastliðna tólf mánuði, meiri bjartsýni, fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu og auðvelt aðgengi íbúðakaupenda að lánsfé, ekki síst í erlendri mynt.

- jab

Næstbesti fjórðungur SPRON

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) hagnaðist um 4,7 milljarða króna á fyrstu þremur mánuðum ársins samanborið við rúman 1,1 milljarð króna á sama tíma í fyrra. Þetta er 318 prósentu aukning frá sama tíma í fyrra.

Eigið fé sparisjóðsins nam 30,5 milljörðum króna í lok fjórðungsins en það er nokkur samdráttur frá áramótum þegar það nam tæpum 34,8 milljörðum króna.

Guðmundur Hauksson sparisjóðsstjóri segir afkomuna góða enda sé þetta næstbesta uppgjör



SPRON Sparisjóðsstjóri SPRON er hæstánægður með afkomuna enda jókst hagnaðurinn um 318 prósent á milli ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

sparisjóðsins á einum fjórðungi í 75 ára sögu hans.

- jab

Kaupir langt yfir tilboðsgengi

KG fiskverkun á Rífi, sem Hjálmar Kristjánsson, stjórnarmaður í Vinnslustöðinni, fer fyrir, keypti hlutabréf í Vinnslustöðinni fyrir um 61,9 milljónir króna á þriðjudaginn.

Kaupgengið var 8,3 krónur á hlut sem er langt umfram það tilboðsgengi sem ráðandi hluthafar, er vilja taka Vinnslustöðina yfir, bjóða í bréf annarra hluthafa. Það hljóðar upp á gengið 4,6.

Hjálmar er bróðir Guðmundar Kristjánssonar, forstjóra Brims, sem hefur lýst því yfir að yfirtökuþilboðið sé of lágt. Saman eiga þeir feðgar, Guðmundur, Hjálmar og Kristján Guðmundsson, rúm þrjátíu prósent í Vinnslustöðinni.

Að yfirtökuþilboðinu standa



Í VINNSLUSTÖÐINNI Í VESTMANNAEYJUM Töluverð viðskipti hafa verið með bréf í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum undanliðna daga, á gengi hátt yfir genginu sem boðið er í yfirtökuþilboði ráðandi hluthafa

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Eyjamenn, félag sem m.a. er undir forystu Sigurgeirs B. Kristgeirssonar, framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar. Miðað við 30

prósenta arðgreiðslu fyrir síðasta ár er kaupgengi KG fiskverkunar 70 prósentum yfir tilboði Eyjamanna.

- epa



KASSI AF CARLSBERG Bjórframleiðandinn sneri baki við tapi síðasta árs á fyrsta fjórðungi þessa árs.

Bjórinn skilar hagnaði

Danski bjórframleiðandinn Carlsberg skilaði hagnaði upp á 45 milljónir danskra króna, jafnvirði 525,4 milljóna íslenskra króna, á fyrsta fjórðungi ársins. Þetta er umtalsvert betri afkoma en í fyrra en þá skilaði fyrirtækið tapi upp á 219 milljónir danskra króna, eða rúma 2,5 milljarða íslenskra.

Bjórsala jókst um 21 prósent á milli ára á tímabilinu. Aukningin dreifist nokkuð enda minnkaði bjórsala í heimalandi Carlsberg og í Bretlandi á meðan hún jókst talsvert í öðrum Evrópuríkjum og Rússlandi.

Stjórnendur Carlsberg voru hæstánægðir með niðurstöðuna í gær og segja horfur á árinu góðar.

- jab



MERKI NÁMUFÉLAGANNA Orðrómur fór á kreik í gær að námufyrirtækið BHP Billiton hygðist gera yfirtökuþilboð í keppinautinn Rio Tinto.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Yfirtaka á Rio Tinto?

Orðrómur fór á kreik í gær að bresk-ástralska námu- og álfyrirtækið BHP Biliton væri að undirbúa yfirtökuþilboð í landa sinn og helsta keppinaut, Rio Tinto. Gengi bréfa beggja félaga hækkaði mikið, þó mest í Rio Tinto sem fór upp um 11 prósent í 99,69 dali á hlut í kauphöllinni í Sydney í Ástralíu og hefur aldrei verið hærra.

Talsmaður Rio Tinto vísaði orðrómnum á bug en Chris Lynch, forstjóri BHP, sagði félagið ætíð vera að skoða góða fjárfestingakosti.

Greinendur sem breska ríkisútvarpið ræddi við telja að yfirtökuþilboði í Rio Tinto, sem skilaði metafkomu í fyrra, verði vart undir 100 milljörðum dala, jafnvirði 6.426 milljarða íslenskra króna.

- jab

Það hefur aldrei verið betra að búa á Íslandi



SJÁLFSTÆDISFLOKKURINN Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI

Ísland hefur breyst í land tækifæranna undarfarin ár. Lífskjör okkar eru með allra besta móti og ungt fólk hefur aldrei haft jafn margra valkosti fyrir framtíðina.

Þessi velferð er ekki síst traustri efnahagsstjórn að þakka. Höldum áfram.

Nýir tímar á traustum grunni.

- Álftanes
- Garðabær
- Hafnarfjörður
- Kjós
- Kópavogur
- Mosfellsbær
- Seltjarnarnes





Vnr. 41616029
Sófasett
ESPIRIT ACACIA sófasett í garðinn, Iron Wood viður 2 sæta sófi, 2 stólar og borð, með pullum. Fæst í BYKO Breidd, Akureyri og Selfossi.

59.900

Vnr. 41616001
Garðborð
Átthymt borð, Iron Wood viður, 1770x30 mm.

28.900 kr.

Vnr. 41616019/24
Snúningsdiskur
Snúningsdiskur, Iron Wood viður, 600mm eða 760 mm.

Verð frá **4.990** kr.

Vnr. 41616010
Garðstóll
Garðstóll með stillanlegu baki, Iron Wood viður.

7.990

Vnr. 41616003
Garðborð
Sexhyrnt borð, Iron Wood viður, 1500x30 mm.

23.900



Vnr. 50630104
Gasgrill
OUTBACK HUNTER PLUS gasgrill, 60x50 cm grillflötur, 3 brennarar, grillgrind úr postulfnshúðuðu pottjárnri, emelerað stál og ál. Neistakveikjari, hitamælir, efri grind, þrýstjafnari og grillsteinar. Kemur samsett fyrir utan fætur og hliðarborð. Fitubakki, mjög auðvelt að hreinsa. Þrýstjafnari og slanga fylgir.

44.900

Vnr. 50632102
Gasgrill
ELEGANT UNION gasgrill með tveimur brennurum, pottjárn í grillgrind, 8,6kW. Grillflötur 50x41 cm. Neistakveikjari, hitamælir, efri grind og fitubakki. Mjög auðvelt að hreinsa. Þrýstjafnari og slanga fylgir.

19.900

Vnr. 50630100
Gasgrill
OUTBACK gasgrill Omega 200. Stærð: 55x36 cm, grillflötur með tvískiptum brennara, hliðarborði, neistakveikjara, þrýstjafnara og grillsteinum.

11.900

BETRA

S



Vnr. 50630001

Ferðagasgrill

OUTBACK ferðagasgrill, grillflötur, 42x27 cm, grillgrind úr pottjárni. Þrýstijafnari og slanga fylgir.



OUTBACK

5.900



20" REIÐHJÓL

Vnr. 49620012-13

Fjallahjól

20" fjallahjól með tveimur dempurum, Shimano gírabúnaði, álfelgum, brettum og diskabremsum. 6 gíra, silfur/blátt eða svart/rautt.

13.900



26" REIÐHJÓL

Vnr. 49620018-19

Fjallahjól

26" fjallahjól með tveimur dempurum, Shimano gírabúnaði, álfelgum, brettum og diskabremsum. 21 gíra, silfur/blátt eða svart/rautt.

22.900

VERÐ
VERND

BYKO

Það eru alvöru demparar á þessu!


26" REIÐHJÓL

Vnr. 49602607-10

Fjallahjól

24" eða 26" fjallahjól með tveimur dempurum, Shimano gírabúnaði, álfelgum og V-bremsum. 21 gíra, silfur/rautt eða blátt/svart.

19.900



Verð frá

4.990

7.050

Vnr. 39008550-1

Reiðhjólstatíf

GHA reiðhjólstatíf fyrir 3 eða 5 hjól.

5.990

Vnr. 50692300

Reiðhjólstóll

ERGON reiðhjólstóll.



Verð frá

2.490

MIKIÐ ÚRVAL
AF LIMAR
REIÐHJÓLAHJÁLUM

UMAR

í verðunum BYKO!



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

Listahátíðin í Reykjavík hefst í dag.

Sköpunargleðin í fyrirrúmi

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Listahátíð hefst í dag og er mikið um að vera á samkomustöðum víða um borg og í nálægum og fjarlægum byggðum. Hátíðin er með stærra móti og hefur höldurum tekist að setja saman fjölbreytilega og áhugaverða dagskrá. Er nú sýnt að sú ráðstöfun að gera hátíðina að árlegum viðburði var rétt. Þótt hin opinbera dagskrá standi aðeins í rúmar tvær vikur dreifist atburðaskráin á enn lengri tíma – allt til haustsins. Í kringum hátíðahaldið má sjá ýmis merki þess að vorverkin reynist íslenskum listamönnum drjúg: víða eru viðburðir af ýmsu tagi utan við hina opinberu dagskrá sem nýta sér að listir eru almennt í brenni-depli þessa maídag á skilum vetrar og sumars. Þannig reynist hátíðin hvati fyrir fleiri en þá sem beinlínis fá inni á hinu opinberu dagskrá.

Hlutur fyrirtækja sem stöðaðila og styrktaraðila hefur aldrei verið meiri en nú og fer stigvaxandi. Má sjá þess víða merki um listasamfélagið að fyrirtæki, bæði í einkarekstri og oinberri eigu, taka alvarlega þá kröfu samtímans að atvinnulífið leggi beint til listanna og þátttöku almennings í sköpun utan við hversdagslegt amstur.

Það er jafngott: nú við gátt alþingiskosninga kalla listamenn eftir stefnu stjórnvaldaflokka og kemur í ljós að á öllum bóllum halda menn sig við gamalkunnug mið. Sköpunarmáttur listanna ætti að kalla á skýr viðbrögð, en þeir halda sig við sama heyrðshornið, ríkjandi ástand er best á þeim parti vallarins. Nú blasir við sterkur vilji listamanna til að brjóta sér nýja markaði handan við höfin: listamenn finna sér sumpart skjól hjá hinu opinbera rétt eins og einkafyrirtækjum í erlendri sóknarstöðu. Hvernig sjá stjórnvaldaflokkarnir þann hluta útrásarinnar?

Styrktarkerfi listanna í landinu er fast í sessi: er ekki rétt að meta þátt þess í menningunni? Á að auka til þess fjármuni og leggja þiggjendum á hendur skyldur? Hvernig sjá menn hlut menningarhúsanna sem eru að rísa víða um land? Er forræði fornra ríkisstofnana í leik, dansi, tónlist og sýningarhaldi sjálfsagt? Gera bættar samgöngur ekki kröfu til þess að listirnar fari víðar en til erlendra borga í fjarlægum heimsálfum? Fyrst spilað er og dansað í Hamborg og Peking, má heimsækja Hornafjörð og Patreksfjörð.

Listahátíðin vekur okkur líka til umhugsunar um hlut listsköpunar í skólakerfinu: þar hafa verklegar greinar sem kenna börnum tókin á helstu tækjum til sjálfstjáníningar vikið fyrir auknum hlut bóklegra greina. Er það hollt? Á engum aldri er mannshugurinn eins móttækilegur fyrir örvun á sviði sköpunar og í bernskunni. Það er sannað að nái einstaklingur tókum á sköpun á unga aldri býr hann að því ævilangt í verkum á nánast hvaða vettvangi sem er.

Opnun Listahátíðar í dag verður haldin í Listasafni Íslands innan um verk CoBrA-hópsins. Meðlimir hans endurskipulögðu myndmál Evrópu um miðja síðustu öld og sóttu viðmið sín í bernska hugarheima, litagleði og hvatvísi æskunnar. Frelsi sköpunarinnar var þeim æðst gilda. Það er hollt að taka þau viðmið á ný til brúks: listin getur gert okkur öll jöfn. Þar erum við á sömu startlínu og handan hennar eru okkur engin mörk sett. Þaðan getum við flogið. Til hamingju.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
 AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir
 FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir
 FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson.
 Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.
 ISSN 1670-3871

Aðalfundur

Aðalfundur Nýrrar dögunar verður haldinn í Neskirkju í kvöld 10. maí kl. 20.
 Venjuleg aðalfundarstörf. Allir velkomnir.
 Stjórnin



NÝ DÖGUN

Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

FRÁ DEGI TIL DAGS

Mismarkttækar kannanir

Í hádegisfréttum RÚV í gær var fyrsta frétt um stórsókn Framsóknarflokksins sem hafði tvöfaldað fylgi sitt á tveimur dögum samkvæmt skoðanakönnun Capacent Gallup. Framsóknarmenn voru að vonum kampakátir með þessi tíðindi og brandarinn um þilsnerfygli flokksins fokin út í veður og vind. Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, fjallaði um könnunina á heimasíðu sinni og sagði greinilegt að þjóðin geri lítið með andröður andstæðinga Framsóknarflokksins, en vilji árangur áfram og ekkert stopp. Daginn áður var Björn Ingi einmitt að velta fyrir sér sveiflum í könnun-



um. „En hvað er svo að marka þessar kannanir? Það er von að fólk spyrji, þegar munurinn milli daga er svona mikill. Lokasvarið fæst auðvitað ekki fyrir en á kjördag, en víst er að þangað til eiga eftir að koma margar kannanir sem jafnvel munu fela í sér mörg og misvísandi skilaboð.“ Svo virðist sem stjórnmálamenn taki helst mark á skoðanakönnunum þegar fylgið er á uppleið - hvernig sem á því stendur.

Skortur á sveitamenningu

Fylgisaukning á allra síðustu metrunum er reyndar ekki óvanaleg hjá þessum flokki sem var stofnaður árið 1916 til að standa vörð um hagsmuni bænda. Á þeim 90



árum sem síðan eru liðin hefur margt breyst í íslensku samfélagi og víst að sveitamennningin er ekki jafn stór partur af þjóðfélaginu og þá var. Breytingin sem orðið hefur kristallast ef til vill í orðum fjögurra ára stúlku sem var stödd í Húsdýragarðinum með móður sinni á dögnum. Mæðgurnar voru staddar inni hjá svínunum og þar sem þær virtu þau fyrir sér kippti stúlkan í kápuermi móður sinnar og spurði: „Má ég klappa svínakjötinu?“

sdg@frettabladid.is

Áttatíu ár: Ekki nóg?

Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa setið að völdum á Íslandi ýmist á víxl eða báðir í einu í 80 ár samfleytt, ef utanþingsstjórnin 1942-44 er undanskilin ásamt tveim skammlífum minnihlutastjórnnum. Þessir tveir flokkar hafa unnið þjóðinni ýmislegt gagn á öllum þessum tíma, það verður ekki frá þeim tekið. Samanlagt kjörfylgi þeirra hefur þó minnkað með tímanum. Þeir fengu 80 prósent atkvæða í þingskosningunum 1931, 70 prósent 1959, 60 prósent 1995 og 51 prósent 2003. Styrkur þeirra á Alþingi hefur jafnan verið umfram kjörfylgið vegna ójafns atkvæðisréttar eftir búsetu og einnig vegna þess, að þingsæti um er úthlutað eftir reglu, sem hefur tryggt þessum tveim flokkum eitt til tvö þingsæti í forgjöf í hverjum kosningum að minnsta kosti síðan 1971 (nema 1978; þessu er lýst í bók minni Tveir heimar, 2005). Samanlagt fylgi þeirra hefur aðeins tvisvar sokkið niður fyrir 50 prósent. Það gerðist 1978, þá fengu þeir innan við 50 prósent atkvæða, en 53 prósent þingsæta. Þetta gerðist aftur 1987, þegar flokkarnir tveir fengu 46 prósent atkvæða og 49 prósent þingsæta; það er í eina skiptið, sem þessir tveir flokkar höfðu ekki þingsstyrk til að mynda meirihlutastjórn.

Í kosningunum 2003 fengu stjórnarflokkarnir tvö þingsæti umfram þann fjölda, sem þeir hefðu fengið eftir þeirri úthlutunarreglu, sem beitt er í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Stjórnarflokkarnir hefðu þá fengið 32 þingsæti gegn 31 sæti stjórnarandstöðunnar í stað 34 sæta gegn 29. Þá hefði ríkisstjórnin naumast haldið velli 2003. Í öllu falli hefði hún varla enzt út kjörtímabilið. Henni hefði tæplega haldizt uppi að hlaða svo undir einstaka flokksmenn, að þeir urðu sumir milljarðamæringar við einkavæðingu ríkis-



ÞORVALDUR GYLFASSON Í DAG | Brot á stjórnarskrá

bankanna og annarra ríkisfyrirtækja líkt og í Rússlandi. Og hún hefði varla reynt með rússnesku offorsi að loka Fréttablaðinu, Stöð 2 og fleiri fjölmiðlum sumarið 2004. Hún hefði varla heldur gert sér lítið fyrir og vanvirt stjórnarskrána með því að hirða ekki um að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um fjölmiðlafrumvarpið 2004. Að réttu lagi hefði Alþingi átt að kalla saman Landsdóm og

Henni hefði tæplega haldizt uppi að hlaða svo undir einstaka flokksmenn, að þeir urðu sumir milljarðamæringar við einkavæðingu ríkisbankanna og annarra ríkisfyrirtækja líkt og í Rússlandi.

draga ráðherra til refsíabyrgðar fyrir að brjóta stjórnarskrána. Þess verður ekki vart, að frambjóðendur stjórnarflokka telji sig skulda kjósendum skýringar á þessum nýliðnu atburðum. Það er engu líkara en þeim finnist þeir hafa kastað öllum syndum bak við sig með því einu að skipta um formenn. Nema þeir sjái ekkert athugavert við aðförina gegn fjölmiðlunum 2004 og stjórnarskrár-brotið í kjölfar hennar.

Átökin um fjölmiðlafrumvarpið 2004 drógu diik á eftir sér. Þau spilltu andrúmslofti stjórn-

málna, og var það þó þrútið fyrir. Nú er svo komið, að sumir frambjóðendur stjórnarflokka vilja það ekki fyrir sér að þræta fyrir augljósar staðreyndir eins og þá, að ójöfnuður hefur aukizt til muna á Íslandi síðustu ár. Þeir þræta, þótt skýrar vititölur um aukna misskiptingu liggi fyrir í gögnum, sem Geir Haarde, þá fjármálaráðherra, lagði fram á Alþingi 2005 og ríkisskattstjóri hefur skjalfest. Þeir skýla sér bak við skýrslu frá Hagstofu Íslands, þar sem því er haldið fram þvert á allar aðrar marktækar vísbendingar, að ójöfnuður í tekjuskiptingu á Íslandi sé engu meiri en annars staðar um Norðurlönd. Þeir láta eins og það komi málinu ekki við, að skattleysismörk hafa í verðbólgu undangenginna ára hröðlækkað að raungildi, svo að skattþyrði lágtekjufólks hefur þyngzt eftir því fyrir tilstilli ríkisstjórnarinnar. Auk þess búa fjármagnseigendur í efstu þrepum tekjustigens við mun léttari skattbyrði en launþegar. Í stað þess að viðurkenna aukna misskiptingu, biðjast velvirðingar og lofa að bæta ráð sitt, reyna sumir frambjóðendur stjórnarflokka að ljúga sig út úr vandanum. Blákalt. Hver trúir þeim?

Ríkisútvarpið flutti svohljóðandi frétt 27. apríl: „Mikill meirihluti fólks telur að ójöfnuður hafi aukist í íslensku samfélagi á kjörtímabilinu sem er að ljúka. Þetta kemur fram í könnun Gallups, fyrir Ríkisútvarpið og Morgunblaðið. Ríflega 70% telja að ójöfnuður hafi aukist, um 20% telja hann hafa staðið í stað, og 10% telja að dregið hafi úr ójöfnuði.“ Fólkio í landinu sér í gegnum lygavefinn. Frambjóðendur stjórnarflokka hieldu líklega, að lygin gæti hlaupið hringinn í kringum landið, áður en sannleiknum tækist að reima á sig skóna. Þeim varð ekki kápan úr því klæðinu. Það er góðs viti.

Kjósum bjarta framtíð

UMRÆÐAN

Lok samræmdra prófa

Þessa dagana er kosningabarátta flokka og frambjóðenda í algleymingi. Allir keppast við að gefa bitastæð kosningalof orð sem eiga að skapa veröld nýja og góða – með hjálp fjölmiðla sem sjá um að miðla boðskapnum til almennings (okkar hinna).

Baráttumál flokka eru ólík sem og áherslur þeirra en þegar öllu er á botninn hvolft er það markmið þeirra allra að stuðla að sem bjartastri framtíð lands og þjóðar.

Kosningar merkja tímamót, úrslit þeirra hafa ekki einungis áhrif á líf og lífsstefnu frambjóðendanna heldur þjóðarinnar allrar.

Í öllu kosningafárinu vill það gleymast að fleiri standa á mikilvægum tímamótum lífs síns. Þessa dagana þreyta 10. bekkingar í grunnskólum landsins samræmd próf. Niðurstöður prófanna eiga eftir að hafa áferandi áhrif á náms- og starfsval þessara ungmenna í nánustu framtíð og jafnvel fyrir lífstíð. Því er mikilvægt að við styðjum vel við bakið á börnunum okkar, bæði í prófaundirbúningi og próftöku.



MARTA KRISTÍN HREIÐARSDÓTTIR

En lífið er ekki bara mennt og starf. Í skóla lífsins fer ekki síður fram dýrmætt nám. Því miður er það svo að ekki er þó öll lífsreynsla til góðs. Rannsóknir hafa sýnt að margir unglingar hefja áfengisneyslu við lok grunnskóla eða upphaf framhaldsskóla, á tímavarki þar sem líkamlegur og andlegur þroski þeirra er ekki að fullu úttekinn. Slík neysla hefur því oft skelfilegar afleiðingar í för með sér fyrir líf unglingsins eins og ég hef margoft orðið vitni að í mínu starfi. Því eldra sem fólk er þegar áfengisneysla þess hefst, því minni líkur eru á að neyslan hafi alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinginn – hver mánuður og hvert ár skiptir hér máli.

Því vil ég hvetja alla; ungmennin sjálf, foreldra, systkini, aðra ættingja, vini og frambjóðendur allra flokka til að leggja sitt af mörkum til að gera lok samræmdra prófa að vímulausum tímamótum í lífi ungmenna.

Stöndum með unglungunum okkar! Sýnum ástúð. Tökum ábyrga afstöðu. Kjósum unga fólkio.

Höfundur er forvarnafulltrúi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Gullandlitsmeðferðir

eru nýjasta æðid í Japan. Punnt lag af 24 karata gulli er sett á andlitið og er því haldið fram að það eigi að gera húðina stinnari, lýsa hana og draga úr hrukkum. Kostar ein meðferð tæpar 16.000 íslenskar krónur, þannig að það er ekki á hvers manns færi að skella sér í tíma.



Skríðsundsnámskeið

fyrir byrjendur eða þá sem vilja bæta sundtæknina stendur nú til boða í Árbæjarlaug. Hægt er að afla sér frekari upplýsinga um námskeiðið með því að hafa samband við Árbæjarlaug.

Gæludýralína

er nú komin í IKEA á Íslandi. Þar má fá vatns- og matarskálur, leikföng, mottur, körfur, bæli og kisurúm með palli svo fátt eitt sé nefnt, allt að hætti hönnuða IKEA. Hægt er að skoða úrvalið inni á heimasíðunni www.ikea.is.



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ




Makalaust úrval gólfefna!

Í verslun okkar í Ármúla 18 finnur þú fjölbreytt úrval vandraðra gólfefna. Að auki veitum við faglega rágjöf við val þeirra og lagningu.

GÓLFEFNI
TEPPALAND

ÁRMÚLA 18, 108 REYKJAVÍK, SÍMI 515 9800
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 8-18



Skjöldur Eyfjörð segist ekki ætla að hætta við útlitshönnun og hárgreiðslu til að gerast poppari þótt hann sækji söngtíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Popparar þurfa aukavinnu

Skjöldur sér um útlit stjarnanna og skreppur í söngtíma þess á milli.

Það er aldrei lognmolla í kringum hinn fjölhæfa Skjöldur Eyfjörð. Hann hefur alltaf í mörgu að snúast og verkefni fjölbreytt og skemmtileg.

„Ég er náttúrulega á skrilljón hér á hársnyrtistofunni Supernova og svo hef ég verið að hjálpa Haraþíunum með stíliseringar. Í framhaldi af því fer ég vonandi að vinna með Nylon,“ segir Skjöldur og bætir því við að þegar hann sé ekki að vinna þá reyni hann að mæta í söngtíma í söngskóla Sigurðar Dementz. Spurður hvort hann komi kannski til með að hætta að stíliseru poppstjörnur til þess að gerast poppstjarna sjálfur hlær hann og segist ekki halda það. „Hér á Íslandi lifir enginn á poppinu

einu saman. Það þurfa allir að hafa aukavinnu með, annars endar þetta bara í vitleysu,“ segir hann og bendir á að nú sé Jónsi í Svörtum fötum farinn að vinna við flug. „Sem sannar að allar íslenskar poppstjörnur þurfa að hafa aukavinnu.“

Þegar Skjöldur er inntur eftir því hvað honum þyki skemmtilegast við starfið í hárgreiðslunni segist hann hafa mest gaman af því að breyta útliti fólks til hins betra. „Ég hef lært að það þarf ekki skurðaðgerðir eða vesen til að láta fólk líta stórvél út og mér finnst alltaf svo gaman þegar fólk er tilbúið að gera breytingar á sér. Reyndar finnst mér fleiri og fleiri vera til í slíkt. Fólk hugsar bara „fokkitt, þetta er hár en ekki sálin í mér“ og lætur vaða á breytingarnar í kjölfarið, sem er alveg frábært,“ segir þessi ástsæli útlitshönnuður að lokum.

- mhg

UPPLIFDU FERÐALAGIÐ MEÐ OKKUR!
EXPERIENCE YOUR TRAVELS WITH US!

SVISS - FÆREYJAR - GRÆNLAND

Sviss í sumar - TILBOÐ!

Vikulegt flug til Genfar, 17/6 til 12/8
Verð fram og til baka 42.500 kr með sköttum.
Tilboð í fyrstu brottför 17/6 til Genfar og Zürich með heimkomu 24/6, **kr. 27.000,-** með sköttum.



Færeyjar 23. - 30. maí.

Skondrað um dali og fjöll með Sigrúnu Valbergsdóttur.
Kynnst fallegri náttúru, söguslóðum og mannlífi.
Verð. 115.000,- kr.

Grænland 20. - 27. júlí

Gönguferð á slóðum norrænnar byggðar á S-Grænlandi með Jóni Viðari Sigurðssyni í samvinnu við Ferðafélag Íslands.
Verð. 108.000,- kr.



Hópfæðamiðstöðin
Vesttravel



Hesthóls 10, Reykjavík SÍMI/TEL 587 6000 FAX 567 4969 E-MAIL info@trex.is URL trex.is

Brúðkaupsdagar

Opið í kvöld til kl. 21:00

20%
afsláttur



20%
afsláttur

Opið í kvöld til kl. 21, sýning og ráðgjöf

20%
afsláttur

af öllum vörum á brúðkaupsdögum.

Brúðhjón á brúðarlista fá veglega gjöf frá Unika



20%
afsláttur



20%
afsláttur

Skápar verð
frá 19.800;

Úrval af
borðbúnaði



20%
afsláttur

UNIKA

Fákafeni 9 Sími: 568 6700 Mán-fös. 10-18 og lau 11-16 www.unika.is




Fallegar töscur
 Frábært úrval
Drangey
 Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is

Útskriftarkjólur



Ótrúlegt úrval af flottum útskriftarkjólum

Margir litir, mörg snið



Laugavegi 54, sími 552 5201



Mynstrið fer vel við hár og augu leikkonunnar Sophiu Bush úr One Tree Hill.



Söngkonan Mary J. Blige í loðfeldi með hlébarðamynstri.

Dýrið gengur laust

Hlébarðamynstur skýtur reglulega upp kollinum.

Sebrarendur, snákaskinn og tígrisblettir hafa á ný hafið innreið sína í Hollywood. Hlébarðamynstur er til að mynda sívinsælt á fylgihlutum líkt og skóm, beltum og veskjum. Stjórnurnar sleppa nú villidýrinu lausu og hafa margar fágaðar leik- og söngkonur látið sjá sig í kápum og kjólum með hlébarðamynstri.

Smástimið Alice Eve í fallega mynstruðum kjól.




Paris Hilton þekkir tískuheiminn og tekur þátt í að móta hann. Hlébarðamynstrið á greinilega upp á pallborðið hjá henni.



Leikkonan Denise Richards í kynþokkafullum hlébarðakjól.

Gwen Stefani í fallegri hlébarðakápu.

Sumar 2007
 Ný sending



Caquetria
 tískuverslun
 Rauðarárstíg 1, sími 503 5022




nc
 næs connection
 HÆÐASMÁRA 4
 SÍMI 544 5959

Bolur kr. 4.800

Gallapils kr. 5.990

Hvitt pils kr. 8.990
 einnig fáanlegt svart

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
 FRÉTTABLAÐIÐ



Leggings eru alveg málið núna. Sérstaklega í vorhlýj-
unni sem hefur sótt landið heim. Leggings í öllum litum
og jafnvel munstraðar eru flottar undir síðar peysur,
skyrtur og stutta kjóla.



Til stendur að lappa upp á breska lög-
reglubúninga.

Tískulögga til Scotland Yard

Scotland Yard leitar aðstoðar
hjá nemum í tískuskóla í
London.

Scotland Yard hefur fengið stuð-
ning úr heldur óvæntri átt. Lögregl-
an hefur kallað nema úr Tískuskól-
anum í London til starfa, í þeim
tilgangi að endurhanna lögreglu-
búninginn þar sem hann hefur um
langt skeið þótt hallærislegur og
óþægilegur.

Lögreglumenn hafa um nokkurt
skeið kvartað undan búningnum
og helst yfir því hversu erfitt sé
að athafna sig í honum, til dæmis
við að veita glæpamönnum eftir-
för. Hjálmur lögreglumanna, sem
var hannaður í Skotlandi á sjötta
áratugnum, þykir ekki auðveldi
þeim starfið, sökum þess hversu
hár og klunnalegur hann er.

Verkefni tískunemanna verður
að endurhanna lögreglubúninginn
svo hann standist nútímakröfur,
en vísi engu að síður í þann gamla.
Að svo búnu verður álitit leitað hjá
sérstakri nefnd innan lögreglunnar
og fimmtíu lögreglumönnum af
báðum kynjum, sem verður boðið
að klæðast honum til reynslu. - ve



Skartgripir Ragnhildar Sifjar eru
með léttu sniði.

Skart á netinu

NETVERSLUN MEÐ SLÓÐINA
WWW.JEWELRY.IS SELUR SKART-
GRIPÍ EFTIR RAGNHILDI SIF
REYNISDÓTTUR GULLSMÍÐ.

Ragnhildur Sif er með vinnustofu
heima og þótt skartgripir eftir
hana séu til sölu hjá Ernu í Skip-
holti 3 og Gallery Kynnisferðum
er mesta úrvalið á netversluninni
www.jewelry.is. Þar eru myndir
og lýsingar á hverjum hlut. Eftir-
leikurinn er auðveldur fyrir við-
skiptavininn og hann losnar við
ljýjandi búðarráp.



Sandalar í úrvali



Stærðir 28 - 35
3.995 kr.



Stærðir 41 - 48
12.950 kr.



Stærðir 37 - 42
10.640 kr.



Stærðir 36 - 47
3.995 kr.



Stærðir 28 - 35
1.995 kr.

www.xena.is

SPÖNGINNÍ S: 587 0740
MJÓDDINNÍ S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240

**Gefðu
vatn**

Hjálparstarf
kirkjunnar

Flottir sumarkjólar

Rita

Bæjarlind 6 - s. 554-7030
Eddufelli 2 - s. 557-1730

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

The Suede PS
29 - 35
5.990 kr.

The Suede PS
29 - 35
5.990 kr.

Kart Cat V PS
29 - 35
5.990 kr.

Drift Cat Jr
36 - 39
6.990 kr.

Future Cat Jr
28 - 39
6.990 kr.

Future Cat Jr
28 - 39
6.990 kr.



10% Sumarafsláttur fim-sun

FRIIS **COMPANY**[®]

Laugavegi 55 534-0044 Kringlunni 534-0066

www.friis-co.dk



NÝTT
Fáðu fæturnar mjúkar og finar á aðeins 2 vikum með nýja

Flexitol

Útsöluastaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum. Spar Þín Verslun Kópavogi, Fjarðarkaup Hafnarfirði og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur

Botninn og dýnan verða að vinna saman

Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari segir að að mörgu þurfi að huga við val á rúmi.

„Að mörgu þarf að huga þegar maður velur sér rúm og eitt aðalatriðið er að verða sér úti um góða dýnu,“ segir Kristín Gísladóttir, sjúkraþjálfari hjá Gáska sjúkraþjálfun. „Hryggsúlan verður að vera í beinni línu þegar við sofum. Til dæmis í hliðarlegu, þar sem við sofum mest á hliðinni. Dýnur þurfa því að hafa yfirborðsmýkt undir axlagrindina, en stuðning neðar í dýnunni fyrir mjaðmir.“

Þá mælir Kristín með að fólk fái sér fjaðrandi botn. „Botninn á ekki að vera harður. Fjaðrandi botn eykur á endingu dýnnar. Best er ef axlamýkt er á botninum og sérstyrkt undir mjaðmirnar. Botninn og dýnan verða að vinna saman.“

Kristín segir hæð rúma einnig skipta máli. „Það getur verið allt í lagi fyrir ungt fólk að sofa í lágu rúmi þar sem það á auðvelt með að komast fram úr. Ami eitthvað að fólki í baki, hjám eða mjöðmum eða sé það komið yfir ákveðinn aldur, er aftur á móti óráðlagt að sofa í lágu rúmi. Rúmið verður að vera hæfilega hátt svo auðvelt sé að komast á fætur. Þegar maður situr má mjaðmavinkillinn ekki vera meiri en 90 gráður.“

Rúm eru yfirleitt tveggja metra



Kristín er sjúkraþjálfari hjá Gáska sjúkraþjálfun og veitir ráðgjöf við val á rúmi í Lystadún Marco í Mörkinni 4, alla fimmtudaga frá kl. 16 til 18. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

löng en Kristín mælir með rúmlengingu fyrir hávaxna. „Það er hægt að kaupa sér rúm sem er 2,10 m langt. Hávaxnir verða að geta teygst hendurnar yfir höfuð eins og aðrir. Einstaklingsrúm eiga síðan að vera að lágmarki eins metra breið. Tvíbreið rúm mega hins vegar vera á bilinu 80 til 90 cm breitt hvort.“

Síðast en ekki síst skiptir gerð koddra miklu máli að sögn

Kristínar. „Þeir þurfa að styðja vel undir hálsinn svo þyngd höfuðsins lendi ekki öll á hálsliðunum. Öxlin á að sökkva ofan í dýnuna og koddinn að taka við til að hvíla hálsinn og axlagrindina. Höfuðið á að vera í beinu framhaldi af hryggsúlnunni þegar legið er á hlið. Það á hvorki að halla of mikið niður né upp. Þetta er líka spurning um að prófa sig áfram.“ roald@frettabladid.is

ENGLAKRÖPPAR

Vertu flott í sumar!

Við losum þig við appelsínuhúð slit, slappa húð & aukakíló!
4, 6 og 8 vikna átak í boði
...fleiri frábær tilboð á vefsíðunni okkar
www.englakroppar.is

15% afsláttur á snyrtistofu!
“Fake bake brúnkumeðferð”

ENGLAKRÖPPAR / LANGARIMA 21 / S: 587 3750

Sumar Skautaskóli
í Egilshöllinni fyrir krakka 5-15 ára

Ishokki og Listskautaskólinn býður upp á fjölbreytta dagskrá: skautað er á ís tvisvar á dag, þrekæfingar og myndbandakennsla. Sund er tvisvar í viku. Heitur matur er í hádegis.

SUMAR 2007
7. - 12. ÁGÚST
13. - 18. ÁGÚST

Fjölbreytt dagskrá allan daginn. Sund, fótbolti, limuskautar hlaup

Námskeiðin eru í ágúst
7.-12. ágúst kl: 8-17 þriðjudaga til laugardaga og kl: 8-12 á sunnudögum.
13.-18. ágúst kl: 8-17 mánudaga til föstudaga og kl: 8-12 á laugardögum.
Verð fyrir 1 námskeið: 12.900,-
Verð fyrir 2 vikna námskeið: 17.900,- (en 16.900,- fyrir þá sem eiga reikning í Landsbankanum)
Námskeið hjá Skautaskólanum fyrir byrjendur fædda 1997-2001 er frá 8 til 12 á morgnanna. Verð fyrir byrjenda námskeið er: 4.900,- (en 3.900,- fyrir þá sem eiga reikning í Landsbankanum). ATH!!! Byrjendur get skrá fyrir námskeið 8-17 líka. Krakkar sem eru 9-15 ára sem eiga eða vilja stofna klássu- reikning og krakkar sem eru yngri en 9. ára sem eiga eða vilja stofna sprota-reikning hjá LB fá afslátt.

Landsbankinn
Skráning: www.bjorninn.com
Upplýsingar í síma: 8475366

TR
Europcar
ASETA

Orkugefandi jurtablanda

JURTA APOTEK
KOLBRUN GRASALÆKNIR

Laugavegi 2 • 101 Reykjavík
Sími 552 1103 • www.jurtaapotek.is

Kynpróf veldur deilu

NÚ ER HÆGT AÐ PANTA PRÓF Á NETINU SEM GREINIR KYN FÓSTRA Á SJÖTTU VIKU MEÐGÖNGU.

Nýtt kynpróf hefur valdið miklum deilum í Bretlandi. Prófið er fáanlegt á netinu og getur skorið úr um kyn barns á sjöttu viku meðgöngu með 99 prósentu vissu. Á vef BBC er greint frá því að innan heilbrigðiskerfisins hafi slíkt próf staðið konum til boða í nokkurn tíma en ein- að þau séu ekki ungis ef um hættu á kynbundnum erfðasjúkdómum er að ræða. Prófin sem nú eru notuð sýna kyn eftir 16 vikna meðgöngu. Margir óttast að nýja prófið verði til þess að fóstur verði eytt vegna þess að þau séu ekki af „réttu“ kyni. Talsmenn fyrirtækisins sem selur prófið segja það hins vegar ekki ætlað til slíkra nota. Það sé fyrir fólk sem vilji vita kyn barns síns til að fá betri undirbúningstíma.

Aughnárálitur og augnbrúnalitir
Tana® Cosmetics

NÝTT!!
Plokkari með ljósi

SÖLUSTADIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Flott í sumar

Ný tæki - Léttari greiðslur

LETTARI GREIÐSLUR

BLENDERTONE FLEX 4.995.-
á máni 3 mín. - Verð kr. 14.995.-

BLENDERTONE MAX 6.665.-
á máni 3 mín. - Verð kr. 19.995.-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717



Vorhreingerning hressir alla við. Það er tilvalið að hreinsa út úr skápum, skúffum og geymslu. Fara með burstann í öll horn og lofta vel út.

Svart hvítt og lit
Ljósmyndabjónusta Foldatorgi

Studentamyndatökur
Hæðast 13.3 heft / 10 myndir á skífu
5171160 og 5163872 / 10 myndir á skífu
www.svarthvitt.is / 10 myndir á skífu

EUROVISION-TILBOÐ AF HELSINKI-SÓFUM

25% AFSLÁTTUR VIKUNA 7.-13. MAÍ
BJÓÐUM VAXTALAUSA GREIÐSLUDREIFINGU TIL 6 MÁNAÐA

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI | Sími 564 4400 | Fax 564 4433 | TEKK@TEKK.IS



Falleg málning getur gjörbreytt útliti herbergja og hýbýla. Því er mikilvægt að vanda valið þegar ákvörðun er tekin um liti.

Ég ætla að mála allan heiminn

Vinsælir litir á hýbýlin.

Þegar sólin er komin hátt á loft og lýsir upp hýbýli fólks tekur það eftir því að málningin á veggjunum er komin á tíma. Þess vegna er algengt að fólk ráðist í að mála heimili sín á þessum árstíma. Það er ekki alltaf auðvelt að ákveða

hvaða liti maður á að nota til að þekja veggina og þá er gott að leita til fagmanna og fá upplýsingar um hvað sé vinsælast og hvernig best sé að bera sig að við verkið. Hjá Slippfélaginu hafa nokkrir litir notið mestra vinsælda að undanfögnu og sjáum við hér sýnishorn af þeim litum.



Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is
vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

*Gallup maí 2006 - Vel lesið

nettoline
AÚÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT

Þitt er valið!
Þú velur um að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði

Við hönnum og teiknum fyrir þig!
Komdu með málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherbergjunum - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

20% Allar **Nettoline** innréttingar með 20% afslætti í 3 vikur (Tilboðið stendur 10. - 31. maí)
Á tilboðsdögum veitum við einnig 20% afslátt af raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu

ELBA Eldavélar Ofnar Helluborð Viftur & háfar Uppþvottavélar **Snaigé** Kæli- og frystiskápar **Westinghouse**

20% það munar um minna!
Virka daga kl. 9-18
Laugard. kl. 10-15

Friiform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

Líf hinna: Frábær þýsk kvikmynd um lífið austan megin við Berlínarmúrinn. Þjóðverjar eru á góðu róli í kvikmyndagerð um þessar mundir.

Spiderman 3: Þótt Sam Raimi færirst vissulega aðeins of mikið í fang þá er Köngulóarmaðurinn fyrst og fremst ágætis skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

bíó

bio@frettabladid.is



KVIKMYNDANJÖRÐURINN LÓA HLÍN HJÁLMTÝSDÓTTIR, MYNDLISTARMAÐUR

Vill gera Goonies 2

Hvaða mynd sástu síðast í bíó?

Ég sá *Blades of Glory*

Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?

What ever happened to Baby Jane?

Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?

The Monster Club þegar ég var tíu ára og ég gubbaði af hræðslu. Ég horfði á hana aftur um daginn og komst að því að þetta er gamanmynd með hryllingsívaði. Ég var viðkvæmt barn.

Hefur þú grátið í bíó?

Já á *Breaking the Waves*.

Uppáhalds íslenska persónan:

Búbbi í Skyttunum.

Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:

Morgan Freeman.

Mesta hetja hvíta tjaldsins:

Patricia Arquette í *True Romance*.

Mesti skúrkurinn:

Penguin úr *Batman Returns* en eiginlega af því að hann var svo mikið grey.

Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?

Ég man nú ekki hvað hún heitir á tyrknesku en á íslensku heitir hún Ástin er kaldari en dauðinn. Svei.

Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á mótí þér?

Goonies 2. Tim Burton væri leikstjórinn og Steve Buscemi myndi leika á mótí mér.



FRUMSÝNDAR UM HELGINA



Reaping

Katherine Winter er fengin til smábæjarins Haven þar sem dularfullar plágur herja á þorpssbúa. Þrátt fyrir að Winter telji að þetta allt eigi sér náttúrulegar skýringar eru íbúar Haven sannfærðir um að þetta sé refsing guðs.

Leikstjóri:

Stephen Hopkins

Aðalhlutverk:

Hillary Swank og David Morrissey

Dómar í erlendum miðlum

Imdb.com 5,3/10

Rottentomatoes.com 8%/Rotin

Goal 2

Kvikmyndin um Santiago sem komst óvænt á atvinnusamning hjá enska úrvalsdeildarliðinu Newcastle vakti mikla lukku fyrir tveimur árum. Núna er Santiago hins vegar kominn á mála hjá stærsta liði heims, Real Madrid, og fleiri hlutir heilla heldur en boltspark og knattprautir.

Leikstjóri:

Jaume Collet-Serra

Aðalhlutverk:

Kuno Becker og Alessandro Nivola

Dómar í erlendum miðlum

Imdb.com 6,3/10

Rottentomatoes.com 36%/Rotin



It's a Boy Girl Thing

Nell og Woody eru mestu óvinir í hverfinu og reyna eftir fremsta megni að gera hvort öðru lífið leitt. En stríðið tekur stakkaskiptum þegar þau vakna hvort í líkama hins.

Leikstjóri:

Nick Hurran

Aðalhlutverk:

Samaira Armstrong og Kevin Zegers

Dómar í erlendum miðlum

Imdb.com 6,0/10

Rottentomatoes.com; engir dómar



Beckham gæti breytt boltanum

Körfubolti, hafnabolti, amerískur ruðningur og jafnvel golf hafa gefið vel af sér í bíóhúsum. En vinsælasta íþrótt heims virðist ekki eiga upp á pallborðið hjá kvikmyndagerðarmönnum.

Það telst alltaf til tíðinda þegar kvikmynd um knattspyrnu er frumsýnd og um helgina verður Goal II frumsýnd. Myndin segir frá Santiago sem slær í gegn hjá enska úrvalsdeildarliðinu Newcastle og er í kjölfarið seldur til spænska stórlíðsins Real Madrid. Goal-myndirnar tvær eru einar af þeim örfáu sem gerðar eru um knattspyrnuheiminn en fæstar þeirra hafa náð einhverri útbreiðslu fyrir utan Evrópu og skilað kvikmyndaverunum einhverjum gróða.

Ameríka ræður

Einhver frægasta knattspyrnu-myndin er eflaust *Victory* en þar léku stórleikarar á borð við Michael Caine, Sylvester Stallone og Max von Sydow listir sínar við liðið snillinga á borð við Pelé, Bobby Moore og Osvaldo Ardilles. Bend it Like Beckham kemur síðan næst henni í vinsældum en sú mynd skaut Keiru Knightley eftirminnilega upp á stjörnuhimininn.

En hverjar skyldu ástæðurnar vera fyrir því að knattspyrna hlýtur ekki sömu náð fyrir augum kvikmyndaframleiðenda og körfubolti, hafnabolti og amerískur fótbolti? Af nógu er að taka í heimi knattspyrnunnar og nægir að fletta slúðurblöðunum til að sjá hversu svæsið og krassandi líf atvinnumanna getur verið: Kynlíf, eiturlyf, peningar og konur á höttunum eftir frægð, frama og aurunum. Að ógleymdum Maradona en ævi argentínska snillingsins væri sennilega efni í þrileik. Meginástæðan liggur auðvitað fyrst og fremst í Ameríkumarkaðinum. Þar hefur knattspyrnan ekki jafn sterk ítök og í Evrópu og í huga



DAVID BECKHAM Ferð hans til Bandaríkjanna gæti breytt áhuga stóru kvikmyndaveranna á knattspyrnu.

hins venjulega Bandaríkjamanns er fótbolti bara íþrótt fyrir konur. Enda hefur bandaríska kvennalandsliðið náð góðum árangri á erlendri grund. Veigamikilið atriði liggur í því hvernig íþróttin sjálf er uppbyggð. Knattspyrnuleikur getur oft verið mjög strategískur og leikir fjara hreinlega út í niútu mínútur. Slíkt á ekki við bandaríska neytandann sem er vanur stöðugu áreiti í bandarísku íþróttunum og ef það er ekkert að gerast er bara tekið leikhlé, fáklæddum klappstýrum skellt inn á völinn og nokkrum auglýsingum hleypt að. Þetta er einfaldlega ekki í boði í fótboltanum og er reyndar eftirminnilegt í Mike Bassett: England Manager þegar enski landsliðsvaldurinn ákvað spila stífan varnarleik og fékk heilan leikvang til að sofna úr leiðindum.


Hverju breytir Beckham?

Bandaríkin eru í raun óplægður akur þegar miðað er við hinar gríðarlegu vinsældir íþróttarinnar í Evrópu. Þetta gæti þó breyst og það er ekki síst fyrir tilkomu enska knattspyrnukappans David Beckham. Þótt flestir knattspyrnuáhugamenn hafi sína skoðun á

hæfileikum hans á knattspyrnuevlinum – skoðanir sem eru undir sterkum áhrifum eftir því hvaða liði menn fylgja í ensku úrvalsdeildinni – þá er ekki hægt að horfa framhjá því að Beckham er vinsælasti knattspyrnumaður heims. Og félagaskipti hans til L.A. Galaxy gætu haft mikla þýðingu fyrir útbreiðslu knattspyrnunnar í Bandaríkjunum.

Beckham er vörumerki sem selur úr, rakspíra og aðra hluti sem tengjast knattspyrnuíðkun nánast ekkert. Það telst frétt ef leikmaðurinn skiptir um hárlit eða fær sér nýtt húðflúr. Og það er vafalítið engin tilviljun að hann skuli flytjast til Los Angeles þar sem stjörnur búa og draumaverksmiðjan er rétt handan við hornið.

Það sem meira er; Beckham laðar að frægara fólk á völinn. Hann hefur nú þegar stofnað knattspyrnuskóla í Los Angeles og meðal nemenda þar má nefna fósturson Toms Cruise og Maddox þeirra Angelinu Jolie og Brads Pitt. Þetta eru valdamiklir vinir sem gætu togað í einhverja spotta þegar stóru kvikmyndaverin velja því fyrir sér hvað á að vera næst í tísku.



ÚR VERINU

Til stendur að gera aðra mynd um græna risann Hulk og hefur þeim Eric Bana og Jennifer Connelly þegar verið úthýst en þau léku aðalhlutverk- in í útfærslu Ang Lee af þessari myndasögu- hetju. **Edward Norton** hefur fallist á að leika Hulk og í gær birti Hollywood Re- porter að **Liv Tyler** væri að öllum lík- indum búin að taka að sér hlutverk Betty Ross, ástarinnar í lífi Hulk. Söguþráður nýju myndarinnar er á þá leið að Bruce Banner hyggst lækna sjálfan sig af grænu veirun- um en er kastað aftur inn í hring- iðuna þegar leitin að Hulk hefst á ný.



Og meira af ofurhetjum því ein heitasta fréttin í Hollywood um þessar mundir er að **Brad Pitt** kunnir að leika sjálfan **HeMan**. Sögusagnir eru á kreiki um að Seems Leg- endary Picture hygg- ist festa sögu HeMan á filmu og fá Pitt til að leika prinsinn. Er talið að þær vænting- ar sem gerðar eru til Transformers-mynd- ar **Michaels Bay** hafi vakið áhuga kvikmynda- framleiðenda á þessum gömlu, góðu teiknimyndum frá níunda ára- tugnum.


Og varla er hægt að segja skilið við hinn hallærislega níunda áratug án þess að minnst á **Gordon Gekko** en hreyfing er komin á gerð framhaldsmynd- ar um þennan harðsvír- aða auðjöfur. Kvik- myndin **Wall Street** er ein besta mynd leikarans **Michaels Douglas** þar sem hann fór hamföllum í hlut- verki Gekkos og þeir Edward Pressman, sem framleiddi uppruna- legu myndina, og handritshöfund- urinn Stephen Schiff sitja nú sveittir yfir handritsskrifum fyrir framhaldið. Og vonandi fær Douglas að fljóta með en **Oliver Stone** hefur hins vegar neitað aðild.



Sú kvikmynd sem kvikmyndaunn- endur bíða hvað spennastir eftir hefur hins vegar ekkert með eittis- tímabilið að gera. Coen-bræðurn- ir eru nú í óða önn ljúka við að ráða til sín leikara fyrir **Burn After Reading**. Nýjasta viðbótin er gæða- leikarinn **John Malkovich** en þeir sem þegar eru gengnir til liðs við myndina eru **George Clooney**, **Brad Pitt** og hirðleikkonan **Frances McDormand**. Ekkert hefur verið gefið upp um sögu- þráðinn annað en að þetta eigi að verða besta mynd allra tíma.



NOA®
NOA



Útsöluverkaður
10. - 20. maí Allt að 70%
afsláttur af öllum vörum

Skeifunni 17
Opið: 11:00-19:00
Laugardaga 11:00 -18:00
Sunnudagur 11:00-17:00

BREYTTU
GLITNIS
PUNKTUM
Í PENINGA

GLITNIR



Leyfðu litunum ...

...að taka völdin á eld-húsbörðinu. Í Ikea fást litrík glös á þægilegu verði sem lifga svo sannarlega upp á borðbúnaðinn í sumar. Svo má nota þau sem kertastjaka þegar skyggja fer á ný.

matur&vín

maturogvin@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON TÓNLISTARMAÐUR

Gæti ekki verið án kjúklings

Hvaða matar gætirðu síst verið án? Kjúklings.

Besta máltíð sem þú hefur fengið:

Það var á veitingastaði í París sem heitir Robert & Louise. Ég fór þangað með kærustunni minni síðasta vor og bragðaði þar snigla í fyrsta skipti. Aðalrétturinn var nautalund sem var grilluð í opnu eldstæði við hliðina á borðinu okkar. Þessi staður er þínulítil og er við Rue du Vieilles Temples. Við sömu götu er að finna geðveika ítalska ísbúð. Ég mæli með hvoru tveggja.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Það er helst ef matur er skemmdur eða of saltur. Súrsaður matur finnst mér til dæmis ekki girnilegur.

Leyndarmál úr eldhússkápnum:

Ég á það til að kaupa alls kyns sósur og krydd sem mér finnst ómissandi úti í búð. Svo gleymist þetta uppi í skáp og rennur oftast út.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?

Þá fæ ég mér kjúkling. Ýmist grillaðan í ofni eða steiktan litla stund! Franskar bæði og parísar...léttá mína lund!

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?

Mjólk, ost og skinku. Og bjór. Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?

Ég myndi hafa með mér nokkrar hænur og allavega einn spólgraðan hana.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?

Það er kengúru-carpaccio sem ég fékk í Kaupmannahöfn. En það bragðaðist nú bara vel.



Keppir fyrir Íslands hönd

Steinn Óskar Sigurðsson verður fulltrúi Íslands í keppninni Matreiðslumaður Norðurlanda, sem fram fer í Turku í Finnland 18. maí næstkomandi. Þetta kemur fram á vefnum freisting.is. Steinn Óskar var valinn Matreiðslumaður ársins 2006. Hann er yfirkokkur á Silfri, sem komst á dögum á árlegan Hot List hins virta tímarits Condé Nast Traveller, og ætti því að vera nokkuð vel í stakk búinn fyrir keppnina.

Keppnin tekur sex og hálf klukkustund og þurfa keppendur að framreiða þriggja rétta máltíð fyrir tólf manns. Í forrétt skal matreitt úr lúðu og humri, í aðalrétt er grísahryggur, en rabarbari og trönuberjalíkjör eiga að koma við sögu í eftirréttinum.



EINBEITUR Einbeiting mun skipta miklu máli í keppninni um Matreiðslumann Norðurlanda þar sem Steinn mun elda fyrir tólf manns.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

Kennir körlum að elda

Fríða Sophia Böðvarsdóttir kennir matreiðslu jafnt dag sem kvöld. Hún er heimilisfræðakennari í Víkurskóla í Grafarvogi og heldur jafnframt námskeið í Kvöldskóla Kópavogs.

Fríða hefur kennt nokkur mismunandi námskeið í kvöldskólanum, þar sem hún hefur verið í ein sextán ár. „Ég byrjaði með Gómsæta grænmetisrétti, svo hef ég verið með námskeið sem heitir Bökur og partíréttir og í vetur var ég með hráfæði,“ útskýrir Fríða. Sjálf eldar hún mikið af grænmetisfæði. „Ég var með grænmetisfyrirtæki hérna áður fyrr og var sjálf grænmetisæta,“ segir hún.

Síðustu tvö ár hefur Fríða þar að auki séð um matreiðslunámskeið sem eru sérstaklega fyrir karlmenn. „Ég er með eitt undirstöðunámskeið og annað framhaldsnámskeið,“ útskýrir hún. Fríða segir námskeiðin vera vel sótt og það af karlmonnum á öllum aldri. „Yngsti nemandi minn kom með pabba sínum, hann var ellefu ára. Þetta eru karlmenn sem hafa áhuga á mat, sem eru einstæðir eða ekkjar og eins strákar sem eru svona að byrja að búa,“

GRÓFT BRAUÐ

3 dl vatn
1 msk. ger
1 tsk. salt
1 tsk. hunang
2 msk. sólfrae
2 msk. hörfræ
1 msk. olía
1 dl rúgmjöl
6-7 dl hveiti

Brauð: Hitið ofninn í 180 gráður. Velgið vatn í 37 gráður. Setjið vatn, ger, salt, hunang, fræ og mjöl í skál. Hnoðið deigið þar til það er kekkljaust. Látið hefast í 40 mínútur. Sláðið þá deigið niður og hnoðið það aftur, mótið úr því pylsu og úr henni 8 bollur. Setjið bollur á smurða plötu og látið eftirhefast í 30 mínútur. Penslið bollurnar með vatni og skerið rauf í þær. Bakið í 20-25 mínútur.



POTTRÉTTUR FYRIR VINNUPJARKA Fríða Sophia Böðvarsdóttir kennir karlmonnum að elda í Kvöldskóla Kópavogs. Þar er þessi réttur meðal annars á námskrá.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

útskýrir hún. „Svo er líka algengt að konurnar gefi monnum sínum námskeið í jóla- eða afmælisgjöf,“ bætti hún við. Fríða deilir hér uppskrift að pottrétti

og brauði af karlanámskeiðinu með lesendum. Hún bendir þó á að sé fólk í tímaþróng megi auðveldlega sleppa baununum, eða kaupa þær niðursoðnar.

POTTRÉTTUR VINNUPJARKSINS

200 g hvítar baunir (lagðar í bleyti í sólarhring)
1 laukur, smátt saxaður
1 msk. olía
200 g svínahnakki, í teningum
100 g beikon, skorið smátt
2 lárviðarlauf
3 hvítlausrif, smátt söxuð
1 dós tómatar, maukaðir
1 tsk. paprika
1 tsk. oregano
1 msk. kjötkraftur
2 vænar gulrætur, skornar í grófa bita
1 hnúðkál, skorið í teninga
½ kúrbítur, skorinn í sneiðar
2 dl vatn
2 dl matreiðslurjómi
100 g mozzarellaostur
salt og pipar eftir smekk

Pottréttur: Sjóðið baunir í 50 mínútur. Leggjið til hliðar. Léttsteikið lauk og beikon þar til laukurinn er mjúkur, bætið svínahnakka saman við og steikið áfram örstutta stund. Bætið við tómötum og kryddi ásamt grænmeti og vatni. Sjóðið í 7-10 mínútur. Að lokum bætið þið baunum, rjóma og osti saman við og berið réttinn fram með soðnum hrísgrjónum og grófu brauði.

GRÆN FRAMTÍÐ?



FRAMTÍÐARLANDIÐ BÝÐUR
LANDSMÖNNUM Á TÓNLEIKA
FÖSTUDAGINN 11. MAÍ 2007 KL. 20 Á
NASA VIÐ AUSTURVÖLL. FRÍTT INN.

FRAM KOMA:

- * BENNI HEMM HEMM
- * BOGOMIL FONT & FLÍS
- * SPRENGJUHÖLLIN
- * MR. SILLA & MONGOOSE
- * RETRO STEFSON
- * HJALTALÍN
- * BOB JUSTMAN
- * DJ MUSICIAN

LIST ÁN LANDAMÆRA

26. APRÍL TIL 16. MAÍ

Akureyri 10.maí

Myndlistarsýning Fjölmenntar á Akureyri
Amtsbókasafnið kl.17

Á sýningunni verða verk unnin með mexíkósku þema, innblásin af kjólum Fríðu Kahlo.

Norræna Húsið 12.maí

List án landamæra í Norræna húsinu kl. 15
Á þessari parasýningu leiða saman hesta sína fjölmargir ólíkir listamenn.

Lokahátíð 16.maí

Lokahátíð Listar án landamæra og árs hátíð
Fjölmenntar í Gullhörmum

Frítt er á alla viðburði hátíðarinnar og eru allir velkomnir

www.listanlandamaera.blog.is



Góð vín með grillmatnum

Því er ekki að neita að grillmaturinn setur svip sitt á íslenskt sumar. Eymar Plédel Jónsson, sem kennir reglulega á námskeiðum í Vínskólunum, lumar á góðum ábendingum um hvernig velja á vín með kræsingunum. „Grunnreglan er sú sama og fyrir annan mat: því léttara sem kjötið er, þeim mun léttara á víni að vera,“ sagði hann.

Með þungu grillkjöti mælir Eymar með krydduðu, ávaxtaríku og dálítið eikuðu rauðvíni. „Það er ágætt að leita að kryddi í víninu sem samsvarar kryddinu í matnum. Eikinn fer líka rosalega vel með þessum braseraða keim af grillkjötinu,“ sagði hann. Eymar mælir með Shiraz-vínunum frá Ástralíu. „Vín frá Suður-Frakklandi,



EIK MEÐ GRILLINU Eymar Plédel Jónsson segir eikuð Shiraz-vín fara afar vel með kjöti með grillkeimi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

sérstaklega Roussillon-héraðinu, ganga líka mjög vel. Þrúgan er kölluð Syrah þar,“ útskýrði hann. Eymar segir um að gera að

breyta út af vananum og næla sér í rósavín með grillaða kjúklingnum. „Það má reyndar alls ekki vera sætt, en það eru til nokkur þurr og kraftmikil rósavín sem myndu fara skemmtilega með grilluðum kjúklingi,“ sagði hann. Fyrir þá sem vilja para kjúkling og fisk við hvítvín mælir Eymar með að leita að ávaxtaríku og létt-eikuðu víni. „Þar gæti maður tekið léttikaðan Chardonnay úr nýja heiminum. En ég myndi skjóta á Chile, það gæti verið gaman að prófa það,“ sagði hann.

EKKI MÁ GLEÝMA ÞJÓRNUM Þegar um grillmat er að ræða. „Hann bregst náttúrulega aldrei. Dökkur, belgiskur bjór smellpassar líka með þessu,“ sagði Eymar.

- sun



FRUGLIDAGUR



Ruglverð á Herraskóm í Toppskónum



50% afsláttur af herraskóm 10. - 12. maí

GREIND EHF. - 1720070909

50% AFSLÁTTUR

NEUR30543601
Verð áður: 4.995 kr.-
Verð nú: **2.497 kr.-**

50% AFSLÁTTUR

SPR8A291
Verð áður: 3.995 kr.-
Verð nú: **1.997 kr.-**

50% AFSLÁTTUR

SPR8A291
Verð áður: 3.995 kr.-
Verð nú: **1.997 kr.-**

50% AFSLÁTTUR

NEUR30543501
Verð áður: 4.995 kr.-
Verð nú: **2.497 kr.-**

50% AFSLÁTTUR

NEUR31536705660
Verð áður: 3.995 kr.-
Verð nú: **1.997 kr.-**

50% AFSLÁTTUR

SPR17761
Verð áður: 2.995 kr.-
Verð nú: **1.497 kr.-**

50% AFSLÁTTUR

SPR18054
Verð áður: 2.995 kr.-
Verð nú: **1.497 kr.-**

50% AFSLÁTTUR

SPRM1968
Verð áður: 4.995 kr.-
Verð nú: **2.497 kr.-**

50% AFSLÁTTUR

SPR21855
Verð áður: 4.995 kr.-
Verð nú: **2.497 kr.-**

50% AFSLÁTTUR

NEUR36055101369
Verð áður: 4.995 kr.-
Verð nú: **2.497 kr.-**

50% AFSLÁTTUR

NEUR36056301304
Verð áður: 4.995 kr.-
Verð nú: **2.497 kr.-**

50% AFSLÁTTUR

SPR641508
Verð áður: 3.995 kr.-
Verð nú: **1.997 kr.-**



Sendum í póströfu!

Toppskórin

Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109



MÁN.-FÖS. 11 - 18
LAU. 11 - 16



Sverrir Bergmann snýr aftur

Tónlistarmaðurinn Sverrir Bergmann heldur sína fyrstu tónleika í þrjú ár á Dillon í kvöld ásamt hljómsveit. Ætlar hann að frumflytja lög af sinni fyrstu sólóplötu, en upptökur á henni hefjast í byrjun júní.

„Ég ætla að frumflytja efni sem ég er búinn að semja víðs vegar um heiminn síðustu tvö ár. Það verður mjög gaman að leyfa fólki að heyra þetta og fá smá viðbrögð,“ segir Sverrir, sem lýsir tónlistinni sem alvörugefnu poppi, með fallegu og kröftugu ívafi.

Að sögn Sverris verða tíu lög á plötunni sem hann samdi með hjálp ýmissa lagahöfundna, meðal annars í Englandi, Skotlandi og

Svíþjóð. „Það er rosalega sniugt að hitta annað fólk og fá þetta ferska „stöff“. Þegar maður hittir aðra lagahöfundna kemur alltaf ákveðinn andi yfir mann, eins og þegar bönd eru að byrja þá semja þau besta „stöffið“ sitt. Þetta er eitthvað sem Íslendingar mættu gera meira af, að hittast úr ýmsum áttum og semja lög. Ég er mjög spenntur og stoltur af þessu efni sem ég er að fara að flytja. Ég er búinn að semja sjötíu lög og þetta er rjóminn af því.“

Stefnt er að útgáfu plötunnar hér heima í lok sumars og einnig í Bretlandi. Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 22.00.

- fb



SVERRIR BERGMANN Sverrir heldur sína fyrstu tónleika í langan tíma í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



HASSELHOFF Hér með fyrrverandi eigin konu sinni, Pamela Bach.

Bannað að hitta dætur

Leikaranum og fyrrverandi strandverðinum David Hasselhoff hefur verið meinað að hitta unglingsdætur sínar tvær eftir að myndband af honum druknum var gert opinbert.

Eftir að hafa séð myndbandið ákváðu domstólar í Los Angeles að banna honum að hitta dæturnar um óákveðinn tíma. Hasselhoff, sem skildi við eigin konu sína í fyrra eftir sextán ára hjónaband, hefur viðurkennt að hafa orðið á í messunni en segist vera á batavegi.



BUFF Hljómsveitin Buff tekur upp nýtt lag í dag.

Buff tekur upp

Hljómsveitin Buff verður önnur kafin á næstu dögum. Upptökur á nýju lagi eftir píanóleikarann Stefán Gunnlaugsson hefjast í dag auk þess sem sveitin spilar á Players á föstudagskvöld og á Gauknum kvöldið eftir. Að sögn Hannesar Friðbjarnarsonar trommara stefnir sveitin á að gefa út plötu seinna á árinu, sem yrði sú þriðja í röðinni. Síðast gaf Buff út plötuna Selfoss árið 2005.

Sömu líkur eru á falli og frama

Það gastaði ekki mjög af Eiríki og félögum hans í Eurovision á aðalæfingu undankeppninnar. Lagið komst þó vel til skila enda fagmennska í fyrirrúmi hjá íslenska liðinu. Ómögulegt þykir að spá um framhaldið.

„Líkurnar á því að við komumst áfram úr undankeppninni eru fifty-fifty,“ segir Eiríkur Hauksson um möguleika Íslands á að komast upp úr undankeppni Eurovision í kvöld. „Ég vil nú bara vera hógvær í tengslum við þetta, þó maður voni auðvitað það besta,“ segir hann.

Aðalæfing undankeppninnar í gær tókst vel. Það gastaði ef til vill ekki jafn mikið af íslenska hópnum og venja hefur verið, enda baráttan um athyglina afar hörð. Hollenska söngkonan Edsilia Rombley mundi textann, en hann hefur vafist fyrir henni á æfingum hér

í Finnlandi. Norska söngkonan Guri Schanke var ekki sökuð um að vera nærbuxnalaus á sviðinu í þetta sinn. Vesalings Norðmennirnir hérna eru miður sín eftir að óprúttir ljósmyndarar héldu því fram að Schanke væri brókarlaus á myndum sem þeir tóku af henni á þriðjudag.

Söngur hinnar serbnesku Mariju Serifovic var líklega sá sem hreif salinn mest í þetta skiptið, en þeir eru nokkrir sem spá því lagi sigri. Söngkonan er þó ekki á meðal þeirra keppenda sem fjölmiðlar veita mikla athygli, nema þegar þeir benda á að Serifovic sé ekki jafn fríð og flestir aðrir kvenkyns keppendur. Þann eiginleika virðist hún ýkja fremur en fela og undraðist fólk að á sviðinu í gær var hún með þykk gleraugu, en þeim hefur hún ekki þurft á að halda hingað til. Framlagið virðist þó hafa heillad áhorfendur.

Danska draggdrottningin DQ var heldur þróttlaus á sviðinu og virtist eiga í erfiðleikum með hæstu tónana. Flestir virðast nokkuð vissir um að lag hennar komist upp úr undankeppninni, það þykir nefnilega hafa það sem kallað er réttur Eurovision-taktur. Allir geta klappað með eftir fyrstu tvær laglínurnar. Það söngatriði sem erfiðast þykir að spá fyrir um er frá Ísrael. Annaðhvort heillast fólk af hamagangi Ísraelanna á sviðinu eða hrökklast frá skjánum.



ÓLJÓŠ FRAMTÍÐ Spekingar segja erfitt að spá um gengi framlags Ísraels. Annaðhvort heilli hamagangurinn í sveitinni eða fólk hrökklast frá skjánum.



ÞRÓTTLAUS DRAMADROTTNING

Danska draggdrottningin, sem syngur um dramadrottningar, þótti heldur þróttlaus á lokaæfingunni. Laginu er þó spáð velgengni í undankeppninni.



FAGMENNASKA Í FYRIRRÚMI Eiríkur og íslenska Eurovision-teymið komu laginu vel til skila á aðalæfingunni fyrir undankeppnina, enda fagmenn fram í fingurgóma.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það verður að segjast eins og er að ekki var minnst á Eirík Hauksson þegar talið barst að þeim sem líklegastir væru til að komast upp úr keppninni. Norðurlandþjóðirnir virðast þó afar hrifnar af honum. Reyndar tók danski Eurovision-spekingurinn Adam Hall svo djúpt í árinu að segja Valent-

ine Lost lag sem ætti skilið eitt af efstu sætum aðalkeppninnar. Kynþokki og karlmennska Eiríks hefur mikið verið til umræðu hér í Helsingi en hvort það fleytir Íslendingum fram úr keppinautunum er alls óvíst. „Við segjum fifty-fifty. Það eru bara nokkuð góðar líkur,“ sagði Eiríkur. karen@frettabladid.is



HEIT SENDING AF SUMARBOLUM

FYRSTUR KEMUR, FYRSTUR FÆR

BIRNA

Skólavörðustígur 2.
Sími: 445-2020
www.birna.net

Nærbuxnahneyksli norskrar söngkonu

„Guri var ekki nærbuxnalaus á myndinni,“ segja talsmenn hinnar 45 ára gömlu Guri Schanke sem keppir fyrir hönd Noregs í undankeppni Eurovision. Myndir sem finnskir ljósmyndarar tóku af söngkonunni á æfingu á þriðjudag hafa vakið mikið umtal, en þær þykja sýna að söngkonan hafi verið nærbuxnalaus þegar hún tróð upp. Málið hefur vakið mikinn kurr í Noregi og Finnlandi.

Skýringarnar sem Norðmenn gefa eru þær að Guri hafi ákveðið að vera í húðlitum g-streng undir kjólum, og eðlilega beri lítið á slíkri flík. Það sé þó langt frá því að hún hafi verið nærbuxnalaus.

Meint nærbuxnaleysi þykir orðið skandall keppninnar en ekki



Á ÆFINGU Guri Schanke, keppandi Noregs, ku vera í nærbuxum á þessari mynd þó að myndir finnskra ljósmyndara segi aðra sögu.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

þykir ljóst hvort það eigi eftir að draga úr líkum Norðmanna á að komast áfram.

- kdk



S E A F O L L Y

a u s t r a l i a

4123

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

Nýtt í bíó

Fyrsta stórmynd sumarsins
HEIMSFUMSÝNING

★★★★ FGG - FBL

★★★★ LIB Topps.is

★★★★ T.V. - KVÍKMYNDIR.IS

STÆRSTA ORRUSTAN ER INNRI BARÁTTAN

Landsbankinn **10 LÚXUS**

SPIDERMAN 3 kl. 5 - 8 - 11 B.I. 10 ÁRA

SPIDERMAN 3 SYND Í LÚXUS kl. 5 - 8 - 11

NEXT kl. 5.45 - 8 - 10.15 B.I. 14 ÁRA

PATHFINDER kl. 5.45 - 8 - 10.15 B.I. 16 ÁRA

HILLS HAVE EYES 2 kl. 10.30 B.I. 18 ÁRA

PERFECT STRANGER kl. 8 B.I. 16 ÁRA

TMNT kl. 4 - 6 B.I. 7 ÁRA

ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL kl. 3.45 B.I. 7 ÁRA

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

SPIDERMAN 3 kl. 5.30 - 8.30 - 11.20 B.I. 10 ÁRA

PATHFINDER kl. 8 - 10.15 B.I. 16 ÁRA

INLAND EMPIRE kl. 5.45 - 9 B.I. 16 ÁRA

HILLS HAVE EYES 2 kl. 6 - 8 - 10 B.I. 18 ÁRA

ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL kl. 6

BORGARBIÓ SÍMI 462 3500

SPIDERMAN 3 kl. 6 - 8 - 10.40 B.I. 10 ÁRA

NEXT kl. 6 - 9 - 11 B.I. 14 ÁRA

450 kr. í bíó!

midis.is LÍD! Doolby! DVD! DTS! TTX! BÍÓ.IS - allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

BEIÐGJAF
POWERSÝNING KL. 10 Á
STÆRSTA THX
TJALDI LANDSINS

★★★★ FGG - FBL

★★★★ LIB TOPPS.IS

★★★★ T.V. - KVÍKMYNDIR.IS

STÆRSTA ORRUSTAN ER INNRI BARÁTTAN

Synd kl. 4, 7 og 10-POWERSÝNING B.I. 10

SPIDERMAN 3 kl. 4 - 7 - 10.15 B.I. 10 ÁRA

THE REVENGE OF THE THREE MUSKETEERS kl. 4 - 7 - 10.15 B.I. 10 ÁRA

THE SHOOTER kl. 8 - 10.20 B.I. 16

ÚTI ER ÆVINTÝRI kl. 6 MÍSL TAL

Synd kl. 4, 6, 8 og 10

Synd kl. 6 MÍSL TAL

MIDASALA OPNAR KL. 3.30

www.laugarasbio.is

HÁSKÓLABÍÓ

Stærsta kvikmyndahús landsins

FRUMSÝNING / DAS LEBEN DER ANDEREN / LÍF ANNARRA

ÓSKARSVERÐLAUNIN 2007

BESTA MYND ÁRSINS "ÓMISSANDI KVÍKMYNDAPERLA!" - S.V. MBL

★★★★★

the lives of others

★★★★★ kvikmyndir.com

ATH: EKKERT HLÉ OG MIDASÖLU LÝKLIR ÞEGAR SÝNING MYNDAR HEFST

NICOLAS CAGE JULIANNE MOORE JESSICA BIEL

NEXT

14

★★★★★ EMPIRE

★★★★★ VJV.TOPPS.IS

SUNSHINE

16

HOT FUZZ

16

Heimavöllur íslenskrar kvikmyndagerðar

KÖLD SLOÐ 2 FYRIR 1

12

MYRIN 2 FYRIR 1

12

HÁSKÓLABÍÓ

THE LIVES OF OTHERS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	B.I. 16 ÁRA
NEXT	kl. 10.15	B.I. 14 ÁRA
SUNSHINE	kl. 10.20	B.I. 16 ÁRA
MYRIN 2 FYRIR 1	kl. 5.40 - 8	B.I. 12 ÁRA
KÖLD SLOÐ 2 FYRIR 1	kl. 5.50 - 8	B.I. 12 ÁRA
HOT FUZZ	kl. 5.40 - 10.10	B.I. 16 ÁRA

HAGATORG www.haskolabio.is SÍMI 530 1919

Sjóveik eftir allar æfingarnar

Singapore Sling heldur upp-
hitunartónleika fyrir Evr-
óputúr á Hressó í kvöld.



RÆNA HVORKI NÉ RUPLA Bibí bassaleikari og hinir í Singapore Sling spila á Hressó í kvöld.

„Við hlökkum mikið til að spila á tónleikum í kvöld. Við erum búin að æfa mjög vel og erum rosalega hress, bara besta hljóm-sveit á landinu, nei besta hljóm-sveit í heimi,“ segir Ester Bibí Ásgeirsdóttir, bassaleikari hljóm-sveitarinnar Singapore Sling. „Við erum búin að æfa svo mikið að ég er orðin hálf sjóveik og hökkuð af hávaða en þetta verður mjög gott. Við spilum slatta af nýjum lögum.“ Stilluppsteypa og DJ Musician koma líka fram í kvöld. Singapore Sling leggur af stað í þriggja vikna tónleikaferðalag um Evrópu á sunnudag. Þau eru með tónleika í Berlín, París, Prag og fleiri borgum auk þess sem þau munu spila á nokkrum tónleikum á Ítalíu. Bibí segir að þau hafi lent í smá vandræðum með þá sem sáu um

að skipuleggja tónleikaferðina með þeim. „Þýska „prómoternum“ okkar fannst mjög töff að búa til plaköt þar sem okkur var líkt við að Suicide, Brian Jonestown Massacre og fleiri bönd færu saman á vikingaskipi til að ræna og rupla, kveikja í þorpum og nauðga fólk. Hann átti mjög erfitt með að skilja að okkur þætti ekkert töff við nauðgandi rokk-vík-inga.“

Þetta var ekki það eina heldur vildi hann æstur búa til boli þar sem á staði „Singapore Sling

nauðgaði mér og brenndi þorpið mitt og allt sem ég fékk var þessi ömurlegi bolur“. „Prómoterinn á afmæli á meðan við erum úti svo við ætlum að gefa honum einn nauðgara-vík-inga bol, kannski við prentum á hann „mér var nauðgað af Singapore Sling“,“ segir Bibí að lokum.

Aron Þór Arnarsson hljóðmaður með meiru leysir Hákon gítarleikara af á tónleikum í kvöld og í ferðinni. Tónleikarnir eru á Hressó eins og fyrr segir og húsið opnar kl 21.30.

Frábær gamanmynd um strák og stelpu og stelpu og strák!

it's a **boygirl** thing

9. HVER VINNUR!

SMS LEIKU

SENDU SMS JA GTF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐ!

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR OG MARGT FLEIRA!

Frummynd 11. maí

SMÁRA BÍÓ REGNBÖGINN BORGARBIÓ



TOM SIZEMORE Leikarinn þekkti hefur átt við fíkniefnavanda að stríða undanfarin ár.

Handtekinn með dóp

Leikarinn Tom Sizemore var handtekinn fyrir utan hótél í Kaliforníu eftir að fíkniefni fundust í bíl hans. Var hann einnig grunaður um að vera undir áhrifum fíkniefna.

Sizemore, sem hefur leikið í myndum á borð við Saving Private Ryan og Heat, var á þriggja ára skilorði eftir að hafa hlotið dóm á síðasta ári fyrir að eiga fíkniefni. Slapp hann við fangelsisvist gegn því að játa sig sekan. Árið 2004 fékk hinn 45 ára Sizemore einnig skilorðsbundinn dóm fyrir fíkniefnanotkun.

AUGLÝSINGASÍMI

FRÉTTABLAÐIÐ **550 5000**

SPIDER-MAN 3 Landbankinn DOLBY

BLADES OF GLORY "…mjög vel heppnuð gamanmynd." SPRENGLÆGILEG MYND FRÁ BEN STILLER!

NEXT NICOLAS CAGE JULIANNE MOORE JESSICA BIEL

BREACH HVER ÞARF UPPHEDIN AD VERA SVO ÞU SVIKIR ÞJÓÐ ÞÍNA... COOPER LINNEY PHILLIPPE

SHOOTER MARK WAHLBERG

SAMbio.is / ÁLFABAKKA			SAMbio.is / KRINGLUNNI			SAMbio.is / KEFLAVÍK			SAMbio.is / AKUREYRI		
SPIDER MAN 3	kl. 3:30 - 6 - 9 - 10:30	B.10	THE GOOD SHEPERD	kl.10:10	B.12	SPIDERMAN 3	kl. 8 - 10	B.10	BLADES OF GLORY	kl. 8 - 10	B.12
SPIDER MAN 3 VIP	kl. 6 - 9		MR. BEAN'S HOLIDAY	kl. 4 - 6	Leyfð	BLADES OF GLORY	kl. 8	Leyfð	MR. BEAN'S HOLIDAY	kl. 8	Leyfð
BLADES OF GLORY	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	B.12	ROBINSON F... M/- ISL. TAL.	kl. 4	Leyfð	THE MESSENGERS	kl. 8	B.16	BREACH	kl. 10	B.12
SHOOTER	kl. 8	B.16	WILD HOGS	kl. 8	B.17	ROBINSON... M/- ISL. TAL.	kl. 6	Leyfð			
BREACH	kl. 8:10 - 10:30	B.12	BECAUSE I SAID SO	kl. 6	Leyfð	300.	kl. 10	B.16			

www.SAMbio.is [575] 8900 www.SAMbio.is

Leiðinda öryggi

Hljómsveitin Bright Eyes, sem reyndar er hálfpartinn eins manns hljómsveit Conors nokkurs Oberst, sló í gegn fyrir tveimur árum með plötunni I'm Wide Awake, It's Morning. Fólk kepptist við að elska að elska hana en ég hins vegar hataði að hata hana. Platan átti samt sína spretti og er í sjálfu sér ekkert slæm.



TÓNLIST

Cassadaga

Bright Eyes

★★

Slöpp tilraun til þess að búa til kántrí fyrir indí-krakka. Oftast óáhugaverð og leiðinleg til lengdar.

hungry for a suitcase or guitar/To think of them all alone in the dark“, ha? Og „Everything it must belong somewhere / A train off in the distance, bicycle chained to the stairs“, smá klisjulykt?.

Platan er reyndar fagmannlega gerð, er sjaldan pirrandi, sumir textar ágætlega samdir, umslagid magnað og örfá lög eru mjög flott. No One Would Riot for Less sýnir kannski best hvers Conor er megnugur. En ef ég á að vera hreinskilinn þá er platan til lengdar einfaldlega leiðinleg.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

FRÉTTIR AF FÓLKI

Brotist var inn í æfingahúsnæði bandarísku hljómsveitarinnar **Smashing Pumpkins** í Chicago. Teknir voru hlutir úr eigu hljómsveitarmeðlima eftir að sveitin hafði lokið æfingum sínum. Búið er að handsama þjófana. Fyrsta plata Pumpkins í sjö ár, **Zeitgeist**, er væntanleg 7. júlí.

Popparinn **Prince** ætlar að halda 21 tónleika í London næsta haust. Eftir tónleikana, sem verða þeir einu sem hann heldur í Evrópu á þessu ári, ætlar hann að taka sér gott frí til að lesa Biblíuna í ró og næði. Miðaverð á tónleikana í London verður 31,21 pund, en síðasta plata hans heitir einmitt 3121.

Hótelstjórinn **Paris Hilton** hefur óskað eftir hjálp aðdáenda sinna til að sleppa við fangelsisdóm með því að setja undirskriftalista á netið. Hilton var dæmd í 45 daga fangelsi fyrir skömmu eftir að hafa brotið skilorð sitt.

Á laugardaginn eru 4 ástæður til að skipta um ríkisstjórn:

LÝÐRÆÐI?

- 2 menn settu Íslendinga á lista þjóða sem studdu stríðið í Írak. 35 komu í veg fyrir þjóðar- atkvæðagreiðslu um Kárahnjúkavirkjun.
- Fjársterkir aðilar hafa eytt milljónatugum til að hlutast til um ákvarðanatöku sveitarfélaga í Hafnarfirði, Reyðarfirði og víðar.

SAMFÉLAG FYRIR ALLA?

- Einkavæðing heilbrigðisþjónustunnar er komin á dagskrá og unnið er að sölu Landsvirkjunar, og þar með orkuauðlinda þjóðarinnar.
- 1. nóvember á þessu ári taka gildi lög þar sem einkaeignaréttur á vatni er festur í sessi og vatn gert að markaðsvöru.

GRÆN FRAMTÍÐ?

Álver verða reist við Húsavík og í Helguvík og virkjanir í Þjórsá og Skjálfandaflióti.

- Losun gróðurhúsalofttegunda hefur aukist hraðar hér en í nokkru öðru landi í Evrópu.

KVENFRELSI?

- Kynbundinn launamunur er 16% og hefur ekki minnkað um eitt einasta prósent.
- 23 af 63 þingmönnum eru konur, 4 af 12 ráðherrum.

Eurovisiontilboð

25% afsláttur

af öllum Diesel og LEE gallabuxum fimmtudag, föstudag og laugardag.

MAMBO

SIJÓNDYRSTOFNA

s. 544 2044

SNÚUM VIÐ BLAÐINU



FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR KR-INGUM 2. SÆTINU Í LANDBANKAÐEILD KARLA 2007

> LYKILMAÐURINN

Björgólfur Takefusa á mikinn þátt í góðu gengi KR í fyrri enda maðurinn sem gerði út um flest alla leiki í sigurgöngu liðsins í seinni umferðinni. Björgólfur skoraði sitt fyrsta mark ekki fyrir 29. júní en skoraði 9 mörk í síðustu átta leikjum. Björgólfur sýndi þá að hann er markaskorari af guðs náð, skoraði mörkin sín á allan mögulegan hátt og með tilkomu sóknjarfari manna við hlið hans ætti Björgólfur að verða líklegur kandidat í að verða markakóngur Landsbankaþeildar karla 2007.



Verður silfrið að gulli?

Fréttablaðið heldur áfram að telja niður að Íslandsmótinu í knattspyrnu og Við spáum KR-ingum öðru sætinu. Teitur Þórðarson gerði frábæra hluti með KR í fyrri og undir hans stjórn reif liðið sig upp úr ládeyðu tímabilanna á undan. Liðið náði 2. sætinu í deildinni, komst inn í Evrópukeppni- na á ný og fór alla leið í bikarúrslitaleikinn. Teitur tók allan meistaraflokkinn í gegn og í fyrsta sinn í mörg ár voru vesturbæingar í einu besta forminu af öllum liðum deildarinnar. KR var í vandræðum fram eftir móti og tapaði sex af fyrstu 11 leikjum sínum þar á meðal 0-5 fyrir falliði Grindavíkur. Lokaspetturinn var hinsvegar glæsilegur og eitthvað sem má byggja á í sumar.


KR-ingar sættu sig við hreinsanir Teits og það að liðið spilaði varnarsinnaðan

fótbolta. Leikskipulagið skilaði árangri. KR hefur styrkt sig gríðarlega í vetur og ekki síst framfarlega á vellinum. Ef af komu Rúnars Kristinssonar verður er ljóst að Teitur Þórðarson er kominn með frábært og sóknjarft lið í hendurnar. Stuðningsmenn KR-inga biða spenntir og vonast til að sjá Rúnar stjórna umferðinni á KR-mið- unni í fyrsta sinn í þrettán ár. Hvort KR-ingar geti ógnað FH á toppi deildarinnar á hinsvegar eftir að koma í ljós. Teitur þarf vissulega sinn tíma til þess að finna út hvaða leikskipulag og hvaða leikmenn passa saman og það gæti bara verið orðið of seint takist honum það ekki í upphafi mótsins. Verði liðin hinsvegar á svipuðum stað þegar þau mætast á KR-vellinum 14. júní ættu KR-ingar að hafa alla burði til þess að keppa að alvöru við FH-inga um Íslandsmeistarartitilinn 2007.



> X - FAKTORINN

Rúnar Kristinsson er á heimleið og vill eflaust klára það sem vantar til að kóróna glæsilegan feril - að verða Íslandsmeistari með KR. Rúnar lék átta tímabil með KR frá 1987 til 1994 en aldrei kom titillinn. Koma Rúnars nú gæti verið síðasta þúslið í meistaralið KR enda hefur liðið vantað skapandi mann á miðjuna.



OKKAR EINKUNN 1-10

ÞJÁLFARI 9
MARKVARSLA 9

VÖRN 8
MIÐJA 9

SÓKN 10
BREIDD 9

LIÐSSTYRKUR 9
HEIMAVÖLLUR 10

ÁHORFENDUR 10
HEFÐ/REYNSLA 10

Gengi í vormótum 2007
Sigrar Jafntefli Töpp

GENGI SÍÐUSTU ÁRA

2006 2. sæti

2005 6. sæti

2004 6. sæti

2003 1. sæti

2002 1. sæti

2001 7. sæti

Teitur Örlýgsson verður næsti þjálfari Njarðvíkur í Iceland Express deild karla:

Alltaf sömu kröfurnar í Njarðvík

KÖRFUBOLTI Teitur Örlýgsson verður næsti þjálfari Njarðvíkinga í Iceland Express deild karla í körfubolta og tekur við starfi Einars Árna Jóhannssonar.

„Það er tilhlökkun í mér. Ég verð væntanlega með sama kjarna. Það er orðið pottþétt að Brenton Brimingham, Friðrik Stefánsson og Jóhann Árni Ólafsson verði áfram. Egill Jónasson er eitthvað að skoða sín mál og svo á eftir að klára Guðmund Jónsson. Þarna er kjarninn kominn og svo verða ungu strákarnir áfram,“ segir Teitur en ekki er víst hvort Igor Beljanski verður með liðinu næsta vetur.



MARGFALDUR MEISTARI Njarðvíkingurinn Teitur Örlýgsson.

„Það eru alltaf sömu kröfur hér í Njarðvík, að vinna sem flesta leiki og vonandi einhverja titla. Ef okkur tekst að halda öllum þessum mönnum þá verðum við með hörkulið,“ segir Teitur sem hefur unnið tíu Íslandsmeistararitla sem leikmaður Njarðvíkur.

„Ég er með aðrar áherslur, annars væri ekki þessi löngun hjá mér að taka við þessu. Ég er bæði með mínar hugmyndir um öðruvísi sóknarleik og öðruvísi varnarleik,“ segir Teitur sem veit að draumastarfið verður allt annað en auðvelt. „Nú reynir á mann,“ bætir Teitur við.

- ógj



KOLBEINN Hér í leik gegn belgíska unglingslandslíðinu á EM í Belgíu á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJORVÍC

Á laugardaginn eru 4 ástæður til að kjósa Vinstri græn:

LÝÐRÆÐI!

- Tryggjum að tiltekinn hluti þjóðarinnar geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um umdeild mál.
- Eflum grasrótarsamtök og tryggjum aðkomu almennings og frjálsra félagsamtaka að lýðræðislegri ákvarðanatöku.

SAMFÉLAG FYRIR ALLA!

- Burt með komugjöld og sjúklingaskatta. Tryggjum almenningi lægra orkuverð og nýtum hlut ríkisins í Landsvirkjun í þágu skynsamlegrar orkunýtingar.
- Afturköllum lög um einkaeign á vatni og tryggjum að aðgangur að vatni verði áfram hluti af grunnréttindum okkar, líkt og andrúmsloftið.

GRÆN FRAMTÍÐ!

- Stöðvum frekari stóriðjuframkvæmdir og ákveðum hvaða svæði við ætlum að vernda til framtíðar.
- Stofnum loftslagsráð sem vinnur markvisst gegn losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. með vistvænum samgöngum og fræðslu um umhverfismál.

KVENFRELSI!

- Afnemum launaleynd strax og eflum Jafnréttisstofu.
- Vinum að því að tryggja a.m.k. 40% hlut kvenna á þingi og í sveitarstjórn, t.d. með því að hvetja til að fléttulistum verði beitt.



BJÖRT FRAMTÍÐ - með vinstri grænum

Vinstrihreyfingin - grænt framboð
ALLT ANNAD LÍF!



Kolbeinn er samningslaus

Hinn stórefnilegi Kolbeinn Sigþórsson, er samningslaus, aðeins tveimur dögum áður en Íslandsmótið í knattspyrnu hefst. Óljóst hvar hann spilar í sumar.

FÓTBOLTI Kolbeinn Sigþórsson er enn samningslaus og gæti þess vegna spilað með hvaða liði sem er hér á landi í sumar. Svo gæti einnig farið að þessi stórefnilegi sautján ára drengur bíði enn um sinn og semji við erlent lið í sumar.

Mikil óvissa er í kringum Kolbein sem er nýkominn heim úr ferð sinni með U-17 ára landsliðinu sem tók þátt í Evrópumótinu í Belgíu. Hann hefur farið utan í vetur og æft með fjöldamörgum liðum en enn fleiri eru talin hafa augastað á piltinum.

„Við höfum ekki farið í viðræður við HK ennþá. Við komum heim í gær og erum bara nývaknaðir,“ sagði Sigþór Sigurjónsson, faðir Kolbeins, við Fréttablaðið í gær.

Kolbeinn hefur undanfarið ár leikið með HK en er þar fyrir utan uppallinn í Víkingi.

„Við erum að skoða okkar mál núna og ætluðum ekkert að vaða í þau fyrr en þessu landsliðsverkfni lyki,“ sagði Sigþór enn fremur. „Þetta skýrist allt á næstu dögum.“

Halldór Valdimarsson, formaður knattspyrnuþeildar HK, hafði skilning á afstöðu Kolbeins. „Við höfum ekki fengið nein óskiljanlega fá svör,“ sagði hann. „Þetta er ungur maður með marga möguleika á borðinu fyrir framan sig. Það er ekki okkar að beita hann

óeðlilega miklum þrýstingi. Að sjálfsögðu bind ég vonir við að hann spili með okkur en við höldum okkar striki áfram hvernig sem fer,“ sagði Halldór.

Þjálfari HK, Gunnar Guðmundsson, tók í svipaðan streng. „Ég get engu svarað um hvort hann spili með okkur í sumar. Það liggur ekkert fyrir í því máli.“

Kolbeinn hefur þrátt fyrir að hafa verið samningslaus frá síðastliðnu hausti æft með HK í vetur þegar tækifæri gefst til. „Hann hefur lítið getað æft með okkur í vetur þar sem hann hefur æft mikið og keppt með landsliðinu. Þá hefur hann einnig farið mikið til æfinga með erlendum félögum og verið einnig meiddur. Málin hafa þó verið margrædd við Kolbein og hans fólk sem vill þó biða og sjá til með framhaldið.“

Þeir sem þekkja til Kolbeins segja að hann sé á góðri leið með að verða knattspyrnumaður í allra hæsta gæðaflokki. Staða hans er þó þannig að hann er ekki bundinn neinu liði og ekkert því til fyrirstöðu að hann semji við annað lið en HK á næstunni, hvort sem það verði hér á Íslandi eða erlendis.

Fjöldi útsendara fylgdist með leikjum íslenska liðsins í Belgíu og ekki ólíklegt að fleiri fyrirspurnir berist í hann á allra næstu dögum.

eirirur@frettabladid.is

2 daga reynsluakstur Subaru Legacy*



Pantaðu 2 daga reynsluakstur í síma 525 8088

GLITNIR

FJÁRMÖGNUN

Sedan verð frá	2.490.000,-	Bílasamningur Glitnis**	30.243,-
Wagon verð frá	2.640.000,-	Bílasamningur Glitnis**	32.049,-

* SJÁ SKILMÁLA Á WWW.SUBARU.IS ** Bílasamningur miðað við 20% innborgun, eftirstöðvar í 84 mánuði og sérkjör hjá Glitni.

SYMMETRICAL AWD

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00



HEIÐAR HELGUSON Ætlar að berjast fyrir sæti sínu hjá Fulham. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Heiðar Helguson:

Verður áfram hjá Fulham

FÓTBOLTI Heiðar Helguson er ekki á förum frá enska félaginu Fulham þrátt fyrir takmörkuð tækifæri á vellinum í vetur. Hann ætlar að berjast fyrir sæti sínu sama hver stýrir liðinu.

„Það eru tvö ár eftir af samningi mínum við félagið. Ég mun ekki leggja árar í bát heldur berjast fyrir sæti mínu. Það er ekki ljóst hver stýrir Fulham á næstu leiktíð og allt eins líklegt að það verði nýr stjóri. Þá byrja allir jafnir.“

- hbg

Tevez má spila um helgina:

West Ham mun ekki áfrýja

FÓTBOLTI Eggert Magnússon, stjórnarformaður West Ham, staðfesti að félagið mundi ekki áfrýja úrskurði ensku úrvalsdeildarinnar um að sekta félagið um rúmar 700 milljónir króna vegna brota á félagaskiptareglum í haust.

Engin stig voru dregin af West Ham og hafa liðin sem eru í fallbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar með félaginu kannað hvort þau geta leitað réttar síns vegna þessa. Stjórn ensku úrvalsdeildarinnar hefur hins vegar sent öllum félögum bréf þar sem segir að úrskurðinum verði ekki haggð.

Þá var það einnig staðfest að Carlos Tevez má spila með West Ham gegn Manchester United um helgina.

- esá

„Mikilvægur titill fyrir HK“

HK er deildarbikarmeistari karla í handbolta eftir sigur á Stjörnunni í æsilegum oddaleik á Digranesinu í gær. Stjörnumenn voru ósáttir við dómgæsluna.

HANDBOLTI HK er deildarbikarmeistari karla eftir sigur á bikarmeisturum Stjörunnar í oddaleik á Digranesi í gær, 29-28. Leikurinn var æsispennandi og hefði sigurinn getað lent hvoru megin sem var.

